allt

**SIGRÍÐUR GEIRSDÓTTIR**

*Svaramaður þjóðarinnar*

• atvinna

Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



**HERKÚLES OG GULLI**

*Hundar og kettir geta verið góðir vinir*

ELSKA AÐ LEIKA SÉR SAMAN

FÓLK 30 ▶



Hagstæðasta bílalánið

FRJÁLSI

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. júlí 2005 - 198. tölublað – 5. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 550 5000

## SUNNUDAGUR

### Frábær árangur unglingaliða



Íslensku unglingaliðin í körfubolta og knattspyrnu eru að gera það gott á erlendri grund. Landsliðið í körfubolta vann sér sæti meðal þeirra bestu í Evrópu og knattspyrnudrengirnir gáfu stórþjóðum í knattspyrnu ekkert eftir.

ÍÞRÓTTIR 23

### Útsöluhegðun ærir Íslendinga



Útsölubrjálæðingar eru ósköp venjulegir viðskiptavinir stærstan hluta ársins. Þeir eru þó þeim eiginleikum gæddir að í hvert sinn sem útsölur ganga í garð breytast þeir í óþolandi nöldurskjóður eða brögðótta refi. Sóley Kaldal komst að því að þetta er afar algengt og fékk innsýn sérfræðinga í málið.

LÍFSSTÍLL 17

### Stóra Kaupmannahöfn

Norræna bankakreppan situr enn í Dönum og öðrum Skandinövum. Þeir eru varir um sig og hafa ekki enn öðlast sitt fyrra sjálfstraust í viðskiptalífinu. Á meðan spretta upp ung fyrirtæki á Íslandi sem eru langtum fljótari í förum en gömlu kerfin sem lúta lögmálum fyrri tíma.

TÍÐARANDINN 8

## VEÐRIÐ Í DAG





**BJART MEÐ KÖFLUM** Skýjaðra norðaustan og austan til, einkum úti til stranda. Hiti 12-25 stig, hlýjast til landsins sunnan og suðvestan til.

VEÐUR 4

Nýr haust- og vetrarbæklingur fylgir blaðinu í dag



út í heim

ICELANDAIR

www.icelandair.is

# R-listinn hangir á bláþræði

**Fulltrúar flokkanna þriggja í viðræðunefndinni um framtíð Reykjavíkurlistans telja að framboðsmálin skýrist um og eftir verslunarmannahelgi. Framsóknarflokkurinn í Reykjavík norður ályktaði á föstudag um framboð flokksins undir eigin nafni.**

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Forystumenn innan R-listaflokkanna telja að dagar Reykjavíkurlistans séu senn taldir. Ályktun Framsóknarflokksins í Reykjavík norður um framboðsmál flokksins á föstudag hefur hrist upp í viðræðum milli flokkanna og nú bendir ekki til annars en að senn dragi til tíðinda.

Á aðalfundi Framsóknarflokksins í Reykjavík norður á föstudagskvöld var forysta flokksins hvött til þess að hefja undirbúning að framboði flokksins undir eigin nafni fyrir borgarstjórnarkosningarnar næsta vor. Í ályktun sem samþykkt var á fundinum var forystan hvött til þess að bjóða fram undir merkjum Framsóknarflokksins ef ekki næðist samkomulag um framboð R-listaflokkanna, en fullum stuðningi var lýst við fulltrúa flokksins í viðræðunefnd R-listaflokkanna.

Fulltrúar í viðræðunefnd R-listaflokkanna eru sammála um að málefni R-listans muni skýrast um og eftir verslunarmannahelgi. Flokkarnir uni ekki frekari bið enda vilji þeir beina kröftum sínum í kosningaundirbúning ef ekki verði af framboðinu. Enginn fundur hefur verið haldinn í viðræðunefndinni frá því ákveðið var að fulltrúar viðræðunefndarinnar tjáðu sig ekki opinberlega um mál R-listans. Með ályktun framsóknarmanna telja heimildarmenn Fréttablaðsins innan flokkanna að búið sé að rugga bátnum og það geti ekki leitt annað af sér en að viðræðum verði slitið sem fyrst. Gera verði þó úrslitatilraun til að tjasla listanum saman á fundi sem stefnt er að því að halda um eða eftir verslunarmannahelgi.

**-hb / sjá bls. 2**



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**SUMARBLÍÐA VIÐ TJÖRNINA** Sigríður Erla og Jóhann Óli kynntust á tjarnarbakkanum í Reykjavík þar sem þau voru að gefa öndunum brauð. Veðrið lék við höfuðborgarbúa í gær og margir notuðu tækifærið og eyddu deginum í sólskininu. **Sjá síðu 6.**



**GEELY-FÓLKSBÍLL**

Uppgangur í Kína:

## Bílar frá Kína á Evrópumarkað

**KÍNA, AP** Kínverski bílaframleiðandinn Geely Group hyggst sækja á nýja markaði í Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum.

Geely, sem er tiltölulega ungt fyrirtæki, hefur aukið markaðshlutdeild sína í Kína jafnt og þétt undanfarin ár. Geely-bílarnir eru seldir í tæplega 30 löndum í Asíu, Mið-Austurlöndum og Austur-Evrópu. Nú telja stjórnendur fyrirtækisins komið að því að færa enn frekar út kvíarnar.

Geely seldi tæplega 100 þúsund fólksbíla á síðasta ári, sem var 27 prósenta aukning frá árinu áður. Af hundrað þúsund bílum voru ríflega fimm þúsund fluttir út. Stefnir fyrirtækið að því að tvöfalda útflutninginn á þessu ári. Geel- fólksbílarnir kosta frá 300 þúsund króna upp í 800 þúsund en flaggskipið, sportbíllinn Beauty Leopard, kostar 1,4 milljónir króna. ■

Mannskæð hryðjuverkaárás í Sharm-el Sheik í Egyptalandi:

# Óttaslegin eftir upplifunina

**HRYÐJUVERK** „Við sáum rauð-appelsínugulan eldgíg á himninum og um fjórum sekúndum síðar fundum við mikinn þrýsting og heyrðum háværa sprengingu,“ segir Jóna Þorvaldsdóttir, sem ásamt sex öðrum Íslendingum, tveimur fjölskyldum, er stödd á ferðamannastaðnum Sharm-el Sheik í Egyptalandi, þar sem sprengjuárásin var gerð aðfaranótt laugardags. Engan Íslendinganna sakaði.

„Við sátum á svölunum á hótelinu þegar við urðum vör við mikla sprengingu, svo allt nötraði hjá okkur,“ segir Jóna. „Þegar önnur sprengingin varð fór ekki á milli mála hvað var um að ræða,“ segir hún.

Jóna segist hafa orðið virkilega óttaslegin fyrst í stað, ekki síst vegna tilhugsunarinnar um að kvöldið áður hefði hún, ásamt fjölskyldu sinni, verið stödd í næsta nágrenni sprengjustaðarins, þar sem þau hafi snætt kvöldverð á veitingastað og kíkt í búðir í verslunarmiðstöð sem nú er rústir einar. „Við keyrðum framhjá staðnum þar sem sprengingin varð, aðeins tveimur klukkustundum áður en sprengjan sprakk,“ segir Jóna.

Fjölskyldurnar tvær ætla að halda kyrru fyrir í Egyptalandi um sinn, enda er að sögn Jónu mikil gæsla. Við höfum hins vegar mikil örtröð á flugvellinum. „Okkur finnst við örugg hér enda áætlað, enda er ferðamönnum ráðlagt að halda kyrru fyrir,“ segir Jóna.

**- sda/Sjá síðu 2**





**SPURNING DAGSINS**

*Ásgeir, hvernig gengur strætó?*

„Allir gulir á áætlun!“

Strætó tók í notkun nýtt leiðakerfi í gær. Forstjóri Strætó er Ásgeir Eiríksson.

Formaður kjördæmisráðs Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður:

# Framsóknarmenn þora sjálfir fram

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** „Það hafa verið uppi raddir um að við séum skelkaðir og að við þorum ekki að fara einir fram. Þetta eru skilaboð til hinna flokkanna um hið gagnstæða,“ segir Þorlákur Björnsson, formaður kjördæmisráðs Framsóknarflokksins í Reykjavíkurkjördæmi norður. Ályktun flokksins frá því á föstudag hefur um helgina valdið sterkum viðbrögðum hinna flokkanna, sem telja að með ályktuninni séu dagar R-listans senn á enda.

Þorleifur Gunnarsson, sem situr í viðræðunefndinni fyrir Vinstri græna, segir ályktunina ekki koma sér á óvart. „Framsóknarmenn í þessu kjördæmi hafa alltaf verið á þessari skoðun og þeir hafa alltaf verið á móti R-listanum,“ segir Þorleifur.

Páll Halldórsson, fulltrúi Samfylkingarinnar í viðræðunefndinni, segir að ákvörðun um framtíð R-listans hljóti að verða gerð opinber á næstu dögum. „Ég á von á því að þetta klárist núna einhvern tímann í kringum verslunarmannahelgi. Ég hef í sjálfu sér engin viðbrögð við þessari ályktun framsóknarmanna. Mér finnst eðlilegt að menn hugsi alla möguleika en þetta mun ekki dragast mikið lengur nema eitthvað nýtt komi upp á,“ segir Páll. **-hb**



**VIÐRÆÐUNEFND R-LISTAFLOKKANNA** Hefur ekkert fundað frá því 11. júlí síðastliðinn.



**BUBBI MORTHENS** Ætlar að höfða skaðabótamál á hendur útgáfufyrirtæki tímaritsins Hér og nú.

Tímaritið Hér og nú:

## Bubbi ætlar í mál

**DÓMSMÁL** Bubbi Morthens ætlar að höfða skaðabótamál fyrir meiðyrði á hendur 365 prentmiðlum, sem gefa út tímaritið Hér og nú.

„Við erum búin að senda körfugerð sem engin viðbrögð hafa komið við, þannig að næsta skrefið verður bara að stefna málinu fyrir dóm,“ segir Sigríður Rut Júlíusdóttir, lögfræðingur Bubba. „Þetta varðar sígarettufréttina og það er sá þáttur sem við ætlum að láta reyna á,“ segir Sigríður Rut en með því á hún við mynd sem birtist af Bubba á forsíðu blaðsins Hér og nú undir fyrirsögninni „Bubbi fallinn“. **-at**

Miklir vatnavextir í Jökulsá:

## Brúin lokuð í dag

**SAMGÖNGUR** Miklir vatnavextir eru í Jökulsá á Dal við Kárahnjúka og var brúnni yfir ána lokað um klukkan sjö í gærkvöldi. Að sögn Haralds B. Alfreðssonar hjá framkvæmdaeftirliti Landsvirkjunar á svæðinu er búist við því að brúin verði einnig lokuð í dag þar sem vatnavextir eru miklir í kjölfar hlýnandi veðurs. Fjöldi ferðamanna er á þessum slóðum en lokun brúarinnar mun ekki hamla virkjanaframkvæmdum að neinu leyti. **-hb**



**SPRENGJUÁRÁSIN Á FERÐAMANNASTAÐ Í EGYPTALANDI KOSTAÐI TUGI MANNSLÍFA** Egypskur lögreglumaður stendur fyrir framan rústir Ghazala Gardens-hótelsins þar sem sprengja sprakk aðfaranótt laugardags. Alls sprungu þrjár sprengjur á ferðamannastaðnum Sharm el-Sheik í Egyptalandi. Að minnsta kosti 88 létust og á annað hundrað slösuðust.

# Nærri hundrað létust í sprengjuárás í Egyptalandi

**Á annað hundrað manns slösuðust og 88 létust í sprengjuárás í egypska ferðamannabænum Sharm el-Sheik aðfaranótt laugardags. Sjö Íslendingar eru á staðnum og sluppu þeir allir. Íslamskir öfgahópar tengdir al-Kaída hafa lýst yfir ábyrgð á árásunum.**

**HRYÐJUVERK** Að minnsta kosti 88 létust og á annað hundrað slösuðust í sprengjuárás á ferðamannastaðnum Sharm el-Sheik í Egyptalandi aðfararnótt laugardags. Óttast er að tala látinna muni hækka.

Árásin er hin mannskæðasta í Egyptalandi til þessa. Sjö Íslendingar voru á staðnum en engan þeirra sakaði.

Árásirnar virtust vel útfærðar og skipulagðar. Tvær bílsprengjur með þriggja kílómetra millibili sprungu samtímis klukkan korter yfir eitt aðfaranótt laugardags. Önnur sprakk við kaffihús á svæði sem kallast Gamli markaðurinn. Hin sprakk í anddyri lúxushótelsins Ghazala Gardens sem er í Naama-flóanum, þar sem flest hótelin eru staðsett. Talið er að um sjálfsmorðsárásir hafi verið að ræða.

Þriðja sprengjan, sem talið er að falin hafi verið í tösku, sprakk um svipað leyti og hinar á gönguleið við ströndina þar sem ferðamenn spóka sig gjarnan á þessum tíma sólarhringsins.

Nokkrum klukkustundum eftir sprengingarnar lýstu tveir öfgahópar tengdir al-Kaída yfir ábyrgð á árásinni en það hefur ekki fengist staðfest. Annar hópurinn, sem nefnir sig Abdullah Azzam hersveitirnar, al-Kaída í Sýrlandi og Egyptalandi, var annar af tveimur öfgahópum sem lýstu yfir ábyrgð á sprengingunum á ferðamannastöðunum Taba og Ras Shitan í Egyptalandi í október þar sem 34 létust. Hópurinn lýsti einnig yfir ábyrgð á sprengingum í Kaíró í apríl.

Flestir hinna látnu voru heimamenn en einnig létust að minnsta kosti átta erlendir ferðamenn frá um sjö löndum og tugir eru slasaðir.

Lögreglan færði tuttugu manns til yfirheyrslu, en flestir voru staddir nærri árásarstöðunum þegar sprengingarnar urðu.

**sda@frettabladid.is**

Ökumaður undir Hafnarfjalli:

## Ölvaður á 128 kílómetra hraða

**LÖGGÆSLA** Ökumaður fólksbifreiðar var stöðvaður af lögreglunni í Borgarnesi þar sem hann ók yfir leyfilegum hámarkshraða undir Hafnarfjalli í Borgarfirði skömmu eftir miðnætti í gær.

Mældist ökuhraði hans um 128 kílómetrar á klukkustund. Við nánari athugun kom í ljós að ökumaðurinn var ölvaður og var hann því færður í blóðprufu í Borgarnesi og til skýrslutöku en sleppt að yfirheyrslum loknum. **-hb**



**KLIPPT Á BORÐANN** Borgarstjóri og bæjarstjórar vígja nýtt leiðakerfi.

Nýtt leiðakerfi Strætó:

## Tíðari ferðir á annatímum

**SAMGÖNGUR** Borgarstjóri og bæjarstjórar nágrannasveitarfélaga Reykjavíkur klipptu í gær á borða til merkis um að nýtt leiðakerfi Strætó hefði tekið gildi. Með nýju leiðakerfi er stefnt að því að fjölga ferðum á annatímum en fjölförnustu akstursleiðum munu strætisvagnar aka á allt að tíu mínútna fresti á annatímum. Gjaldskrá Strætó breytist ekki vegna hins nýja leiðakerfis. Þá munu námsmönnum bjóðast hagstæð kjör á ferðum með Strætó. **- hb**






Jarðskjálfti í Japan mældist 6 á Richter:

# Tugir slösuðust en enginn lést

**JAPAN** Á þriðja tug slösuðust í jarðskjálfta í Tókýó í gær sem mældist 6 á Richter-kvarða. Japanska veðurstofan sagði að ekki væri hætta á flóðbylgjum í kjölfar skjálftans.

Fresta þurfti lestarferðum, flugsamgöngur röskuðust um tíma og tugir festust í lyftum.

Jarðskjálftinn reið yfir um klukkan hálf fimm að japönskum tíma og átti upptök sín 90 kílómetra neðanjarðar, rétt austan við Tókýó.

Síðast reið stór skjálfti yfir höfuðborgina árið 1923, þegar 140 þúsund létu lífið, en skjálftasérfræðingar telja að tími sé kominn á annan stóran skjálfta á svæðinu. Skýrsla sem japanska ríkisstjórnin lét vinna á síðasta ári leiddi í ljós að stór skjálfti í Tókýó gæti kostað allt að 12 þúsund mannslíf og eyðilagt 850 þúsund heimili. **- sda**



**BYGGINGAR HRISTUST TIL Í JARÐSKJÁLFTANUM Í GÆR** Hultstur af DVD-myndum eru dreifð um gólfið í myndbandaleigu í Tókýó eftir jarðskjálftann þar í gær.



# Fjögurra vikna námskeið í sumar!

## Taktu þér tak fyrir haustið – næstu námskeið hefjast 3. ágúst

### KARLAR ÁTAK

**Hin sívinsælu Átaksnámskeið eru sérsniðin að þörfum karla.** Áhersla er lögð á að auka styrk og þol og minnka mittismál með brennslu- og styrktaræfingum.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

### PEAK PILATES

**Peak Pilates er æfingakerfi sem hefur farið sigurför um heiminn.** Kerfið býður upp á örugga og áhrifaríka leið til að styrkja, móta og teygja líkamann án þess að auka umfangið eða ofreyna liðamótin. Áhersla er lögð á kviðvöðva og öndun. Hentar fólki á öllum aldri.

#### Peak Pilates fyrir nýbakaðar mæður

Í boði eru sérstakir Peak Pilates tímar fyrir nýbakaðar mæður þar sem æfingarnar eru sérlega hannaðar til að byggja upp kviðvöðva. Börnin eru velkomin með.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**
**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

### KONUR ÁTAK

**Átaksnámskeið fyrir konur er frábær leið til að bæta heilsuna.** Einstakt aðhald, góð fræðsla og ómetanlegur stuðningur. Ávinningurinn er aukið þol og þrek, styrkari líkami og góð andleg líðan.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000.**

### ROPE YOGA

**Rope Yoga sameinar hug, líkama og sál.** Rope Yoga eykur upptöku súrefnis í líkamanum og styrkir kviðinn, miðju líkamans, bætir virkni sogæðakerfisins og beinir orkunni í réttan farveg.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**
**Athugið - takmarkaður fjöldi!**

### JIU JITSU

**Brasilískt Jiu Jitsu** er sjálfsvarnaríþrótt sem hentar báðum kynjum og er kennd í Laugum. Einstakt námskeið þar sem unnið er út frá tækni fremur en styrk. Ávinningurinn er aukið þol, styrkur og samhæfing líkamans.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

### JÓGA

#### Jóga á meðgöngu

Námskeiðið byggist á styrktar-, teygju- og öndunaræfingum til að auðvelda meðgöngu og fæðingu. Aðaláherslan er lögð á mjaðma- og grindarbotnsæfingar, stöður sem styrkja líkamann, öndunaræfingar og slökun.

**Skráning er hafin í Laugum í síma 553 0000.**

**Innifalið í námskeiðunum:** Lokaðir hóptímar, tími hjá þjálfara í tækjasal, frjáls aðgangur að öllum opnum tímum á stundaskrá, tækjasal og Laugardalslauginni.

**Námskeiðin hefjast 3. ágúst og standa yfir í fjórar vikur.**

**Skoðið úrval opinna jóga-, styrktar-, brennslu- og kickbox–tíma á www.worldclass.is**

World Class ICELAND

Laugar - Spöngin - Í húsi Orkuveitunnar

www.worldclass.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 22.07.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 64,24 | 64,54 |
| Sterlingspund | GBP | 112,52 | 113,06 |
| Evra | EUR | 78,06 | 78,5 |
| Dönsk króna | DKK | 10,46 | 10,522 |
| Norsk króna | NOK | 9,795 | 9,853 |
| Sænsk króna | SEK | 8,252 | 8,3 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5789 | 0,5823 |
| SDR | XDR | 93,51 | 94,07 |

*Gengisvísitala krónunnar*

**109,1079**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Atvinnubílstjórar gegn olíugjaldi:

# Stöðva umferð um verslunarmannahelgi

**MÓTMÆLI** Atvinnubílstjórar ætla að loka gatnamótum Vesturlandsvegar og Suðurlandsvegar rétt fyrir verslunarmannahelgina. Lokunin verður annað hvort á fimmtudag eða föstudag en upplýsingar um nákvæmari tímasetningu ætlar hópur atvinnubílsjóra sem standa fyrir lokuninni ekki að gefa út að svo stöddu. Að sögn Sturlu Jónssonar, eins úr hópnum, ætla þeir að „stafla bílum á gatnamótin“ og loka þeim í tvær til fjórar klukkustundir.

„Við erum bara að mótmæla þessari skattlagningu sem ríkið er með á okkur,“ segir Sturla og bætir við að fólk úr hans hópi kaupi olíu fyrir þrjátíu til fimmtíu þúsund krónur á hverjum degi.“ Ef ekki verður hlustað á okkur erum við að hugsa um að loka Reykjanesbrautinni næst og stöðva allt millilandaflug. Mönnum verður að vera ljóst að þetta er það sem koma skal ef menn halda sig ekki á mottunni við að kúga þjóðina því við látum ekki kúga okkur lengur.“ ■



**VÖRUBÍLL Á FERÐ** Að sögn eins úr hópi atvinnubílstjóra er lokunin um verslunarmannahelgina einungis upphaf mótmælahrinu sem hrundið verður af stað ef ekki er hlustað á kröfur þeirra.

Franskir dagar:

# Talsverð ölvun á Fáskrúðsfirði

**ÚTIHÁTÍÐIR** Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði lýkur í dag en lögregla telur að um þrjú til fjögur hundruð manns hafi lagt leið sína í bæinn til að fagna með heimamönnum. Hátíðin hefur gengið stórslysalaust utan nokkurra minni háttar atvika sem lögregla rekur til ölvunar en hún hefur verið töluvert mikil og var talsverður erill hjá lögreglu.

Maður reyndi að hleypa úr dekkjum lögreglubifreiðar en var handtekinn og gisti fangageymslur hluta nætur. Bróðir hins handtekna reyndi síðar að gera athugasemdir við handtökuna og var einnig handtekinn og hnepptur í varðhald.

- hb



**BENEDIKT PÁFI XVI** Benedikt páfi fékk sér gönguferð í náttúrunni í Les Combes d'Introd, nærri Aosta í ítölsku Ölpunum.

Benedikt páfi XVI:

# Fordæmir hryðjuverkin

**HRYÐJUVERK** Benedikt páfi XVI fordæmdi í gær hryðjuverkaárásina í Sharm el-Sheik í Egyptalandi sem framin var í fyrradag. Tugir létu lífið í árásinni og enn fleiri slösuðust. Páfinn var staddur í Les Combes d'Introd, nærri Aosta í ítölsku Ölpunum. Hann kallaði árásina „tilfinningalausan verknað“ og bað hryðjuverkamenn um að láta af ofbeldinu. ■

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**REYNT AÐ KVEIKJA Í BÍL** Á Reyðarfirði var reynt að kveikja í bifreið en búið var að koma pappír fyrir í bensínloki bifreiðarinnar þegar lögregla kom að. Mennirnir sem grunaðir voru um að ætla að kveikja í bílnum neituðu sök en þeir höfðu náð sér í bensín á brúsa sem þeir voru grunaðir um að hafa ætlað að nota til verknaðarins. Einn þeirra var eigandi bifreiðarinnar.

**LÖGREGLAN Á SELFOSSI** hefur fimm ökumenn grunaða um ölvunarakstur í fyrrinótt. Þá misstu ferðamenn stjórn á bifreið á Selvogsheiði og er bílaleigubíll sem þeir óku talinn ónýtur.

**ÖKUMAÐUR FÓLKSBIFREIÐAR** mældist á 150 kílómetra hraða á Mýrdalssandi á föstudag.

# Fórnarlamb lögreglunnar ótengt hryðjuverkunum

**Maðurinn sem lögreglan í London skaut til bana í neðanjarðarlestarstöð á föstudaginn var ótengdur sprengjuárásunum í borginni. Þetta kom fram í yfirlýsingu Scotland Yard í gær. Tveir menn hafa verið handteknir í tengslum við árásirnar.**

**HRYÐJUVERK** Lögreglan í London staðfesti í gær að maðurinn sem lögreglan skaut til bana í neðanjarðarlest í borginni síðastliðinn föstudag hefði verið alls ótengdur sprengjuárásunum sem áttu sér stað í London daginn áður.

Scotland Yard sagði í tilkynningu í gær að maðurinn hefði að öllum líkindum einnig verið ótengdur sprengjuárásunum sem áttu sér stað 7. júlí. Í tilkynningunni sagði jafnframt að atburðurinn hefði verið hryggilegur og að Lundúnalögreglan harmaði hann. Þá kom fram að lögreglan vissi hver hinn látni væri þótt enn ætti eftir að bera formleg kennsl á hann.

Rannsóknarnefnd lögreglunnar mun fara yfir tildrög atviksins. Maðurinn kom út úr húsi sem var undir eftirliti lögreglu vegna meintra tengsla íbúa við hryðjuverkin. Maðurinn var af suðurasískum uppruna og klæddur í þykka úlpu þrátt fyrir sumarhitann og var með bakpoka á bakinu. Lögreglumenn eltu manninn inn í nálæga lestarstöð og skipuðu honum ítrekað að nema staðar. Í stað þess að hlýða því hljóp hann undan lögreglunni, sem elti hann og skaut til bana á stuttu færi.

Talsmaður Samtaka múslima í Bretlandi, Azzam Tamimi, sagði í samtali við BBC að fólk myndi nú óttast að ganga um stræti borgarinnar og að ferðast með neðanjarðarlestum.

„Ég óttaðist að til þessa kæmi,“ sagði hann. „Það er skelfilegt að gefa fólki leyfi til að skjóta einhvern til bana einungis vegna grunsemda, líkt og þarna gerðist,“ sagði Tamimi.

Tveir menn hafa verið handteknir og sæta yfirheyrslu í tengslum við sprengjuárásirnar. Annar maðurinn var handtekinn seinnipartinn á föstudag og hinn aðfaranótt laugardags. Þeir eru báðir í haldi á grundvelli hryðjuverkalaga sem gefa lögreglu leyfi til að halda þeim í tvær vikur án þess að kæra þurfi að koma til.

Lögreglan hefur lýst eftir fjórum mönnum sem grunaðir eru um að tengjast árásunum og taka þúsundir lögreglumanna þátt í eftirgrennslan vegna þeirra. Lögreglan sagði viðbrögð við eftirlýsingunni góð og á föstudag hefðu fjögur hundruð símtöl borist.

**sda@frettabladid.is**



**LÖGREGLAN VIÐ STÖRF** Lögreglumaður tekur myndir á heimili eins mannanna sem hafa verið handteknir.



**EFTIRLIT Á LESTARSTÖÐ Í LONDON** Lögregla sinnir eftirliti á London Bridge-lestarstöðinni í gær. Lögreglan í London sendi frá sér tilkynningu í gær þar sem fram kemur að maðurinn sem lögreglan skaut til bana á lestarstöð í London á föstudaginn hafi verið ótengdur sprengjuárásunum sem gerðar hafa verið í borginni undanfarnar vikur.


## Heilsulind í hálfa öld

1955 - 2005

24. júlí 2005

11:30 Hollvinasamtök Heilsustofnunar stofnuð.
Velunnarar velkomnir.

**13:00 Hátíðin sett í matsal Heilsustofnunar:**
Ávörp flutt
Karlakór Selfoss syngur
Kynnir: Geir Jón Þórisson, varaforseti NLFÍ

**14:00 til 16:00**
- Davíð Smári, Idolstjarna, tekur lagið
- Sundlaugin opin
- Myndlistarsýning starfsfólks
- Skoðunarferð: baðhús, leirböð, herbergi Jónasar Kristjánssonar, gistiaðstaða
- Gestum gefst kostur á að skoða gróðurhús Heilsustofnunar
- Víkingar og trúðar skemmta börnum og fullorðnum
- Þjónustuhús ÍAV verða til sýnis

Ljúffengar veitingar í matsal

**Heilsustofnun NLFÍ- Grænumörk 10 – 810 Hveragerði - 483 0300**
**www.hnlfi.is; heilsu@hnlfi.is • Verið velkomin**


## VEÐRIÐ Í DAG

**LITLAR BREYTINGAR**
Það verða í sjálfu sér ekki svo miklar breytingar á veðrinu í dag frá því sem var í gær. Kannski helst að það gæti orðið heldur skýjaðra þar sem bjartast var í gær.
**VIKAN FRAMUNDAN**
Vel horfir með hana þó dagarnir verði misjafnlega sólríkir. Það verður hægviðri að mestu og hlýtt syðra en þar sem hann andar áfram af norðri verður heldur svalara með norðurströndinni en verið hefur, ekki síst ef þokan og/eða þokusúld gerir sig gildandi.




**Á morgun**




Hæglætisveður.

**Þriðjudagur**




Hæglætisveður.



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 18°C | skýjað | París | 21°C | skýjað | Alicante | 35°C | heiðskírt |
| Ósló | 20°C | léttskýjað | Berlín | 21°C | hálfskýjað | Milano | 30°C | heiðskírt |
| Stokkhólmur | 25°C | léttskýjað | Frankfurt | 21°C | hálfskýjað | New York | 30°C | léttskýjað |
| Helsinki | 17°C | hálfskýjað | Madrid | 35°C | hálfskýjað | San Francisco | 23°C | heiðskírt |
| London | 18°C | skúrir | Barcelona | 28°C | hálfskýjað | Orlando/Florida | 34°C | hálfskýjað |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# ENN FLEIRI VELJA METAN

Það er okkur öllum í hag þegar metanknúnum ökutækjum fjölgar á götum landsins. Því óskum við eftirfarandi nýjum eigendum til hamingju með að velja metan: GT verktakar, Efnamóttakan hf, Sorphirða Reykjavíkurborgar og hjónin Sigrún Guðmundsdóttir og Ævar Örn Jósepsson.

Verum samstíga inn í framtíðina og veljum vistvænt íslenskt eldsneyti. **Veljum Metan!**

metan Esso Orkuveita Reykjavíkur SORPA



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu farið á tónleika í sumar?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 11% |
| Nei | 89% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefurðu ferðast með strætó á þessu ári?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Vísir

Norrænir verkalýðsleiðtogar spyrja út í íslenska fjárfesta:

# Vildu vita hvaðan fjármagnið kæmi

**VERKALÝÐSMÁL** Aðalsteinn Á. Baldursson, formaður Verkalýðsfélags Húsavíkur, vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið á fundi norrænna verkalýðsleiðtoga í matvælaiðnaði á dögunum. Samkvæmt venju ræddi hann stöðu verkafólks, efnahagsástand og helstu verkefni verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi, en þegar hann lauk máli sínu spurðu menn lítið út í skýrslu hans, heldur upphófust spurningar um íslensku fjárfestana sem væru að kaupa banka, verslanir og fleira í nágrannalöndunum. Einkum vildu menn vita hvaðan fjármagnið kæmi.



**AÐALSTEINN BALDURSSON**

„Ég var alls ekki spurður hvort þetta væru rússneskir peningar,“ sagði Aðalsteinn. „Spurningarnar voru mjög varfærnislegar, en maður fann að þeir hafa mikið velt þessu fyrir sér.“ Aðalsteinn sagði Dani mest hafa spurt, en fulltrúar hinna Norðurlandanna hefðu einnig tekið þátt í umræðunum.

Aðalsteinn sagðist hafa átt erfitt með að svara spurningum þeirra til hlítar. „Enda átta ég mig ekki sjálfur til fulls á því hvaðan þessir peningar koma.“ **- grs**




**MAGASIN DU NORD Í KAUPMANNAHÖFN** Fjárfestingar Íslendinga erlendis eru farnar að valda norrænum verkalýðsleiðtogum óróa.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**EIÐIÐ ÚT Í GRÓTTU** Margir lögðu leið sína út í Gróttu í gær.

Veðursæld í Gróttu:

## Fann hauskúpustein

**VEÐRIÐ** Margir nýttu tækifærið og gengu þurrum fótum út í Gróttu á Seltjarnarnesi um miðjan daginn í gær. Mikil fjara var og því hægt um vik að komast út í eyjuna.

Meðal gesta í Gróttu voru Kristófer og pabbi hans, Sigtryggur, sem koma oft í Gróttu en höfðu sjaldan séð hana jafn fallega og í gær. „Sérðu, ég fann hauskúpustein,“ sagði Kristófer og sýndi ljósmyndara Fréttablaðsins steininn sem hann hafði fundið á eiðinu. Þeir ætluðu að njóta góða veðursins enn betur og fara í Perluna að kaupa ís eftir Gróttuheimsóknina. ■



**HAUSKÚPUSTEINN** Kristófer Sigtryggsson fann stein sem var í laginu eins og hauskúpa.



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**VATNSFOSS** Í Nauthólsvík var margt um manninn. Vinirnir Árni Hlynur og Haukur sögðust hafa verið „í allan dag“ í Nauthólsvíkinni og kældu sig undir fossinum úr vaðlauginni.



**GOTT AÐ VERA Á ÍSLANDI** Agnes og Fríða mamma hennar voru að gefa öndunum brauð. „Mér finnst hvergi betra að vera en á Íslandi í góðu veðri,“ sagði Fríða. Agnes sagðist finnast bara skemmtilegt að vera í bænum enda búsett erlendis.

# Rjómablíða í Reykjavík

**Margir höfuðborgarbúar gerðu sér glaðan dag í sólskininu í gær. Iðandi mannlíf var í miðborginni. Nauthólsvíkin líktist Spánarströnd og á Grund sleiktu þær Auður og Ella sólina.**

**VEÐRIÐ** Óhætt er að fullyrða að rjómablíða hafi verið á höfuðborgarsvæðinu í gær á einum heitasta degi sumarsins hingað til. Reykvíkingar og nærsveitungar þeirra flykktust út úr húsum sínum til að njóta veðurblíðunnar. Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofunni náði hitinn rúmum átján gráðum um miðjan daginn og hægur vindurinn dró ekki úr veðursældinni.

„Það verður ljómandi veður hérna áfram en kannski heldur skýjaðra næstu daga,“ sagði Björn Sævar Einarsson veðurfræðingur. Hann býst við að hægviðri ráði áfram ríkjum í borginni en telur einhverjar líkur á því að þoka eigi eftir að draga úr veðurblíðunni.

Þokufréttirnar höfðu þó engin áhrif á viðmælendur Fréttablaðsins, sem brostu blítt framan í sólina í gær ■

DALKÓ

Dalvegur 22 • 200 Kópavogur • Sími 515 2700

Umboðsaðilar Faberca á Íslandi




**Í dag á milli kl 14:00 og 19:00 að Dalvegi 22 í Kópavogi.**

**Fulltrúar frá Faberca í Kanada verða á staðnum og veita faglega ráðleggingar.**

**Margra ára reynsla og þróun við íslenskar aðstæður skila sér í frábærum viðhaldsfríum húsum.**



**Á AUSTURVELLI** Kristín og Kristján höfðu gengið niður Laugaveginn í blíðunni. „Við ætlum út úr bænum á eftir,“ sagði Kiddi, sem fannst veðrið alveg frábært og æðislegt að vera í bænum.



**GRUND** Í garðinum á Elliheimilinu Grund voru Auður Jónasdóttir og Ella Halldórsdóttir í sólinni. Þær höfðu fært sig þangað sem vindurinn blés örlítið því hitinn var of mikill í skjólinu.


HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS ICE 29013 07/2005
HAUST- OG VETRARBÆKLINGURINN ER KOMINN ÚT
Opið í dag frá kl. 13:00 - 16:00 á söluskrifstofunni við Hótel Loftleiðir.
út í heim
ICELANDAIR
www.icelandair.is

# skoðun

SJÓNARMIÐ
JÓN KALDAL

Er staðan glötuð fyrir þá borgarbúa sem hvorki sjá bjarta framtíð undir stjórn R-listans né Sjálfstæðisflokks?

## Viðreisn í Reykjavík

Þótt enn séu um tíu mánuðir til næstu sveitarstjórnarkosninga hefur tæplega farið framhjá nokkrum manni að báðar fylkingar í borgarstjórn Reykjavíkur eru farnar að hvetja vopn sín.

Í Reykjavíkurlistanum snúa reyndar ætlaðir samherjar spjótum sínum hver að öðrum þessa dagana og hafa fyrir vikið útvegað fjölmiðlum gott skemmtiefni á annars hefðbundnum værðartímum. Þótt ekki sé jafn mikill hávaði í sjálfstæðismönnum eru þungar þreifingar hafnar þar um hver eigi að vera borgarstjóraefni flokksins næsta vor.

Ýmislegt bendir nú til þess að flokkarnir sem standa að R-listanum ætli að rembast við að halda samstarfinu áfram fjórða kjörtímabilið í röð þrátt fyrir að löngu sé ljóst að R-listinn er kominn langt fram yfir síðasta söludag.

R-listinn kom eins og ferskur andvari inn í borgarmálin 1994 og vann glæsilegan sigur yfir íhaldinu með framboðslista sem státaði af góðri blöndu af gömlum refum úr borgarpólitíkinni og ferskum nýliðum.

Það verður hins vegar að ítreka þau orð sem áður hafa verið sett hér á blað að ferskleikinn er fyrir löngu farinn af R-listanum. Þess í stað er komið þreytulegt yfirbragð stjórnmálaafls sem heldur í völdin valdanna vegna.

Þegar litið er yfir sveitina hinum megin við borðið, þar sem sjálfstæðismenn sitja, blasir hins vegar ekki við sérlega frísklegur hópur heldur. Minnihlutanum í borgarstjórn hefur mistekist hrapallega að halda uppi eftirtektarverðri stjórnarandstöðu en málflutningur hans hefur fyrst og fremst einkennst af endalausu tuði um Línu-net.

Aðeins rofaði þó til með skemmtilegum skipulagshugmyndum sjálfstæðismanna um framtíðareyjaborgina Reykjavík. Þær hugmyndir eru þó tæplega marktækar þar sem sjálfstæðismenn þorðu ekki að taka af skarið um staðsetningu Reykjavíkurflugvallar, sem er þó brýnasta skipulagsmál borgarinnar.

Er þá staðan glötuð fyrir okkur borgarbúa sem sjáum hvorki bjarta framtíð undir stjórn R-listans né Sjálfstæðisflokks? Nei, enn er langt í kosningar og því hægt að vonast til þess að R-listinn geri borgarbúum þann greiða að hætta að berja í brestina og leysi upp samstarf sitt þannig að flokkarnir að baki honum geti boðið fram undir eigin merkjum og óbundnir.

Þegar inn í þessa sýn er tekið að nýtt fólk mun væntanlega koma í stað hertra átakajálka á borð við Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og Björn Bjarnason – sem aldrei gætu unnið saman – annars vegar á sjálfstæðan lista Samfylkingar og hins vegar hjá Sjálfstæðisflokknum, breytist staðan hressilega.

Og ef Samfylking og Sjálfstæðisflokkur næðu saman eftir kosningar væri kominn öflugur meirihluti sem virkilega gæti látið hendur standa fram úr ermum með umboð yfirgnæfandi meirihluta borgarbúa að baki.

Viðreisn í Reykjavík. Einhver?

Stökktu til Rimini
11. eða 18. ágúst frá kr. 49.990
Síðustu sætin

49.990 í viku
/ 59.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. hjón með 2 börn, 2-11 ára, í íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

59.990 í viku
/ 69.990 í 2 vikur
Netverð á mann, m.v. 2 í herbergi/stúdíó/íbúð í 1 eða 2 vikur (ath. 11. ágúst er aðeins tveggja vikna dvöl í boði). Flug, skattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Heimsferðir bjóða ótrúlegt tilboð til Rimini 11. ágúst í 2 vikur eða 18. ágúst í 1 eða 2 vikur. Njóttu lífsins á þessum vinsælasta sumarleyfisstað Ítalíu. Bókaðu sæti og 4 dögum fyrir brottför færðu að vita hvar þú gistir.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Veiddu ekki saman

Haft var fyrir satt í þessum dálki í gær að þeir hefðu nýlega verið á veiðum saman í Svartá, Páll Magnússon og Davíð Oddsson. Komið hefur á daginn að þetta er ekki rétt. Og það sem meira er; þeir hafa aldrei veitt saman. Er beðist velvirðingar á þessum rangfærslum.

### Furðulegar hugmyndir

Rifjast þá upp útvarpsstjóramálið. Egill Helgason leggur orð í belg á Vísi í gær: „Menn hafa furðulega upphafnar hugmyndir um mikilvægi útvarpsstjóra," segir hann. „Það mætti halda að væri verið að velja í starf guðs almáttugs. Þannig hljóma altént greinar sem eru sendar blöðunum um þessa embættisveitingu. Sveinn Einarsson skrifar hástemmda opnu í Morgunblaðið, Margrét Björnsdóttir segir að útvarpsstjórinn þurfi að vera „afburðamaður" og „gæddur miklum eðliskostum", Ögmundur Jónasson nefnir Þorstein frá Hamri, Jóhönnu Kristjónsdóttur og séra Gunnar á Reynivöllum sem útvarpsstjóraefni – ekki beinlínis fólk sem hefur gefið sig að fjölmiðlarekstri."

### Æðstiprestur



Egill segir þetta enduróma tíma „þegar útvarpsstjórinn var æðstiprestur íslenskrar menningar, gekk eiginlega næstur forsetanum að virðingu (og var heldur ekki ósvipuð týpa) – flutti ávarp á nýársnótt sem þjóðin hlustaði á með andakt. Hann ríkti yfir stofnun þar sem var flutt menningarefni, erindi og sinfóníur. Í starfið þótti sjálfsagt að velja mann sem gjörþekkti íslenska fornmenningu, talaði íslensku með hátíðlegum blæ, gat helst sett saman kvæði sjálfur – þjóðlegan íhaldsmann, mann gamalla gilda. Slíkir menn voru Vilhjálmur Þ. Gíslason, Andrés Björnsson og Heimir Steinsson."

### Bara einn bjór

DV hefur undanfarna daga farið hamförum yfir tískusýningu á vegum Kolbrúnar Aðalsteinsdóttur, Iceland Fashion Week. Erfitt er að átta sig á því hvað það er nákvæmlega sem blaðamennirnir eru ósáttir við. Kannski þessi setning í frétt DV skýri málið: „Verst fannst mörgum þó að það var bara einn bjór á mann". Nefnilega!

gm@frettabladid.is

## Stóra Kaupmannahöfnin

TÍÐARANDINN
SIGMUNDUR ERNIR RÚNARSSON

Nýleg samantekt Fréttablaðsins á kaupum íslenskra athafnamanna á fyrirtækjum í útlöndum hefur vakið athygli enda er engin smámynt að skipta um hendur þessa dagana; vart undir fimm hundruð milljörðum króna. Meðal fyrirtækja sem keypt hafa verið eru bankar, verðbréfafyrirtæki, skipafélög, flugfélög, matvöruverslanir, tískuverslanir og lyfjafyrirtæki. Sumsé, nokkurn veginn allt sem hægt er að kaupa.

Auðvitað undrast útlendingar þetta.

Og spyrja náttúrlega hvaðan allir þessir peningar komi.

Sumir, svo sem Danir, láta sér reyndar ekki nægja að spyrja, heldur gremjast stórlega enda eiga þeir ekki því að venjast að fámennt nýlenduríki þeirra frá fyrri tíð eigi nú bæði haustskipin og kajann, hvað þá að íslenskur fáni prýði virðulegustu verslunarhús þeirra. Menn hafa svo sem brett nasirnar af minna tilefni.




Skýringarnar á þessum strandhöggum íslenskra fjármálaberserkja eru vitaskuld margar en líklega er ein augljósasta ástæðan sú að íslenskt samfélag er frjálslegt og laust við leiðinlegar hefðir og venjur. Allir innviðir samfélagsins eru tiltölulega lausir í sér og hægt að færa til með litlum fyrirvara. Oftsinnis hafa Íslendingar lýst sjálfum sér sem svo að þeir séu svolítið rótlausir í hugsun og þá ekki síður villtir til verka og sjáist ekki fyrir í framkvæmdagleðinni. Á stundum hafa þeir þurft að afsaka sig fyrir að hafa farið fram af meira kappi en forsjá – og þar fyrir utan hafa Íslendingar aldrei verið mjög uppteknir af mótuðum mannasiðum eða njörvað sig niður við hefðbundnar kurteisisvenjur. Þeir eru einstaklingar, fyrst og síðast samsafn sjálfstæðra verkmanna sem telja nágrannaerjur sér miklu fremur til tekna en lasta.

*Íslenskt samfélag er nú um stundir rekið áfram af áræði. Stjórnendur hafa tekið völdin af stjórnmálamönnum og þora ólíkt þeim síðarnefndu að læra af reynslunni, bæði hratt og vel. Vaskleg framganga þeirra vekur athygli, enda verklagið nýtt; þeir taka jafnvel völdin af stjórnum sínum þegar á þarf að halda enda er tíminn fram að næsta stjórnarfundi tapaður tími.*

Það er því að vonum að Íslendingar spyrja einskis þegar þeir róta til í beðum nágranna sinna. Þeim er allsendis sama hvað Norðmenn eða Danir segja um verklag sitt; þeir eru vanir að ganga á að giska hraðar til verks en hugurinn megnar.

Það hefur sannast á síðustu dögum að þessi ókostur þjóðarinnar – sem sumir kunna að kalla svo – er jafnframt helsti kostur hennar þegar kemur að viðskiptum. Viðskipti eru ekki værðarlegt hjal tveggja manna um kaup og kjör. Viðskipti snúast um áræði, ákveðni og eftirfylgni. Og allt um kring er einhver heillandi áskorun.

Það sakar ekki að nú um stundir er ein fjölmennasta kynslóð landsmanna á sínum besta aldri. Íslensk þjóð er óvenjulega ung miðað við margar meginlandsþjóðirnar sem landsmenn eru að berjast við í kauphöllum álfunnar; aðeins fjórðungur þjóðarinnar er yfir fimmtugsaldri, afgangur landsmanna iðar af lífi og framkvæmdagleði – og það sem meira er; menntun. Í því efni skiptir eitt atriði öðru fremur máli; þessi menntun er ekki sótt á sama stað heldur víða um lönd; jafnt vestan hafs sem austan. Fyrir vikið er víðsýnin mikil og sömuleiðis viljinn til að leiða saman ólíkar stefnur og strauma. Í reynd er það svo að fáar þjóðir ferðast jafn mikið og Íslendingar sem halda úti að minnsta kosti tveimur flugfélögum í millilandaferðum – og eiga enn fleiri.

Þegar tiltölulega lausbeislað og ungæðislegt samfélag sækir sér mikla og fjölbreytta menntun á skömmum tíma er við því að búast að óþolinmæðin geri vart við sig. Og þegar við þetta allt saman bætist að fjötrar hagkerfisins og viðskiptalífsins eru losaðir burt með látum er ekki nema von að samfélagið taki kipp. Í reynd titri.

Þetta hefur gerst; ný kynslóð hefur sprungið út í nýfengnu frelsi og fjármálaflæði á milli landa. Og horfir ekki um öxl heldur aðeins fram á við. Einkavæðingin í allri sinni mynd kom einfaldlega fram á hárréttum tíma; trúin á einstaklinginn – sumir segja ofsatrúin – fékk loks að njóta sín þegar rétta kynslóðin kvaddi föðurhúsin. Og þegar við bætist að þjóðin er að upplagi sæmilega stygg og óforskömmuð og leitar einatt stystu leiðar að settu marki – og gildir þá einu hverjir standa í vegi hennar – er eðlilegt að gömul nýlenduveldi fari á taugum.

Svo er hitt að fámennið hefur sína kosti.

Á Íslandi eru nær allir ýmist bræður, frændur, kunningjar eða keppinautar. Og því er það svo að allar boðleiðir eru langtum styttri en milljónasamfélögin eiga að venjast. Íslenskur blaðamaður nær viðtali við forsætisráðherra á fimmtán mínútum. Afgangur þjóðarinnar hittist á næsta niðjamóti.

Íslenskt samfélag er nú um stundir rekið áfram af áræði. Stjórnendur hafa tekið völdin af stjórnmálamönnum og þora ólíkt þeim síðarnefndu að læra af reynslunni, bæði hratt og vel. Vaskleg framganga þeirra vekur athygli, enda verklagið nýtt; þeir taka jafnvel völdin af stjórnum sínum þegar á þarf að halda enda er tíminn fram að næsta stjórnarfundi tapaður tími. Þetta óttaleysi þykir öðrum grunsamlegt. Enda eiga margir nágrannar Íslendinga að venjast óttanum. Norræna bankakreppan situr enn í Dönum og öðrum Skandinövum. Þeir eru varir um sig og hafa ekki enn öðlast sitt fyrra sjálfstraust í viðskiptalífinu. Á meðan spretta upp ung fyrirtæki á Íslandi sem eru langtum fljótari í förum en gömlu kerfin sem lúta lögmálum fyrri tíma um letilegar boðleiðir upp og niður pýramídann.

Það er gaman að búa í svona landi.

Ísland er orðið ein stór Kaupmannahöfn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871


VIÐ GREIÐUM 2 MILLJÓNIR Í PENINGUM!
TJALDAÐU MEÐ
BÓKUNUM!
Á morgun 25. júlí greiðum við út helminginn
af andvirði bókanna í beinhörðum peningum!
Munið skólasöfnun Office 1. Það er til mikils að vinna fyrir nemendafélagið ykkar!
100 fyrstu fá kúlutjald að gjöf í boði OG1!
og vodafone
Allir fá regnslá í boði OG1!
og vodafone
Allir fá helminginn í peningum og innleggsnótu hjá Office 1 fyrir hinn helminginn. Innleggsnótan gildir til úttektar á öllum vörum í versluninni. Office 1 mun greiða út 2 milljónir mánudaginn 25. júlí. Eftir það verður greitt fyrir bækur með inneignarnótu.
Office 1 áskilur sér rétt til að hafna móttöku bóka sem eru úrelta, ónothæfar eða til í of miklu magni.
Algjör snilld fyrir verslunarmannahelgina!
Inneignarnóta
SKÓLABÓKA-MARKAÐUR OFFICE 1
AÐEINS Í SKEIFUNNI 17
Office 1 Superstore

**PETER SELLERS**
(1925-1980) lést þennan dag.



*„Ég er klassískt dæmi um grínista. Ég er einungis fyndinn í vinnunni.“*

***Peter Sellers er frægastur fyrir túlkun sína á hinum klaufska lögreglumanni Jacques Clouseau í myndunum um Bleika pardusinn.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### *María drottning Skota missir titilinn*

María Stúart, drottning Skota, var neydd til að afsala sér titilinum þennan dag árið 1567. Hún var þá fangi í Lochleven-kastala í Skotlandi en eins árs sonur hennar erfði titilinn og var síðar krýndur Jakob VI, konungur Skota.

María varð drottning aðeins sex daga gömul árið 1542 þegar faðir hennar dó. Hún var alin upp við frönsku hirðina og giftist konungi Frakka. Þegar hann dó aðeins tveimur árum síðar sneri María til heimalandsins og sinnti skyldum sínum sem drottning. Hún giftist enskum frænda sínum árið 1565 með það fyrir augum að styrkja stöðu sína sem erfingi að bresku krúnunni. Eiginmaður hennar lést þó á dularfullan hátt og var talið að ástmaður Maríu stæði fyrir ódæðinu en hann var sýknaður og giftist Maríu nokkru síðar. Það fór fyrir hjartað á aðlinum og var Maríu og manni hennar stungið í fangelsi þar sem María var neydd til að segja af sér. Hún flúði ári síðar og næstu ár reyndi hún að seilast til valda á ný.

Í febrúar 1587 var María hálshöggvin fyrir landráð en sonur hennar varð konungur Englands, Skotlands og Írlands eftir lát Elísabetar Englandsdrottningar.



**24. JÚLÍ 1567**

## MERKISATBURÐIR

**1896** Nunnur koma til landsins í fyrsta skipti síðan fyrir siðaskipti. Þetta var upphaf starfs St. Jósefssystra á Íslandi.

**1961** Júrí Gagarín kemur við á Keflavíkurvelli á leið til Kúbu, rúmum þremur mánuðum áður en hann verður fyrstur manna til að fara í geimferð.

**1969** Geimfarið Appollo 11 snýr aftur til jarðar eftir vel heppnaða tunglför.

**1974** Hæstiréttur Bandaríkjanna skipar Nixon forseta að afhenda upptökur Hvíta hússins af samtölum um Watergate-málið.

**1982** Leitarmenn á Skeiðarársandi telja sig hafa fundið gullskipið Het Wapen van Amsterdam en síðar kemur í ljós að flakið er af þýskum togara.

# Stúdentar veita styrki

Katrín Jakobsdóttir, varaformaður Vinstri grænna, var meðal þeirra sem hlutu Verkefnastyrk Félagsstofnunar stúdenta í vikunni. Hún hlaut styrkinn fyrir MA-verkefni sitt í íslenskum bókmenntum, Ömurlegt íslenskt morð, og vinnur Katrín það í framhaldi af BA-verkefni sínu, sem einnig fjallaði um íslenskar glæpasögur og var hið fyrsta sinnar tegundar.

Aðrir sem hlutu styrk að þessu sinni voru Silja Björk Baldursdóttir fyrir MA-verkefni í uppeldis- og menntunarfræðum sem fjallar um árangur af forvörnum í Reykjavíkurborg.

Hilmir Ásgeirsson fékk styrk fyrir verkefni sitt við læknadeild sem fjallaði um algengi sjálfsprottinnar vöðvaspennutruflunar á Íslandi, en það er samheiti yfir flokk hreyfiraskana.

Að lokum hlaut Andrea Ósk Jónsdóttir styk fyrir BA-verkefni sitt í heimspeki. Þar fjallar hún um hlutverk og fjármögnun háskóla í nútíma þjóðfélagi. ■



**STYRKÞEGAR** Á myndinni eru Katrín Jakobsdóttir, Silja Björk Baldursdóttir, Hilmir Ásgeirsson og Andrea Jónsdóttir ásamt Andra Óttarssyni frá Félagsstofnun stúdenta.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is

## AFMÆLI



**Elín Ósk Óskarsdóttir** söngkona er 44 ára.

Ástrós Gunnarsdóttir dansari er 41 árs.



**Bryndís Hólm** fréttakona er 40 ára.

Birkir Jón Jónsson alþingismaður er 26 ára.



†

*Elsku sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Örn Jákup Dam Washington**

lést á heimili sínu aðfaranótt 19. júlí.

Birgitta Dam Lísudóttir
Davíð Tryggvason
Hans Christian Martinussen
Lísa Jensen Carsten Jensen
Vestarr Lúðvíksson
og börn.

Ernest Washington
Una Dögg Evudóttir
Lina Martinussen



**DJASS OG BLÚS** Pálmi í góðum fíling á tónleikum í Miklagarði á Vopnafirði síðastliðinn föstudag.

PÁLMI GUNNARSSON Á FJÖRUTÍU ÁRA TÓNLISTARAFMÆLI Á VOPNAFIRÐI:

# Tónlistin nagar alltaf í rassinn á sér

„Minn tónlistarferill nær aftur til þess þegar ég var að spila á harmonikku lítill sex ára strákur og söng fyrir liðið. Ég var snemma tilbúinn til að stíga á stokk og láta heyra í mér,“ segir Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður, sem heldur upp á fjörutíu ára tónlistarafmæli sitt um þessar mundir. Hann gerir þó lítið úr tímamótunum og vonar að hann eigi eftir að spila í fjörutíu ár í viðbót og setur stefnuna ótrauður á það markmið.

Pálmi byrjaði að sökkva sér í tónlist um fjórtán ára aldur og fór þá að spila í bítlaböndum. Fyrsta hljómsveitin hét Tíglar og samanstóð af tveimur gítörum, bassa og trommum. „Það var uppskrift þess tíma,“ segir Pálmi glaðlega og bætir við að þeir hafi verið voðalega vinsælir á Vopnafirði á þessum tíma og hafi spilað bæði þar og víðar. „Það var nóg að gera hér á Vopnafirði því á þessum tíma var fullt af fólki hérna, síldarævintýrið í algleymingi og þegar var frí var alltaf slegið upp einhverjum böllum,“ segir Pálmi, sem fór að heiman sextán ára gamall og ferðaðist meðal annars um Danmörku. Þegar hann sneri heim spilaði hann áfram með bítlaböndum úti á landi en síðan dró til tíðinda.

Nítján ára gamall tók Pálmi ákvörðun um að gerast atvinnutónlistarmaður. Hann hélt suður til Reykjavíkur, sótti um og fékk starf í hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar, sem var gríðarvinsæl. „Ég tók við af Villa heitnum Vill í því bandi,“ segir Pálmi, sem finnst tónlistin eins og tískan. „Hún nagar alltaf í rassinn á sjálfri sér,“ segir hann hlæjandi. Tónlistin fari í raun í hringi og sömu tónlistarstefnur skjóti upp kollinum aftur og aftur eins og hárgreiðslur í tískunni. Stærstu breytinguna á þessum fjörutíu árum segir Pálmi þó vera í tækninni enda hafi henni fleygt fram, sérstaklega varðandi upptökur. Það sem breytist ekki sé að enn séu búin til lög og enn sé rokkað.

Þótt Pálmi segist hafa róast með tímanum finnst honum enn frábært að semja tónlist, spila og taka upp. „Með árunum hef ég færst meira í þá átt að hafa gaman af að taka upp tónlist og leika á tónleikum. Dansleikjaspilamennska rennur á einhverjum tíma sitt ánægjuskeið hjá manni,“ segir Pálmi, sem átti ógleymanlega stund á tónleikum síðasta fimmtudag. „Þetta var á héraðshátíð Vopnfirðinga, sem er haldin hér á hverju ári. Í þessu tilfelli ákváðu þeir að hafa mig svona aðalnúmer í nokkur kvöld,“ segir Pálmi, sem spilaði djass og blús með ýmsum stórnöfnum úr tónlistarheiminum. Þarna voru Magnús Eiríksson, félagi Pálma úr Mannakornum, Gulli Briem trommari og Ellen Kristjánsdóttir söngkona ásamt fleirum. Tónleikarnir fóru fram í Miklagarði, þar sem Pálmi steig sín fyrstu skref í tónlistinni fyrir fjörutíu árum.

Það sem lifir skærast í minningu Pálma á þessum tíma er þátttaka hans í söngleiknum Jesus Christ Superstar í byrjun áttunda áratugarins. „Þetta var stóra breikið og ég varð frægur á einni nóttu,“ segir Pálmi, sem telur að Evróvisjón hafi verið kapituli út af fyrir sig og gaman að hafa upplifað það. „Ég hef aldrei verið hressari og aldrei fundist meira gaman að spila,“ segir Pálmi, sem telur að stjörnustælar hafi aldrei hentað sér. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/BJARKI BJÖRGÓLFSSON

**MANNAKORN** Pálmi þenur raddböndin með hljómsveit sinni Mannakornum árið 1979.

# MÚSIK & MYNDIR

## NÝ VERSLUN OPNAR
Í HAMRABORG 1-3

ÓTRÚLEG OPNUNARTILBOÐ Á GEISLADISKUM OG DVD

OPIÐ 12 -18 LAUGARDAG OG SUNNUDAG




TÓNLIST FYRIR ALLA ALDURSHÓPA

FRÁBÆRAR ERLENDAR ROKKPLÖTUR Á GLÆSILEGU VERÐI




ÍÞRÓTTIR, KVIKMYNDIR, TÓLEIKAR OG MARGT FLEIRA

GÆÐATÓNLIST Á DVD

## HUNDRUÐ ANNARA TITLA Á FRÁBÆRU VERÐI T.D.

ROLLING STONES, BOB DYLAN, ELVIS PRESLEY, BÍTLARNIR, LED ZEPPELIN, PINK FLOYD, DAVID BOWIE, ELTON JOHN, QUEEN GUNS N´ROSES, MICHAEL JACKSON, NORAH JONES, KORN, 50 CENT, SNOOP DOOG

MÚSIK OG MYNDIR | HAMRABORG 1-3 | 200 KÓPAVOGUR | S: 555 7601 | www.MUSIC.is | music@music.is

OPNUNARTILBOÐ LAUGARDAG OG SUNNUDAG, EÐA Á MEÐAN BIRGÐIR ENDAST



STJÓRNARSKRÁ ÍSLANDS

*Endurskoðuð*

V. HLUTI

# *Danskur nítjándu aldar uppruni stjórnarskrárinnar*

**Lýðræði og þingræði**

Íslenska stjórnarskráin er skilgetið afkvæmi dönsku stjórnarskrárinnar frá miðri nítjándu öld. Mörg ákvæði hinnar núgildandi stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands eiga rætur sínar að rekja til ákvæða dönsku stjórnarskrárinnar frá því fyrir þann tíma er lýðræði og þingræði höfðu rutt sér til rúms. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem á sæti í sérfræðinganefndinni sem er stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar við endurskoðun stjórnarskrárinnar, bendir á þann vanda sem þetta veldur íslenska lýðveldinu á 21. öld.

Í niðurstöðu erindis sem Gunnar Helgi flutti á ráðstefnu sem stjórnarskrárnefnd stóð fyrir í liðnum mánuði (og betur er rakið hér að neðan) segir hann:

„Hugmyndalegur grundvöllur íslensku stjórnarskrárinnar er frá þeim tíma þegar hvorki lýðræði né þingræði höfðu almennt rutt sér til rúms í Evrópu. Þrátt fyrir umfangsmiklar breytingar á bæði samfélagi og ríkisvaldi eru ýmis ákvæði hennar að verulegu leyti mótuð af þessum uppruna. Þörf er á að skýra ákvæði stjórnarskrárinnar og breyta eftir því sem samstaða næst um. Ef þau svið sem á að endurskoða eru hins vegar ekki afmörkuð sæmilega skýrt í upphafi er hins vegar hætt við að tilraunin til endurskoðunar nú fari sömu leið og fyrri tilraunir til heildarendurskoðunar sem mistókust allar.“

**Samstaða um breytingar lykilatriði**

Hin stjórnskipaða stjórnarskrárnefnd, sem í eiga sæti fulltrúar stjórnmálaflokkanna, hefur það hlutverk að leggja fram frumvarp til breytinga á stjórnarskránni fyrir árslok 2006. Það gefur auga leið að forsenda fyrir því að tillögur að breytingum á stjórnarskránni nái fram að ganga er að um þær takist breið pólitísk samstaða. Ekki bara samstaða milli stjórnmálamannanna sem nú sitja á Alþingi, heldur þarf sú samstaða að ná út fyrir þeirra raðir. Tryggja þarf eftir föngum að meirihluti íslenskra borgara sé breytingunum samþykkur. Vinnulag stjórnarskrárnefndar – sem byggir að miklu leyti á því að leita samráðs við almenna borgara og félagasamtök í landinu – vekur vonir um að í þetta sinn takist einmitt að ná slíkri samstöðu.

**Auðunn Arnórsson**





FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Stjórnarskráin endurspegli stjórnskipunina

Gunnar Helgi Kristinsson segir mikilvægt að stjórnarskráin endurspegli þá stjórnskipun sem Íslendingar búi við og vilji hafa. Svo sé ekki að óbreyttu.

„Ef við erum á annað borð með skrifaða stjórnarskrá er mikilvægt að hún sé sæmilega skýr og endurspegli þá stjórnskipun sem við viljum hafa,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, sem á sæti í sérfræðinganefnd þeirri sem er stjórnarskrárnefnd til ráðgjafar um endurskoðun stjórnarskrárinnar. Hann telur að efast megi um að íslenska stjórnarskráin – og þá sérstaklega annar, þriðji og fimmti kafli hennar – séu í fullnægjandi samræmi við þá stjórnskipun sem Íslendingar telji sig búa við.

Gunnar Helgi segir það vera ríkjandi viðhorf í flestum ríkjum að gagnlegt sé að hafa stjórnarskrá. Það sé að vísu ekki í alveg öllum ríkjum. Bretar hafi til dæmis haldið sig við það að hafa enga ritaða stjórnarskrá. Þar sé ekki þessi greinarmunur sem við gerum á stjórnskipun annars vegar og stjórnarskrá hins vegar. Þeir nota orðið „constitution“ yfir hvort tveggja. Bretar hafi sem sagt stjórnskipun, en ekki stjórnarskrá.

„Í grundvallaratriðum er þingið í Bretlandi handhafi fullveldisins. Það getur út af fyrir sig tekið hverja þá ákvörðun sem það kýs,“ segir Gunnar Helgi. „Í brezkri stjórnskipun er mjög afdráttarlaus áherzla á meirihlutaræði; það er samofið allri hugsun í brezkri stjórnskipun. Stjórnarskrárhyggjan hins vegar gengur út á aðra hluti. Hún gengur að miklu leyti út á að takmarka þetta meirihlutaræði og búa til grundvallarreglur sem séu þá betur varðar fyrir einföldum meirihluta þingsins en venjuleg lög. Þetta er skylt hugmyndum ýmissa stjórnspekinga frá fyrri tíð, eins og Montesquieu og höfunda bandarísku stjórnarskrárinnar – um að það þurfi í raun að skipta valdinu. Stjórnarskrárhyggjan er angi af þeirri hugmyndafræði,“ segir hann.

Aðhyllist menn þessa hugmynd, að það skipti máli að hafa skrifaða stjórnarskrá, skiptir að sögn Gunnars líka miklu máli að sú stjórnarskrá endurspegli nokkuð vel hvernig við viljum hafa stjórnskipunina. „Ef menn eru á annað borð með skrifaða stjórnarskrá er mikilvægt að hún sé sæmilega skýr og endurspegli þá stjórnskipun sem við viljum hafa. Og ég tel sem sagt að það megi efast um að íslenska stjórnarskráin – og þá sérstaklega vissir hlutar hennar – séu í fullnægjandi samræmi við þá stjórnskipun sem við teljum okkur búa við,“ segir hann.

Deilurnar sem upphófust um 26. grein stjórnarskrárinnar í fyrra, er forsetinn synjaði fjölmiðlafrumvarpi ríkisstjórnarinnar staðfestingar, leiddu að sögn Gunnars Helga í ljós að stjórnarskráin sé óljós. „Þar skortir á að nógu skýrt sé kveðið á um ýmsa þá hluti sem við viljum auðvitað hafa á hreinu. Þegar upp koma mikilvæg deilumál í samfélaginu er það algert grundvallaratriði að þessir hlutir séu sæmilega skýrir,“ segir hann.

Að hans áliti kallar reyndar margt fleira á að sérstaklega verði hugað að því að uppfæra ákvæði annars, þriðja og fimmta kafla stjórnarskrárinnar, það er þeirra þátta hennar sem fjalla um stjórnskipunina almennt, um framkvæmdavaldið og dómsvaldið. Gera beri þá „ljósari og skýrari, draga fram grundvallaratriði stjórnskipunarinnar og eyða óvissu“.

**- aa**

# Stjórnarskráin í sögulegu ljósi

*Útdráttur úr erindi Gunnars Helga Kristinssonar á ráðstefnunni „Stjórnarskrá til framtíðar“.*

„Hver er kenning íslensku stjórnarskrárinnar um lýðræði?“ spurði Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmálafræðiprófessor við upphaf erindis síns á ráðstefnunni „Stjórnarskrá til framtíðar“ sem stjórnarskrárnefnd hélt á Hótel Loftleiðum hinn 11. júní síðastliðinn. Hér á eftir fara valdir kaflar úr erindi Gunnars. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

„Íslenska stjórnarskráin er grundvallartexti íslenskrar stjórnskipunar og það er þess vegna eðlilegt að gera til hennar þá kröfu að hún setji fram þá meginhugsun sem íslenska lýðræðiskerfið byggir á og lýsingu á meginstofnunum þess. Sá sem opnar stjórnarskrána til að finna útlistun á lýðræði að hætti Íslendinga verður hins vegar fljótt fyrir vonbrigðum. Orðið lýðræði kemur þar hvergi fyrir. Heldur ekki þingræði. Ekki er þar þrískipting ríkisvaldsins nefnd berum orðum og grundvallarstofnanir íslenska lýðræðiskerfisins, eins og ríkisstjórn og hæstiréttur eru þar hvergi nefndar á nafn – þótt tilvist þeirra megi að vísu ráða af samhenginu. Stjórnmálaflokkar, fjölmiðlar og hagsmunasamtök koma ekki fyrir í stjórnarskránni (...). Staðreyndin er sú að lýsing stjórnarskrárinnar á íslenska lýðræðiskerfinu er afar fátækleg og erlendir fræðimenn hafa jafnvel lesið stjórnarskrána í heild þannig að á Íslandi ríki forsetaræði líkt og í Bandaríkjum Norður-Ameríku en ekki þingræði eins og hér ríkir í raun og veru.

Hvaða hugmyndaheimur er það þá sem þessi grundvallarlög íslenska ríkisins endurspegla? Til að svara þeirri spurningu er nauðsynlegt að leggjast í ofurlitlar rannsóknir á ættfræði stjórnarskrárinnar.

**Þrjár stjórnarskrár**

Íslendingum hefur þrisvar verið sett stjórnarskrá. Fyrst Stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands, sem Danakonungur gaf landsmönnum árið 1874. Næst Stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, árið 1920 í kjölfar þess að Ísland varð fullvalda ríki árið 1918. Og loks Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands þegar lýðveldi var stofnað árið 1944 og konungssambandinu við Danmörku slitið. Ýmsar breytingar voru í millitíðinni gerðar á stjórnarskránum með stjórnskipunarlögum og í raun má segja að stjórnskipuleg þróun Íslands einkennist fyrst og fremst af mikilli samfellu því stjórnarskrárnar þrjár eru um margt líkar og meginefniviður stjórnarskránna 1920 og 1944 var þær stjórnarskrár og stjórnskipunarlög sem fyrir voru.

Í rannsókn sem gerð var á stjórnarskránni árið 1994 kom í ljós að telja mætti meira en helming greina stjórnarskrárinnar þýddar eða staðfærðar úr dönsku stjórnarskránni og rösklega þriðjung að auki merkjanlega skyldan greinum þeirrar dönsku þannig að einungis 10 af 79 greinum stjórnarskrárinnar voru ólíkar eða óskyldar með öllu dönsku stjórnarskránni.

Þegar ljóst var að Íslendingar myndu slíta sambandinu við Dani á árum síðari heimsstyrjaldarinnar var jafnframt ljóst að endurskoða þyrfti stjórnarskrána. (...). Stjórnarskrárnefndir störfuðu (...) fram á miðjan tíunda áratuginn en náðu aldrei að skila þeirri heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar sem að var stefnt við lýðveldisstofnun. (...) Eftir að ekki náðist samstaða um heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar, eins og hún birtist í frumvarpi Gunnars Thoroddsens 1983, var farin sú leið að endurskoða í staðinn einstaka kafla hennar. Þannig var kaflinn um kosningakerfið endurskoðaður 1984 og 1999, kaflinn um þingið 1991 og mannréttindakaflinn 1995.

Eftir standa þá þrír kaflar stjórnarskrárinnar sem ekki hafa verið teknir til almennrar endurskoðunar. Það er fyrsti kaflinn, sem er almenn lýsing stjórnskipunarinnar, annar kaflinn, sem fjallar um framkvæmdarvaldið og fimmti kaflinn sem fjallar um dómsvaldið.

Lýsing þessara kafla stjórnarskrárinnar á íslenskri stjórnskipun á sterkar rætur í eldri útgáfum stjórnarskrárinnar og dönsku stjórnarskránni frá nítjándu öld. (...) Þegar íslenska stjórnarskráin er lesin þarf að hafa í huga að lýsing hennar á stjórnskipun og framkvæmdarvaldinu er í raun ættuð frá Montesquieu og kenningum um þingbundna konungsstjórn, fyrir daga þingræðis og pólitískrar ábyrgðar ráðherra. (...)

**Þingræði og þjóðkjörinn forseti**

Ætlun höfunda stjórnarskrárinnar 1944 var ótvírætt sú að hér skyldi ríkja þingræði. Þeir virðast raunar hafa talið að orðalagið „þingbundin stjórn“ í fyrstu grein hennar tryggði að svo væri því í greinargerð með stjórnarskrárfrumvarpinu segir að þetta ákvæði sé „nauðsynlegt m.a. til þess, að þingið haldi rétti sínum til áhrifa á skipun og lausn ráðherra“. Ólafur Jóhannesson og fleiri lögspekingar hafa hins vegar réttilega bent á að þetta orðalag tryggi í reynd ekki þingræðið og þingræðið byggi á venju og rótgrónum réttarhugmyndum hér á landi frekar en á þessu ákvæði einu sér. Enginn vafi leikur þrátt fyrir þetta á að þingræði ríkir hér á landi og stjórnskipun sú sem höfundar stjórnarskrárinnar 1944 sáu fyrir sér tvinnaði þannig saman þjóðkjörinn forseta og þingræði.(...)

Ekki liggur fyrir hvort erlendar fyrirmyndir hafi verið notaðar þegar ákvæði íslensku stjórnarskrárinnar um forseta voru samin, en mörg ákvæðin um forseta eiga skýra hliðstæðu í eldri ákvæðum um konung. (...)

Hinn tvöfaldi uppruni íslensku stjórnarskrárinnar – rætur hennar í þingbundinni konungsstjórn en samt með þjóðkjörinn forseta – skapar ákveðinn vanda við túlkun hennar: vanda sem kom berlega í ljós í deilum sumarið 2004 um rétt forseta til að synja löggjöf staðfestingar. Þar tókust á þeir sem túlkuðu stjórnarskrána í anda þingbundinnar konungsstjórnar – þar sem líta mætti svo á að synjunarvaldið væri með öllu fallið niður – og hinir sem túlkuðu stjórnarskrána í anda forsetaþingræðis, þar sem forsetaembættið er lifandi hluti stjórnskipunarinnar. (...)

Þeir kaflar stjórnarskrárinnar sem lengst hafa beðið endurskoðunar eru fyrsti, annar og fimmti kafli hennar. Ákvæði þeirra um stjórnskipunina almennt, forseta, þingræði, ríkisstjórn, ráðherraábyrgð, þjóðaratkvæðagreiðslur og dómsvaldið – svo nokkur dæmi séu tekin – eru að ýmsu leyti ófullkomin og ekki í takt við tímann. Þetta er það lágmarksverkefni sem endurskoðun stjórnarskrárinar fæst við.“ ■



FRÉTTABLAÐIÐ/SIGURÐUR JÖKULL

**DÖNSK-ÍSLENSK STJÓRNARSKRÁ** Anders Fogh Rasmussen og Davíð Oddsson skoða frumeintak fyrstu íslensku stjórnarskrárinnar frá árinu 1874.

*Spurningum, ábendingum og hugmyndum um efni á stjórnarskrársíðu Fréttablaðsins er unnt að koma á framfæri í tölvupósti.*

NETFANGIÐ ER:
**stjornarskra@frettabladid.is**

# LAGER SALA SENU ER HAFIN

**TÓNLIST TÖLVULEIKIR DVD**

**299kr 499kr 699kr 999kr**

**FYLLTU Á SAFNIÐ FYRIR SMÁAURA**

FRÍR ÍS Á AKTU TAKTU FYRIR ALLA SEM MÆTA Á LAGERSÖLUNA!

**OPIÐ 11-20 ALLA DAGA**

LAGERSALA SENU FELLSMÚLA 28 (gamla World Class húsinu)

sena




Edda Ýr Garðarsdóttir
Mamma




Farðu inn á **landsbanki.is** og búðu til þitt eigið kort




TÓNLISTARÞÁTTUR DR. GUNNA
Á Talstöðinni alla sunnudaga kl. 16.

148.000
EINSTAKLINGAR

NOTAÐU ÖFLUGASTA FJÖLMIÐIL LANDSINS TIL AÐ DREIFA SKILA-BOÐUM TIL ÞINNA VIÐSKIPTAVINA

Með því að dreifa innskotsblöðum og efni með Fréttablaðinu nærðu til 148.000 einstaklinga um allt land og tryggir hámarksnýtingu á markaðsfé þínu.

Hafðu samband við auglýsingadeild Fréttablaðsins í síma 550 5010 eða augl@frettabladid.is og kynntu þér verð og dreifimöguleika.

FRÉTTABLAÐIÐ



# Jackson fær munina til baka

Saksóknurum í dómsmáli popparans Michaels Jackson hefur verið gert að skila þeim hundruðum muna sem voru teknir af heimili Jacksons og notaðir sem sönnunargögn í málinu.

Á meðal munanna eru tölvur, bækur, klámblöð og myndbandsupptökur. Popparinn var ekki viðstaddur dómsúrskurðinn.

Alls kostuðu réttarhöldin yfir Jackson skattgreiðendur í Santa Barbara um 175 milljónir króna. Á meðal þess sem peningarnir fóru í var að borga fulltrúum lögreglustjóra fyrir að standa vaktina í dómshúsinu í Santa Maria frá því í janúar 2004 þangað til í júní á þessu ári. Einnig fóru peningar í að borga lögreglumönnum fyrir að halda múgnum fyrir utan húsið í skefjum.

Jackson var sýknaður í málinu þann 13. júní. Hann var meðal annars sakaður um að hafa kynferðislega misþyrmt ungum pilti og fyrir að hafa haldið að honum áfengi.


**MICHAEL JACKSON** Popparinn er að leita sér að heimili. Ekki er víst að það verði í Berlín, þrátt fyrir orðróm þess efnis.

Lítið hefur farið fyrir Jackson að undanförnu enda tók dómsmálið sinn toll. Joe Jackson, faðir hans, segist ekki vita til þess að Michael ætli að flytja til Berlínar, þrátt fyrir sögusagnir þess efnis í vikunni. „Michael er að reyna að jafna sig eftir þær erfiðu kringumstæður sem hann gekk í gegnum,“ sagði hann. „Michael er að leita sér að heimili og ég get ekki tekið þá ákvörðun fyrir hann.“ Joe bætti því þó við að Berlín væri einn af þó nokkrum mögulegum stöðum sem sonur sinn hefði áhuga á. ■

# VERÐLAUNAKROSSGÁTAN

**NR. 17**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | 5 | 3 | 24 | 14 | ■ | 26 | 14 | 4 | 5 | 13 | 20 | 30 | 27 | ■ |
| 18 | ■ | 12 | ■ | 18 | ■ | 14 | ■ | 14 | ■ | 31 | ■ | 20 | ■ | 3 |
| 5 | 3 | 8 | 14 | 10 | ■ | 9 | 15 | 10 | 5 | 3 | 20 | 30 | 20 | 21 |
| 22 | ■ | 14 | ■ | 9 | 14 | 28 | ■ | 15 | ■ | 20 | ■ | 12 | ■ | 7 |
| 14 R | 17 Æ | 5 S | 20 I | ■ | ■ | 28 | 9 | 14 | 13 | ■ | 26 | 9 | 14 | 14 |
| 29 | ■ | 22 | ■ | 2 | 1 | 20 | 22 | ■ | 1 | ■ | 18 | ■ | ■ | ■ |
| 3 | 14 | 9 | 11 | 9 | ■ | ■ | 23 | ■ | 14 | 31 | 30 | 1 | 28 | 22 |
| 15 | ■ | 10 | ■ | 27 | 14 | 1 | 20 | 22 | 20 | 30 | ■ | 30 | ■ | 9 |
| 14 | 6 | 9 | 21 | 27 | 9 | ■ | 3 | ■ | ■ | 28 | 14 | 12 | 31 | 21 |
| ■ | ■ | ■ | 8 | ■ | 15 | ■ | 20 | 21 | 21 | 9 | ■ | 15 | ■ | 21 |
| 25 | 14 | 9 | 5 | ■ | 30 | 6 | 10 | 9 | ■ | ■ | 29 | 5 | 9 | 30 |
| 19 | ■ | 16 | ■ | 1 | ■ | 30 | ■ | 15 | 32 | 32 | ■ | 9 | ■ | 9 |
| 14 | 9 | 30 | 30 | 28 | 1 | 11 | 20 | 10 | ■ | 14 | 8 | 13 | 13 | 15 |
| 9 | ■ | 9 | ■ | 28 | ■ | 15 | ■ | 20 | ■ | 31 | ■ | 15 | ■ | 5 |
| ■ | 2 | 14 | 1 | 20 | 10 | 14 | 20 | 10 | ■ | 11 | 1 | 14 | 10 | ■ |

A Á B Ð D E É F G H I Í J K L M N O Ó P R S T U Ú V X Y Ý Þ Æ Ö

Í sunnudagskrossgátu Fréttablaðsins eru gefnir 4 bókstafir sem á að færa inn í númeraða reiti. Í dag er R til dæmis í reit merktum 14 og fer þá R í alla aðra reiti með því númeri. Æ er í reit númer 17 og fer í alla aðra reiti gátunnar númer 17 o.s.frv. Til þess að leysa gátuna þarf að finna út hvaða bókstafir eiga að standa í auðu reitunum (bókstafirnir c, z, q og w eru ekki notaðir). Þegar því verkefni er lokið er hægt að finna lausnarorð gátunnar, sem er í þetta sinn karlmannsnafn sett saman úr stöfum reita númer 5-23-1-20-21-21 (í þessari röð).*

**Lausnarorð**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 5 | 23 | 1 | 20 | 21 | 21 |

Lausnarorðið er hægt að senda inn með SMS-skeyti í númerið 1900. Dæmi um það hvernig SMS gæti litið út ef lausnarorðið væri Jón: þá sendir þú SMS sem segir: **JA LAUSN JON** í númerið 1900.

*Ráðning gátunnar birtist í blaðinu eftir tvær vikur.

**Dregið verður næstkomandi fimmtudag kl. 12.**
SMS-skeytið kostar 99 krónur.

**Lausn nr. 15**

| | | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ■ | J | A | X | L | ■ | V | I | N | A | L | E | G | T | ■ |
| V | ■ | U | ■ | Á | ■ | A | ■ | A | ■ | Ó | ■ | I | ■ | Þ |
| A | U | Ð | U | G | ■ | N | Á | G | R | A | N | N | A | R |
| L | ■ | M | ■ | U | N | G | ■ | L | ■ | N | ■ | N | ■ | E |
| S | N | Ý | R | ■ | ■ | Æ | G | I | R | ■ | L | A | K | K |
| A | ■ | K | ■ | H | Í | F | A | ■ | J | ■ | Í | ■ | ■ | ■ |
| R | Ú | T | U | R | ■ | ■ | U | ■ | Ó | S | K | A | Ð | I |
| A | ■ | I | ■ | Ö | S | K | R | A | Ð | I | ■ | U | ■ | Ð |
| R | É | N | A | Ð | I | ■ | I | ■ | ■ | N | Æ | G | I | R |
| ■ | ■ | ■ | P | ■ | N | ■ | N | E | M | A | ■ | L | ■ | A |
| E | Y | R | A | ■ | N | Á | N | I | ■ | ■ | F | J | Á | Ð |
| N | ■ | E | ■ | E | ■ | B | ■ | N | Ö | S | ■ | Ó | ■ | I |
| G | R | I | K | K | L | A | N | D | ■ | J | E | S | Ú | S |
| I | ■ | K | ■ | L | ■ | T | ■ | I | ■ | Ú | ■ | I | ■ | T |
| ■ | H | A | M | A | R | I | N | N | ■ | K | O | R | T | ■ |



## Leystu krossgátuna!

Leystu gátuna! Þú gætir unnið myndirnar Löggulíf, Nýtt líf og Dalalíf – allar í einum pakka.

**Vinningshafi krossgátunnar í síðustu viku var:**
Andri Sigurðsson

## SMS-GÁTAN:

Hvað veist þú um Lights on the Highway?



Merktu við rétt svör. Stafirnir fyrir framan hvert rétt svar mynda lausnarorð sem þú sendir í þjónustunúmerið **1900**.

**Dæmi:** Lausnarorðið er páfinn. Þú sendir skeytið **JA MYND** PAFINN í þjónustunúmerið 1900.

Vinningur fyrir SMS-gátuna er geisladiskurinn Lights on the Highway.

**Leystu gátuna!** Þú gætir unnið hinn frábæra geisladisk Lights on the Highway með samnefndri hljómsveit.

**Hvenær var hljómsveitin Lights on the Highway stofnuð?**
d) 2001 s) 2002 l) 2003

**Hvað heitir fyrsta lagið á disknum?**
i) Jameson's State u) Madison Avenue g) New York State



**Hvað heitir söngvari hljómsveitarinnar?**
a) Kristopher Reeves t) Kristófer Kólumbus g) Kristófer Jensson

**Hvað hefur Lights on the Highway gefið út margar plötur?**
h) 1 r) 3 t) 5

**Hvað eru meðlimir hljómsveitarinnar margir?**
q) 1 t) 5 r) 8

**Vinningshafi í SMS-leik síðustu viku var:**
Hugi Ásbjörnsson, Erla Oddsdóttir og Jensa Nikulásdóttir
SMS skeytið kostar 99 krónur.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 4.10 | 13.39 | 22.55 |
| AKUREYRI | 3.29 | 13.25 | 23.02 |

Heimild: Almanak Háskólans

FRÉTTABLAÐIÐ

*Góðan dag!*

**Í dag er sunnudagur 24. júlí, 205. dagur ársins 2005.**

# allt - atvinna

**ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?** **MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS**

**STÖRF Í BOÐI**

Sölufulltrúar
Stuðningsfulltrúi
Leikskólakennari
Leiðbeinendur
Lagermaður
Sölumaður
Tónlistarkennari
Afgreiðslufólk
Matreiðslumaður

**SMÁAUGLÝSINGAR**
**byrja í dag á bls. 9**

**Flokkar & fjöldi**

**Bílar & farartæki**
**Keypt & selt**
**Þjónusta**
**Heilsa**
**Skólar & námskeið**
**Heimilið**
**Tómstundir & ferðir**
**Húsnæði**
**Atvinna**
**Tilkynningar**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sigríður er kát með sumarstarfið sitt.

# Svaramaður þjóðarinnar

***Sigríður Geirsdóttir svarar spurningum misvíðlesina ferðamanna þar sem hún starfar í Upplýsingamiðstöð ferðamála í miðbæ Reykjavíkur.***

„Þetta er alveg frábært, bara mjög skemmtilegt starf," segir Sigríður, sem þekkir ferðamenn út og inn. Hún vann nefnilega á hótelum áður en hún byrjaði í þessari vinnu en er nemi á veturna. „Ef maður er með góða tungumálakunnáttu ætti maður að geta laumað sér einhvers staðar inn í bransann."

Hún neitar því að fólk þurfi að vera sérstaklega frótt til að sinna slíkum störfum. „Maður bara kemur sér inn í þetta," segir hún en bætir við að hún þurfi nú oft að glíma við fjölbreyttar spurningar.

„Það var einn sem vildi fá að sjá hraun flæða eins og væri alltaf eldgos hérna," segir Sigríður og hlær. Ekki fylgdi sögunni hvers lenskur sá ágæti maður var en hún liggur ekki á því að ferðamenn séu dálítið mismunandi eftir því hvaðan þeir koma.

„Þegar skemmtiferðaskipin koma eru oft svona skemmtilegar spurningar. Þessi skip fara á svo marga staði um heiminn. Fókið sem er að koma sérstaklega til Íslands er búið að fræðast heilmikið um landið og maður fær oft mjög krefjandi spurningar frá því." Annars segst hún ekki finna sérstaklega fyrir meintum einkennum mismunandi þjóða, heldur sé fólkið eins mismunandi og það er margt. „Bretar eru samt yfirleitt æðislegir."

Aðspurð hvort hún lumi ekki á góðu ferðamannaráði segist hún mæla með gestakorti í Reykjavík en það er sameiginlegt inngöngukort í söfn, sundlaugar og strætó. „Það er rosalega sniðugt líka fyrir Íslendinga."

## LIGGUR Í LOFTINU
*í atvinnu*

**Starfsmannafélag** Kópavogs hefur fellt kjarasamning félagsins við Launanefnd sveitarfélaganna. Höfnunin var nokkuð afgerandi því 55% þeirra sem greiddu atkvæði sögðu nei. Atkvæðagreiðslan fór fram dagana nítjánda og tuttugasta júlí en einungis um tuttugu prósent nýttu sér kosningarétt sinn.

**Atvinnuástand** í sumar er betra en það var í fyrra, að mati greiningardeildar KB banka. Þetta er byggt á því að 2.800 fleira ungt fólk er nú í vinnu en fyrir ári síðan. Atvinnuþátttaka ungs fólks er að sögn deildarinnar góður mælikvarði á atvinnuástandið þar sem mikil þátttaka í þeim hópi sýni að þörf sé á kröftum reyndara og menntaðra fólks.

**Sjúkraliðar** samþykktu aftur á móti kjarasamning sinn með miklum yfirburðum. Ríflega 95% félagsmanna í Sjúkraliðafélagi Íslands greiddu atkvæði með kjarasamningi við ríkið. Einungis 23 sögðu nei en 61% af þeim sem voru á kjörskrá kusu.

*atvinna@frettabladid.is*

FLJÓTSDALSHÉRAÐ

## auglýsir eftir tónlistarkennurum til starfa

Um er að ræða kennslu á Egilsstöðum, Hallormsstað og í Fellabæ. Við leitum m.a. píanókennara fyrir lengra komna og undirleik, kennara á celló, gítar og harmóníku, kennara í tónfræði og tónheyrn, slagverkskennara, kennara í „poppið" og síðast en ekki síst fjölhæfan, alhliða tónlistarkennara til að starfa með frábæru fólki í Hallormsstaðaskóla.

*Mikil og almenn þátttaka er í tónlistarnámi á Fljótsdalshéraði og tónlistarskólarnir eru öflugir bakhjarlar blómlegs tónlistarlífs og menningarstarfs á Héraði.*

Skólastjórarnir Drífa Sigurðardóttir (sími 866 5815) og Steingrímur Birgisson (sími 898 2263) veita frekari upplýsingar um störfin.

Umsóknum ásamt ferilskrá skal senda til skrifstofu Fljótsdalshéraðs, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir, merkt tónlistarkennari. Umsóknum skal fylgja ferilskrá og þær skulu berast í síðasta lagi 7. ágúst nk. Einnig má senda umsókn á netfangið *helga@egilsstadir.is* eða sækja um stöðurnar á *www.job.is*.

STEYPUSTÖÐIN

Steypustöðin ehf er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

## Lagerstjóri

Óskum við eftir umsóknum um starf lagerstjóra í Hafnarfirði. Starfið felst í skipurlagningu lagers, útkeyrslu, ásamt almennum lagerstörfum við hellur, steina og forsteyptar einingar. Umsækjandi þarf að hafa tölvuþekkingu, lyftarapróf og gott að hafa reynslu/menntun í vörustjórnun.

Um er að ræða fullt starf. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist aðeins í tölvupósti á netfangið *inger@steypustodin.is.* Umsóknarfrestur er til föstudagsins 5. ágúst.

Umsækjandi þarf að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem öryggi, þjónusta og vörugæði eru í fyrirrúmi.

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Staða fulltrúa

**Staða fulltrúa á Skólaskrifstofu er laus til umsóknar.**

Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem getur unnið sjálfstætt við ritun og skjalavörslu auk annarra almennra skrifstofustarfa.
Umsækjandi þarf að hafa gott vald í íslensku máli, vera vandvirkur og reglusamur og hafa til að bera lipurð og jákvæðni í samskiptum.

Æskilegt að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Allar upplýsingar veitir Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri í síma 585 5800/664 5814.

Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni www.hafnarfjordur.is

**Starfsviðtal**
Mættu vel undirbúin(n) í starfsviðtal. Reyndu að ímynda þér hvaða spurningum verður varpað til þín í viðtalinu. Þá eru minni líkur á að þú verðir slegin(n) út af laginu með spurningum sem þú getur ekki svarað.



Tíu skemmtilegir hrekkir...

## ...á vinnustaðnum

1. Farðu í hádegismat með hópi. Segðu öllum nema einum frá hrekknum sem þú ætlar að gera. Þegar reikningurinn fyrir matnum kemur fara allir sem vita um hrekkinn frá borðinu til að fara í símann, að reykja eða á klósettið og þessi eini sem er eftir þarf að borga fyrir allt.
2. Láttu starfsmann hjá öryggisþjónustunni gera aðgangskort starfsfélaga þíns óvirkt.
3. Taktu öll tæki úr kaffistofunni – brauðristina, kaffivélina, sápuna, hnífapör. Allt!
4. Segðu „nýja gaurnum“ að hann eigi að sjá um mánaðarlega morgunmatinn.
5. Segðu einhverjum að yfirmaðurinn vilji tala við viðkomandi eins og skot. Ekki gefa neina ástæðu.
6. Skiptu um skrifstofu við samstarfsmann þinn og ruglaðu hina á vinnustaðnum allan daginn.
7. Settu alla verstu og erfiðustu kúnnana á dagsáætlunina svo allir sjái.
8. Láttu rauðan varalit á heyrnartól samstarfsfélaga þíns. Hringdu og skelltu á nokkrum sinnum svo eyrað á honum verði rautt og flott.
9. Settu „til sölu“ skilti á bíl yfirmannsins þíns. Settu símanúmerið hans með og lofaðu rosalega lágu verði.
10. Ef þú vinnur fyrir sölulaunum, segðu þá vinnufélaga þínum að annar vinnufélagi þinn hafi stolið kúnna frá þér.





Ólafur stundar nám við HR og vinnur hjá Kreditkortum. Hann segir að námið nýtist vel í vinnunni og vinnan komi sér vel í náminu.

# Titillinn lítur vel út á nafnspjaldi

***Ólafur Haukur Johnson starfar í fjármáladeild Kreditkorta hf. Samhliða vinnunni stundar hann nám við Háskólann í Reykjavík.***

Ólafur byrjaði að vinna hjá Kreditkortum fyrir rúmu ári síðan. „Síðasta sumar var ég í þjónustuverinu en núna er ég búinn að vinna mig upp í fjármáladeildina. Þar hef ég titilinn sérfræðingur á fjármálasviði, sem lítur mjög vel út á nafnspjaldi,“ segir Ólafur og hlær. „Þetta byrjaði sem Excel og forritunarvinna en svo er það farið að þróast út í skýrslugerðir, upplýsingagjöf og annað slíkt. Starfið er mjög fjölbreytt og ég fæ að vera með puttana í öllu. Undanfarið hefur verið mikið hagrætt og þá hefur maður fengið að kynnast ýmsum hliðum starfseminnar, sem er mjög gaman,“ segir Ólafur.

Ólafur ber fyrirtækinu góða söguna og segist kunna afar vel við sig hjá Kreditkortum. „Ég hef ekkert nema gott um vinnustaðinn að segja. Hér er góður andi og algengt að fólk fái að vinna sig upp eins og ég gerði. Þannig fær fólk fjölbreytta og skemmtilega reynslu. Mórallinn er líka virkilega góður. Hér er margt ungt fólk og svo eru líka margir starfsmenn sem hafa áralanga reynslu. Einhvern veginn ná samt allir að vinna vel saman og það er mjög jákvætt.“

Ólafur mætir í vinnuna klukkan átta og vinnur til fjögur. Hann segir að vinnudagurinn geti verið líflegur og stundum sé mikið að gera. „Það er mikið um fundi þar sem við skipuleggjum verkefni, svo vinnur hver og einn í sínu horni og síðan er afraksturinn sameinaður. Við vinnum ansi mikið í lotum og stundum getur verið mikið stress,“ segir Ólafur. „Það skemmtilegasta við starfið er hvað þetta er allt saman krefjandi og skemmtilegt. Hér fæ ég líka gríðarlega góða reynslu fyrir framtíðina,“ segir Ólafur, sem stundar nám í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Hann vinnur næstum fulla vinnu með skólanum á veturna og segir að það gangi ágætlega. „Þetta krefst fyrst og fremst skipulagningar og vissulega getur þetta verið erfitt. Starfið er hins vegar það sveigjanlegt að ég get ráðið vinnutímanum dálítið sjálfur, unnið á kvöldin og þess háttar. Svo hjálpar líka til að vinnan nýtist vel í náminu og námið nýtist vel í vinnunni,“ segir Ólafur. Hann á eftir eitt ár í viðskiptafræðinni og hyggst starfa á vettvangi fjármálanna í framtíðinni.

*thorgunnur@frettabladid.is*



Google er með stærstu leitarvél heims.

# Tölvurisar takast á

***Google og Microsoft þurfa að fara í dómsal til að fá úrlausn ágreiningsefna.***

Google hefur svarað ákæru Microsoft-fyrirtækisins með gagnsókn vegna starfsmannamála. Stríð stendur nú yfir milli fyrirtækjanna en það hófst í síðustu viku þegar Google „stal“ mikilsmetnum starfsmanni að nafni Kai Fu-Lee frá Microsoft og skipaði hann sérlegan yfirmann í útrás Google til Kína.

Þegar þetta kom í ljós kærði Microsoft bæði Google og Lee á grundvelli þess að hann væri samningsbundinn Microsoft og mætti því ekki hefja störf hjá Google. Málið er sérlega viðkvæmt þar sem Lee hefur undanfarið starfað við þróunarvinnu hjá Microsoft á nýrri leitarvél og hefur þar að auki starfað náið að markaðsmálum fyrirtækisins í Kína.

Microsoft hefur löngum verið þekkt fyrir að gleypa smærri fyrirtæki á markaðnum og hefur haft horn í síðu Google, sem er stærsta leitarvél veraldarvefsins. Í fyrra opnaði Microsoft sína fyrstu leitarvél á heimasíðu sinni, msn.com, en fyrirtækið hefur gefið út yfirlýsingar um að það ætli sér stóra hluti á leitarvélamarkaðnum. ■

# Kennarar nær dauða en lífi

***Mótmælafasta kennara í Indlandi er farin að hafa alvarleg áhrif.***

Grunnskólakennarar í Punjabhéraði í Indlandi eru byrjaðir í hópföstu. Kennararnir hafa verið í haldi lögreglu í tæpar tvær vikur, síðan þeir voru handteknir fyrir mótmæli fyrir utan hús menntamálaráðherrans. Um er að ræða rúmlega 150 kennara sem segjast ætla að svelta sig til dauða. Þrír kennarar hafa þegar verið fluttir úr fangelsinu til að leggjast inn á spítala vegna þess að ástand þeirra er ekki gott og nokkrir eru einnig illa haldnir í fangelsinu.

Kennararnir mótmæla því að síðastliðin tvö ár hafi stjórnvöld ekkert gert í þeirra málum. Forsvarsmenn kennarasamtakanna í Punjab héraði segja að ef eitthvað komi fyrir kennarana í mótmælaföstunni sé menntamálaráðherrann einn ábyrgur fyrir því. ■



Grunnskólakennarar á Indlandi eru óánægðir.

# Haglél eyðileggur vínuppskeru

SVISSNESKIR VÍNÁHUGAMENN ERU Í ÖNGUM SÍNUM.

Áttatíu prósent vínekra á einu helsta víngerðarsvæði Sviss eyðilögðust þegar mikið haglél reið yfir landið. Vínræktarbændur á svæðinu, sem liggur upp að Genfarvatni, bjuggust við góðri uppskeru þegar veðurguðirnir sýndu skyndilega sitt versta andlit og eyðilögðu alla uppskeruna. Það tók haglélið einungis nokkrar mínútur að eyðileggja nánast allt sem eyðilagt varð. Tapið sem vínbændurnir hafa orðið fyrir er talið nema fimm til sex milljónum lítra af tilbúnu víni. Að sögn sjónarvotta var næstum eins og hænsnaegg féllu af himnum þegar haglélið stóð sem hæst. Stærstu höglin voru á stærð við tennisbolta.



# Fleiri með vinnu

***Færri félagsmenn VR eru án atvinnu nú en í fyrra.***

Hlutfallslega eru töluvert fleiri VR-félagar atvinnulausir en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Á vef VR kemur þó fram að atvinnuleysi meðal félagsmanna hafi minnkað svo mark verði á tekið. Þessar tölur taka mið af atvinnuleysi á öðrum ársfjórðungi þessa árs til samanburðar við atvinnuleysi á sama tíma í fyrra.

Atvinnuleysi kvenna var árið 2004 6,1% innan VR en er nú 4,7%. Hjá körlunum var það 5,5% í fyrra og er nú 3,2%. VR-fólk telur að loksins sé þenslan á landsbyggðinni að skila sér til félagsmanna. ■



Atvinnuleysi innan VR hefur minnkað.

# Forsvar ehf

auglýsir eftir 2 starfsmönnum

**Vegna aukinna verkefna leitar Forsvar ehf. að öflugum liðsmönnum í hugbúnaðardeild fyrirtækisins á sviði alhliða hugbúnaðarlausna og almennra skrifstofustarfa.**

## • Tölvunarfræðingi / Kerfisfræðingi

**Meginverkefni**
Þarfagreining og kerfishönnun
Þróun og smíði gagnagrunnskerfa
Veflausnir og aðrar hugbúnaðarlausnir

**Hæfniskröfur**
Háskólapróf í tölvunarfræði, kerfisfræði eða önnur sambærileg menntun
Góð þekking á gagnagrunnum s.s. Oracle og SQL Server
Staðgóð þekking á forritun veflausna
Reynsla í Microsoft .Net þróunarumhverfi
Nákvæmni í vinnubrögðum
Samstarfshæfni og þjónustulund

## • Skrifstofutækni / Almenn skrifstofustörf

**Meginverkefni**
Skráning upplýsinga í gagnasafn
Svörun -. símsvörun, skjásvörun.
Þjónusta við viðskiptavini
Almenn bókhaldsstörf

**Hæfniskröfur**
Góð íslenskukunnátta
Ritfærni og almenn þekking á forritum
Nákvæmni í vinnubrögðum
Samstarfshæfni og þjónustulund

Forsvar ehf. veitir alhliða viðskiptaþjónustu og starfar í tveimur deildum, hugbúnaðar-, þjónustu- og markaðsdeild annarsvegar og bókhaldsdeild hinsvegar. Fyrirtækið er á Hvammstanga við Miðfjörð í fallegu og fjölskylduvænu umhverfi í um 2ja klukkustunda akstursfjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Forsvar ehf er framsækið fyrirtæki, sem starfar eftir skýrri stefnu og hefur sett sér metnaðarfull og raunhæf markmið.

Allar nánari upplýsingar veitir Gunnar Halldór Gunnarsson framkvæmdastjóri í síma 455-2500 eða á netfanginu *gunnar@forsvar.is*
**Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2005 og skal umsóknum skilað á netfang félagsins, *forsvar@forsvar.is***

Ýtarlegri upplýsingar um fyrirtækið má einnig finna á veffanginu www.forsvar.is

# STARFSFÓLK ÓSKAST



ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.
ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbyggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

## Trésmiðir – Grænland

Ístak hf. óskar eftir að ráða til starfa **trésmiði**, vana mótasmíði, til vinnu á Grænlandi.

Verkefnið felst í byggingu vatnsaflsvirkjunar á vesturströnd Grænlands. Verktími er frá ágúst og út október.

## Vélamenn og bílstjórar

Ístak hf. óskar eftir að ráða vana **bílstjóra** með meirapróf til starfa.
Einnig vantar **vélamenn** með reynslu af þungavinnuvélum.
Um er að ræða fullt starf eða afleysingar.

**Möguleiki er á húsnæði fyrir starfsmenn utan af landi.**

Upplýsingar um störfin og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7 og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.
Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

Engjateigi 7 | 105 Reykjavík
Sími: 530 2700 | Fax: 530 2724
Netfang: istak@istak.is | www.istak.is

ÍSTAK

# Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

### Austurbæjarskóli, sími 561 2680

**Skólaliðar**, 50%-100% stöður.

### Engjaskóli, sími 664 8160

**Heimilisfræðikennsla** í hlutastarf.

### Hagaskóli, sími 824 5077, einarm@hagaskoli.is

**Skólaliðar**, 3 stöður.
**Danska** í 8. og 9. bekk.

### Hólabrekkuskóli, sími 664 8235

**Dönskukennsla í unglingadeild**, vegna forfalla.

### Rimaskóli, símar 567 6464 og 664 8320

**Tónmennt,** 75 % staða.
**Tölvukennsla**, 100 % staða.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

# Verslunarstjóri

**Samkaup hf. leitar að öflugum verslunarstjóra til starfa í Hyrnunni í Borgarnesi.**

**Starfssvið :**
- Ábyrgð á daglegum rekstri verslunar og veitinga.
- Vöruval, birgðastjórnun, innkaup og framsetning.
- Stjórnun starfsfólks, starfsmannaþjálfun og hvetjandi markmiðasetning.

**Menntunar og hæfniskröfur:**
- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi sem þessu.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af verslunarstjórn er kostur.
- Áhugi, metnaður og drifkraftur.

Umsóknir óskast fylltar út á **www.hagvangur.is** fyrir 2. ágúst nk.

Númer starfs er **4692**.

Upplýsingar veitir Albert Arnarson og Baldur Jónsson. Netföng: albert@hagvangur.is og baldur@hagvangur.is

Samkaup
HYRNAN

*Sjá nánar á* www.samkaup.is

HAGVANGUR
*- við ráðum*

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík • Sími 520 4700 • Bréfasími 520 4701 • www.hagvangur.is

FRÉTTABLAÐIÐ
AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

Talstöðin
FM 90,9

Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöðvar



## Miðgarður, þjónustumiðstöð Grafarvogs og Kjalarness auglýsir:

*Frístundaráðgjafi*

**Starfssvið**
· Forvarnarmál
· Stefnumótun frístundaþjónustu
· Utanumhald tómstundaframboða
· Þátttaka í eflingu félagsauðs
· Menningarmál s.s. umsjón Grafarvogsdags
· Upplýsingamál s.s. umsjón heimasíðu
· Ýmiskonar hverfissamstarf
· Teymisvinna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
· Menntun á háskólastigi
· Þekking / reynsla af íþrótta- og tómstundastarfi
· Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
· Skipulagshæfileikar
· Mikill áhugi á grasrótarstarfi

Upplýsingar veita Ingibjörg Sigurþórsdóttir framkvæmdastjóri og Erna Guðmundsdóttir deildarstjóri í síma 411 1400. Umsóknarfrestur er til 8. ágúst. Umsóknum skal skilað í Miðgarð, Langarima 21, 112 Reykjavík.

## Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða auglýsir:

*Þjónustufulltrúi*

Laus er til umsóknar staða þjónustufulltrúa á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða.

**Starfssvið**
· Almenn upplýsingagjöf og leiðbeiningar um starfsemi Reykjavíkurborgar
· Móttaka og símsvörun
· Skráning og afgreiðsla umsókna
· Ritvinnsla og textagerð

**Menntunar og hæfniskröfur**
· Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
· Góð tölvu- og tungumálakunnátta
· Rík þjónustulund og lipurð í mannlegum samskiptum
· Nákvæmni og sjálfstæði í starfi

Nánari upplýsingar veitir Magdalena Kjartansdóttir deildarstjóri í síma 411 1600, netfang: *magdalena.kjartansdottir@reykjavik.is.* Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða, Skúlagötu 21, fyrir 8. ágúst nk.

## Þjónustuíbúðir Lönguhlíð

*– vaktavinna*

Starfsfólk vantar á kvöld og helgarvaktir í Þjónustuíbúðum Lönguhlíð 3. Starfshlutfall er 40–60%. Starfið felst í almennum heimilisstörfum, félagslegum stuðningi og persónulegri aðstoð við íbúa. Krafist er góðrar almennrar menntunar, hæfni í mannlegum samskiptum, jákvæðs viðmóts, frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða. Einnig vantar starfsfólk á næturvaktir.

Nánari upplýsingar veitir Lilja Sörladóttir forstöðumaður Lönguhlíð 3, símar 552 4161 og 822 3087, netfang: *lilja.sorladottir@reykjavik.is*

## Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis auglýsir:

*Umsjónarmaður félagsstarfs*

Við leitum að kraftmiklum og áhugasömum einstaklingi til að stýra félagsmiðstöðvunum Hæðargarði 31 og Dalbraut 18–20 frá 1. september 2005.

**Starfssvið**
· Dagleg stjórnun og rekstur félagsmiðstöðvanna
· Stjórnun félags-og tómstundastarfs í samráði við notendaráð
· Samskipti og ráðgjöf við þátttakendur í félagsstarfi og íbúa í Laugardal og Háaleiti
· Þátttaka í þróun félagsstarfs í hverfunum

**Menntunar- og hæfniskröfur**
· Háskólamenntun sem nýtist í starfi
· Reynsla af stjórnun og rekstri félags- og tómstundastarfs æskileg
· Hæfni í mannlegum samskiptum
· Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
· Góðir skipulagshæfileikar

Upplýsingar veitir Aðalbjörg Traustadóttir framkvæmdastjóri í síma 411 1500, netfang: *adalbjorg.traustadottir@reykjavik.is.* Umsóknum skal skilað á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 fyrir 10. ágúst 2005.

## Félagsmiðstöðin í Hæðargarði

*– störf í eldhúsi*

Starfsmaður óskast til að hafa yfirumsjón í móttökueldhúsi í Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31. Um er að ræða 100% starf. Vinnutími frá 8.30–16.30.

**Starfssvið**
· Móttaka og sala á aðsendum mat
· Innkaup vegna veitingasölu
· Umsjón með kaffisölu
· Almenn eldhússtörf

**Hæfniskröfur**
· Reynsla af eldhússtörfum
· Lipurð í mannlegum samskiptum
· Sveigjanleiki

Einnig vantar aðstoðarmann í móttökueldhús. Vinnutími frá 11–16. Möguleiki er á 100% starfi í samvinnu við heimaþjónustu í hverfinu. Starfið er laust nú þegar.

Hæðargarður 31 er fremur lítil starfseining með fjölbreytta starfsemi og verulega líflegan starfsanda. Óskað er sérstaklega eftir reyklausu fólki.

Upplýsingar veitir Ásdís Skúladóttir verkefnisstjóri í síma 568 3132,
netfang: *asdis.skuladottir@reykjavik.is*

## Þjónustuíbúðir Dalbraut

*– aðhlynning*

Um er að ræða 80% stöðugildi og eru dagvaktir frá kl. 8–16 en kvöldvaktir frá kl. 16–24. Unnið er aðra hvora helgi. Starfið er laust nú þegar. Starfið felst í aðstoð við persónulega umhirðu íbúa og almennum heimilisstörfum. Óskað er eftir samviskusömum starfsmanni sem er lipur í mannlegum samskiptum og hefur ríka þjónustulund. Félagsliðanám er æskilegt.

Nánari upplýsingar veitir Guðný Pálsdóttir deildarstjóri, sími 568 5377,
netfang: *gudny.palsdottir@reykjavik.is*

## Þjónustuíbúðir Furugerði

*– eldhús*

Í þjónustuíbúðum aldraðra í Furugerði 1 er nú þegar laust 50% starf í móttökueldhúsi. Starfið felst í almennum eldhússtörfum og krefst lipurðar í mannlegum samskiptum og sveigjanleika.

Nánari upplýsingar veita Herdís Jóhannsdóttir eða Margrét Benediktsdóttir í síma 553 6040,
netfang: *herdis.johannsdottir@reykjavik.is.*

*Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum.*

*Þjónustumiðstöðvar eru starfræktar á fimm stöðum í borginni auk útibús í Árbæ. Markmiðið með stofnun þeirra er að auka aðgengi að þjónustu borgarinnar, stuðla að samstarfi sérfræðinga í málefnum barna og fjölskyldna og efla hverfastarf.*
*Þjónustumiðstöðvar heyra undir Þjónustu- og rekstrarsvið Reykjavíkurborgar þar sem lögð er áhersla á framsækna þjónustu við viðskiptavini og hagkvæmni í rekstri. Starfsmenn eru lykill að velgengni stofnana og deilda sviðsins og gegna mikilvægasta hlutverkinu í þjónustumiðaðri starfsemi.*

# KÓPAVOGSBÆR

## LAUS STÖRF

**Listasafn Kópavogs, Gerðarsafn:**
• Starf á kaffistofu

**Félagsþjónustan:**
• Starf með fötluðum dreng

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**
• Afgreiðsla/laugarvarsla/baðvarsla karla

## GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Hjallaskóli:**
• Umsjónarmaður tölvumála
• Spænskukennsla
• Leiklistarkennsla

**Kársnesskóli:**
• Matráður kennara
• Starfsmenn í Dægradvöl
• Spænskukennsla
• Tölvutónlist og hljómsveit

**Smáraskóli:**
• Umsjónarkennari á miðstig

**Snælandsskóli:**
• Starfsmaður í Dægradvöl
• Gangavörður ræstir
• Matráður

## LEIKSKÓLAR KÓPAVOGS:

**Leikskólinn Álfaheiði:**
• Leikskólasérk/þroskaþj.
• Leikskólakennarar

**Leikskólinn Álfatún:**
• Sérkennslustjóri
• Deildarstjóri
• Leikskólakennari

**Leikskólinn Dalur:**
• Leikskólakennari
• Leikskólasérk/þroskaþj.

**Leikskólinn Efstihjalli:**
• Leikskólakennarar
• Aðstoð í eldhús

**Leikskólinn Fagrabrekka:**
• Leikskólakennari
• Matráður
• Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Fífusalir:**
• Aðstoð í eldhús
• Ræsting

**Leikskólinn Grænatún:**
• Leikskólakennari
• Sérkennslustjóri

**Leikskólinn Kópasteinn:**
• Leikskólakennari

**Leikskólinn Marbakki:**
• Leikskólakennarar

**Leikskólinn Rjúpnahæð:**
• Leikskólakennari

**Nánari upplýsingar á:**
***www.kopavogur.is***
**og *www.job.is***



# Matreiðslumaður á golfhótel

**Icelandair Hótel Hamar í Borgarnesi óskar eftir að ráða matreiðslumann í fullt starf.**

Ráðningartími er frá 20. ágúst 2005.
Vinnutími eftir samkomulagi.

Hótel Hamar er staðsett á golfvellinum, 4 km frá Borgarnesi og var opnað 30. júní sl. Þar eru 30 herbergi með öllum þægindum, fundarsalur og góð veitingaaðstaða. Upplýsingar veitir Hjörtur Árnason í síma 433-6600, GSM 892-1884 eða hamar@icehotels.is

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

### Lausar stöður í leik- og grunnskólum

**Norðurberg** (s.895 6869 nordurberg@hafnarfjordur.is)
- **Matreiðslumeistari**
- **Almennur starfsmaður**

**Áslandsskóli** (s. 664 5501 leifur@aslandsskoli.is)
- **Heimilisfræðikennsla**

**Víðistaðaskóli** (s. 664 5891 annakr@vidistadaskoli.is)
- **Heimilisfræðikennsla**

Allar upplýsingar um störfin gefa skólastjórar viðkomandi skóla. Umsóknarfrestur er til 1. ágúst.

**Fræðslustjórinn í Hafnarfirði**

HAFNARFJÖRÐUR

VELKOMIN TIL HAFNARFJARÐAR!
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í **síma 585 5500** og á heimasíðunni **www.hafnarfjordur.is**

## HEGAS ehf.

### HEGAS ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn í eftirfarandi stöður:

**Lagermann:**

Starfssvið:
- Lagerumsjón
- Tiltekt pantana
- Vörumóttaka

**Sölumann:**

Starfsvið:
- Sala til viðskiptavina í búð og síma
- Tiltekt pantana
- Móttaka vöru

**Hæfniskröfur:**
Samviskusemi, vandvirkni og öguð vinnubrögð, þjónustulipurð, jákvæðni og stundvísi.

Áhugaverð og krefjandi störf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Upplýsingar um fyrirtækið má sjá á heimasíðu okkar www.hegas.is Umsækjendur vinsamlegast sendið umsóknir fyrir 1. ágúst 2005 á netfang: *hegas@hegas.is* eða í pósti til.

Hegas ehf.
Smiðjuvegi 1,
200 Kópavogi

## NÝ STÖRF – NÝR STAÐUR

**Bílanaust hefur nú opnað glæsilega verslun að Bíldshöfða 9 og flutt höfuðstöðvar sínar á sama stað.**

**Félagið óskar eftir að ráða eftirfarandi stöður:**

1. **Starfsfólk í verslun og lager að Bíldshöfða 9.**
   a) Afgreiðslufólk í verslun.
   b) Starfsmenn á kassa.
   c) Lagerstarfsmenn.

2. **Sölumenn – reynsla, þekking, frumkvæði og hæfni í mannlegum samskiptum nauðsynleg.**

**Um er að ræða lífleg og spennandi störf í nýju húsnæði hjá öflugasta fyrirtæki sinnar tegundar á Íslandi. Við leitum að áhugasömu fólki sem hefur frumkvæði, þjónustulund og áhuga á að taka þátt í mótun og sókn vaxandi fyrirtækis sem byggir á traustum grunni.**

**Skriflegar umsóknir sendist kristjan@bilanaust.is fyrir 1. ágúst 2005.**

Bílanaust er eitt elsta og öflugasta verslunarfyrirtæki landsins og markaðsleiðandi í sölu á bifreiðavarahlutum. Félagið var stofnað árið 1962 og hefur undanfarna 2 áratugi verið með höfðustöðvar sínar í Borgartúni 26 auk þess að starfrækja fjölda verslana um land allt. Starfsmenn í dag eru 112. Nýlega opnaði Bílanaust glæsilega verslun í húsnæðinu að Bíldshöfða 9 sem er 9.700 m2 húsnæði sem áður hýsti Hampiðjuna. Bílanaust er traust fyrirtæki sem sækir fram í þjónustu við bifreiðaeigendur.

Takt/1977




## RE/MAX • KÓPAVOGI
### SÖLUFULLTRÚAR FASTEIGNA

**RE/MAX KÓPAVOGI óskar eftir að ráða metnaðarfulla sölufulltrúa til starfa strax.**

**RE/MAX KÓPAVOGI leggur mikinn metnað í fagleg vinnubrögð og fara allir sölufulltrúar í gegnum starfsþjálfun.**

**Tekið verður á móti umsóknum hjá RE/MAX KÓPAVOGI að Bæjarlind 12, frá kl. 11:00 til 13:00 mánudaginn 25. júlí.**

TOPP ÞJÓNUSTA

RE/MAX KÓPAVOGUR
Bæjarlind 12
201 Kópavogur
Þórarinn Jónsson, hdl. Löggiltur fasteignasali

RE/MAX KÓPAVOGUR

## Arkitektastofa

Vegna mikillar aukningar í verkefnum óskar arkitektastofa eftir að ráða til sín arkitekta, byggingarfræðing og tækniteiknara.

**Umsóknin sendist Fréttablaðinu merkt „Arkitektastofa"**

## STEYPUSTÖÐIN

Steypustöðin ehf er framsækið þjónustu og framleiðslufyrirtæki sem skapar ásamt viðskiptavinum sínum verðmætar gæðalausnir.

# Lagerstjóri

Óskum við eftir umsóknum um starf lagerstjóra í Hafnarfirði. Starfið felst í skipurlagningu lagers, útkeyrslu, ásamt almennum lagerstörfum við hellur, steina og forsteyptar einingar. Umsækjandi þarf að hafa tölvuþekkingu, lyftarapróf og gott að hafa reynslu/menntun í vörustjórnun.

Um er að ræða fullt starf. Vinnutími getur bæði orðið langur og breytilegur.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist aðeins í tölvupósti á netfangið *inger@steypustodin.is.* Umsóknarfrestur er til föstudagsins 5. ágúst.

Umsækjandi þarf að hafa vilja til að taka þátt í þróttmikilli og metnaðarfullri starfssemi okkar þar sem öryggi, þjónusta og vörugæði eru í fyrirrúmi.

## FLENSBORGARSKÓLINN

### Stuðningsfulltrúi í starfsdeild

Flensborgarskólinn í Hafnarfirði óskar að ráða til starfa **stuðningsfulltrúa** í starfsdeild skólans fyrir næsta skólaár. Um er að ræða **fullt starf.** Æskilegt að viðkomandi hafi lokið stúdentsprófi.
Laun samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

Miðað er við að ráðning gildi frá 15. ágúst 2005.
**Umsóknarfrestur er til 3. ágúst 2005.** Ekki þarf að sækja um á sérstökum umsóknareyðublöðum en í umsókn þarf að greina frá menntun, fyrri störfum og öðru því sem umsækjandi telur að skipti máli. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.
Frekari upplýsingar um starfið veitir skólameistari í síma 5650401 eða í tölvupósti, netfang flensborg@flensborg.is.

Umsóknirnar skulu berast til skólameistara Flensborgarskólans, Pósthólf 240, 222 Hafnarfirði í síðasta lagi 3. ágúst n.k.

Bent er á upplýsingar um Flensborgarskólann í Hafnarfirði á vefsíðu skólans www.flensborg.is

**Skólameistari**

*Hvernig verður maður …*

# … skipstjóri?

Til að sinna starfi skipstjóra þarf mikla þekkingu á siglingum og skipum. Skipstjóri er á hverju skipi hvort sem það er fiskveiðiskip eða annars konar skip. Hann er yfirmaður allra sem vinna á skipinu og hefur stýrimenn sér til aðstoðar. Skipstjórar og stýrimenn eru skipsstjórnarmenn sem eins og nafnið bendir til stýra skipum og stjórna áhöfninni.



Engeyin er eitt stærsta skip íslenska fisveiðiflotans.

## NÁM

Til að mega verða skipstjóri þarf viðkomandi að ná sér í svokölluð skipstjórnarréttindi með því að ljúka prófum í Fjöltækniskóla Íslands, sem hét áður Stýrimannaskólinn í Reykjavík. Námið skiptist í fjögur stig sem veita tiltekin réttindi eftir að þeim er lokið. Námstími er mismunandi en sjómannareynsla getur flýtt fyrir námi á fyrri stigum. Fyrsta stigið tekur tvö til þrjú ár og veitir skipstjórnarréttindi á tvö hundruð rúmlesta fiskiskipum. Annað stigið er nám í þrjár til fjórar annir í viðbót og það próf veitir skipstjórnarréttindi á öll fiskiskip. Þriðja stigið er síðan viðbótarnám oftast í eina önn og við það öðlast viðkomandi ótakmörkuð skipstjórnarréttindi á farskipum. Fjórða stigið þurfa skipstjórar svo að klára til að geta orðið skipherrar á varðskipum. Til að fá atvinnuréttindi er einnig skylda að ljúka ákveðinni siglingareynslu.

## HELSTU NÁMSGREINAR

Til sölu Kawasaki kx 250 2004. Hjólið er mjög lítið notað. Verð 560 þús. Uppl. í s. 696 1968.

Yamaha WR250F 2001 til sölu. Fjórgengiskrossari í topp standi. Verð 450 þús. Nýr búningur getur selst með. Guðjón S. 869 7499.

Til sölu Suzuki 600 Racer árg. 1992, hefur staðið lengi. Uppl. síma 697 3629.

Icebike auglýsir. www.icebike.is. S. 867 1282 og 421 5452.

KTM 450 EXC árg. 2003 hjól í toppstandi, mikið af aukahlutum. Sjón er sögu ríkari. Verð 600 þús. Uppl. í síma 698 0700.

Til sölu KTM 450 NXC árg. 2003. Topphjól með fullt af aukadóti. Hjólið er skráð á rautt númer og er til sýnis og sölu í DeDion Akureyri. S. 462 6900.

Til sölu Yamaha XJR 1300, árg. '02, ekið 2800 km. Glæsilegt hjól, vel með farið. Verð 880 þús. Uppl. í síma 898 2225.

## Spádómar

Dulspekisíminn 908 6414. Símaspáin-draumaráðn. Spák. Yrsa í beinu sambandi. Hringdu núna!

**Örlagalínan 908 1800 & 595 2001**
Miðlar, spámiðlar, tarotlestur, draumráðningar. Fáðu svör við spurningum þínum.

908 6116 er spákonan Sirrý. Ástir, fjármál, heilsa. Tímap. í s. 823 6393.

## Múrarar

Húseigendur, Húsfélög Ath. Múrarameistari sérhæfður í sprungu og tröppuviðgerðum er að bóka ágúst. Vönduð vinna. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

# HEILSA

## Heilsuvörur

15 kíló farin með Shape-works. Borðið og grennist! Edda S. S. 861 7513 & 820 7547.

Frábær líðan. Alveg síðan, Herbalife www.eco.is Erla Bjartmarz erla@eco.is 899 4183.

## Líkamsrækt

**Trimform**
Til sölu lítið notað trimform tæki Profesional 24 blöðkur. Verðhugmynd 90 þús. Uppl. í síma 898 0868.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Herbalife á toppnum í 25 ár! Shapeworks-Nouri Fusion www.arangur.is s. 586 8786.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

www.heimanam.is Námskeið í allt sumar Heimanám. Tölvufræðslan sími 562 6212. Við kennum allt árið.

# HEIMILIÐ

## Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

Yndislegir Silki Terrier hvolpar til sölu, bólusettir, örmerktir og ættbókafærðir. Tilbúnir til afhendingar. Uppl. í síma 587 8641 & 861 2816.

Til sölu 11 mánaða gamall Rottweilerhundur. Ættbók fylgir. S. 860 1963.

Óska eftir Rotweiler hvolpi með ættarbók og tilheyrandi. Helst tík. S. 847 3112 & 846 8726.

Paradize Passion ræktun auglýsir eftir fósturforeldrum. Um er að ræða 9 mánaða nýinnfluttan Bassethound karlhund sem notaður verður í ræktunina. Sérlega geðgott og glæsilegt dýr. www.basset.is eða sími 663 6342.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Gisting

Til útleigu einbýlishús í Eyjafjarðarsveit 35 km. frá Akureyri. Sólarhrings, helgareða vikuleiga í boði. Nánari uppl. í s. 847 2208.

## Fyrir veiðimenn




www.sportvorugerdin.is




Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is






Laxá á Refasveit. Eigum laust frá 27-30 júlí og eftir miðjan sept. Uppl. í síma. S. 898 3440 & 824 5406 .










Urriðinn er vitlaus í Hvítan Nobbler þessa dagana. Fæst á www.frances.is

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2ja herbergja íbúð í Hraunbæ til leigu. Uppl. í s. 586 1494.

Tvær fallegar íb. m/húsgögnum til leigu við sjávarsíðuna í 101. Uppl. í síma 822 5127.

Svæði 101 Rvk. Hverfisgata 102B (bakvið verslunina 17). 2 nýuppg. 65 fm íbúðir, einnig 2 leigu herb. í kjallara ásamt snyrtiaðstöðu. Opið hús fyrir áhugasama leigjendur mánud. 25/7 frá kl. 19.00 - 21.00. Uppl. s. 588 3006, Símmi.

Til leigu 3ja herb. hæð í hlíðunum frá 1. sept. í 1 ár. Íbúðin skiptist í 2 stofur, hol og svefnherb. og leigist með húsgögnum. Leiga er kr. 90 þús. á mánuði. Hiti og rafmagn innifalið. Uppl. í s. 695 4761.

Rísíbúð til leigu í Kóp. frá 1. sept. 70-80 fm, 3-4 herb. 85 þús. á mán. Greiðsluþjónusta, tryggingav. S. 554 2542.

Ný og falleg 25 fm einstaklingsíbúð m. séringang. til leigu. Skiptist í svefnherb., stofu/eldhús (m. ísskáp), bað m. sturtu og lagt fyrir þvottav. Leigist frá 1.ágúst. V. 45 þ m. hita og raf. S. 893 9169.

Herbergi/ íbúð í hverfi 108 6-7 fm herb. til leigu frá 15.8. Samnýting stofu, eldhúss, baðherb. og þvottahúss með 19 ára nema. Leiga 27 þ/m. Áhugas. skrifi: kristsve@visir.is f. 1. ág. n.k.

## Húsnæði óskast

Leita eftir húsnæði til leigu aðeins í ágúst, allan mánuðinn fyrir 6-8 manneskjur. Tala ensku. Uppl. í síma +491704721601 eða e-mail aschimmelbusch@yahoo.de

Einstæða móður vantar 2ja til 3ja herbergja íbúð í Garðabæ. S. 847 6671.

Einstaklingsíbúð í miðb. Reykjavík óskast (101/105) Verðbil 55-75 þús. á mán. Sólveig 669 9215.

Óska eftir einstaklingsíbúð frá og með 1 september á góðum kjörum. Skilvísar greiðslur og algjör reglusemi. Uppl. í s. 848 2189.

Reglusamur og reyklaus 34ra ára karlmaður í fastri vinnu óskar eftir stúdíó íbúð eða herbergi til leigu. S. 567 3006 & 862 5003, Gunnar.

Húsnæði óskast frá ágúst til des. á stór Reykjavíkursvæðinu. S. 863 8892.

Par með 2ja ára barn óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð í Hfj. Reglusemi og skilvísar greiðslur. Daði s. 893 9338:)

Handk.deild Gróttu óskar eftir studio/2ja herbergja íbúð fyrir danskan þjálfara frá 1. ágúst á svæði 170/101/107. Með húsgögnum væri hentugt. Hafið samband við Arnar. S. 861 6669.

Reglusöm 2ja barna móðir óskar eftir 3ja-4ja herb. íbúð til leigu í Hafnarfirði. Skilvísi heitið. Meðmæli ef óskast. S. 863 3813, Guðfinna.

Óska eftir að taka á leigu herbergi eða litla íbúð í Hfj. Er reyklaus og reglusöm. S. 867 2292.

22ja ára reyklausa stelpu vantar stúdíó/2ja herb. íbúð helst nálægt Hí. S. 869 2253, Eva.

Reyklaust, reglusamt par vill leigja í sveit á vesturlandi rúmgott húsnæði m. bílskúr/útihúsi frá 1. sept. Okkar leiguhúsn., góð 90 fm. í vesturbæ Rvk. til leigu frá sama tíma. Björn s. 869 2159.

Vantar 2ja h. íbúð eða stúdíó. Sextugur, traustur, til fyrirmyndar í heimilishaldi og umgengni. Fyrirframgr. Sími 661 7281.

## Sumarbústaðir

**Sumarhús**
Til leigu sumarhús á Fljótsdalshéraði, stendur á fallegum stað úti í sveit. Margt að skoða. Lausar vikur í ágúst og sept. Veiði í gæs og silung. S. 471 3034.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastarf. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is.**

**Framtíðarstarf og sumarafleysingar**
AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum á lyftara og í lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar. Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

**Öflugur starfsmaður**
Flotlagnir ehf. óska eftir að ráða öflugan starfsmann til framtíðarstarfa. Starfið felst í gólfslípunum og flotun gólfa. Reynsla æskileg.
**Upplýsingar í símum 862 1600 og 896 9604.**

Getum bætt við vönum starfsmönnum á hjólbarðaverkstæði og smurstöðvar á Akureyri og Egilsstöðum. Dekkjahöllin, s. 462 3002 & 471 2002.

Ari í Ögri óskar eftir fólki í vinnu sem er þjónustulundað, jákvætt og duglegt. Upplýsingar í síma 822 9972 og 899 6232.

BT sögun óskar eftir starfsfólki í steipusögun, kjarnaborun og múrbrot. Mikil vinna framundan. Uppl. í síma 892 7544.

**Störf við ræstingar**
BG óskar eftir að ráða fólk til starfa við ræstingar víðsvegar um höfuðborgarsvæðið. Upplýsingar veitir Sherry í síma 693 1516. Einnig er hægt að senda inn umsókn á www.bgthjonustan.is/bg/is/atvinna

Óska eftir starfskrafti við uppsteypun húsa hvort sem er smiður eða vanur. Sími 893 0884.

Óðal við Austurvöll auglýsir eftir duglegum og reglusömum starfskröftum í vinnu á bar og í tónlistarstjórnun. Vinsamlega sendið umsókn á netfangið clubodal@clubodal.is eða hafið samband í síma 897 4486.

**Bónstöð Jobba**
**Óskum eftir rösku starfsfólki til starfa sem fyrst. Mikil vinna framunda. Uppl. í s. 568 0230 & 898 7930.**

**Starfsmann vantar!!**
Starfsmann vantar til framtíðarstarfa við afgreiðslu í ísbúð, söluturn og myndbandaleigu. Lágmarksaldur 18 ár, hærri aldur skaðar ekki. Ath. reyklaus vinnustaður. Vinnutími frá kl. 10:00 til 18:00. Möguleiki á hálfsdagsvinnu. Umsóknareyðublöð á staðnum. Ríkið Snorrabraut 56.

**Pizza Höllin Mjódd**
Óskar eftir starfsfólki í kvöld og helgarvinnu. Ekki yngri en 17 ára. Uppl. veitir verslunarstjóri á staðnum.

**Loftorka Reykjavíkur**
**Óskar eftir vönum meiraprófs bílstjóra við malbikunarstörf og verkamenn. Uppl. í síma 565 0877 mánudaginn 25. júlí.**

**energia - Ristorante / Smáralind**
Óskum eftir röskum matreiðslumanni. Einnig vantar starfsfólk í sal. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi einhverja reynslu. Áhugasamir sendi uppl. um aldur og fyrri störf á energia@energia.is eða í síma 864 6600 Guðmundur.

## Viðskiptatækifæri



Viltu græða? Viltu verða þinn eigin herra? Pylsuvagn í fullum rekstri til sölu! Frábært buisness tækifæri fyrir rétta aðila! Nánari uppl. í síma 895 8994.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**XXX DVD**
**BESTA VERÐIÐ**
DVD frá kr. 1990 nýjar myndir frá USA 2950, allar VHS á 1498.
grensasvideo.is
Grensásvegi 24 s. 568 6635
Opið 15.00 - 23.30

## SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 FM 98,9 BYLGJAN FRÉTTABLAÐIÐ Létt 96,7 vísir

Félag eldri borgara í Reykjavík hefur flutt skrifstofu og **félagsheimilið Ásgarð í Stangarhyl 4**

Frábært veður til hvalaskoðunar með Hafsúlunni. **Hvalastöðin Ægisgarði, Reykjavík.**

Tískudívan Diane Pernet slátrar Iceland Fashion Week. Ungir tískuhönnuðir kjöldregnir af Kollu. Lestu meira í Sirkus Reykjavík. **Nýtt tímarit. Nýr tónn.**

Garðplöntuútsala. **Blómaval.**

Útsalan í fullum gangi 20 prósenta viðbótarafsláttur á allar útsöluvörur í dag sunnudag. **Útilíf Smáralind og Kringlunni**

Árbæjarsafn. Færeysk stemning í dag. Allir velkomnir. **Árbæjarsafn.**

Fjölskyldudagar alla sunnudaga, Íshestar.is **sími 555-7000**

Ertu á leið í bæinn, **komdu við á Pizza Hut.**

Skessubrunnur opið. **Skessubrunnur.is**

Allt að 60% afsláttur af öllum garðplöntum. **Blómaval.**

7 rósir 499 krónur . **Blómaval.**

Allar garðplöntur á útsölu. **Blómaval.**

Rósabúnt 499 krónur, **Blómaval.**

Margt forvitnilegt að sjá. **Iðnaðarsafnið Akureyri.**

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.





TEIKNING / HELGI SIGURÐSSON

# ÚTSÖLUÓÐIR ÍSLENDINGAR

Útsölubrjálæðingar eru ósköp venjulegir viðskiptavinir stærstan hluta ársins. Þeir eru þó þeim eiginleikum gæddir að í hvert sinn sem útsölur ganga í garð breytast þeir í óþolandi nöldurskjóður eða brögðótta refi. *Sóley Kaldal* komst að því að þetta er afar algengt og fékk innsýn sérfræðinga í málið.

Nú eru útsölurnar í algleymingi og þegar útsölutímabil ganga í garð, tekur viðskiptavinurinn stökkbreytingum. Ákveðin „útsöluhegðun“ fer að gera vart við sig hjá fólki sem hættir að vera kurteist og snyrtilegur kúnni og breytist í villidýr sem beitir ýmsum klækjabrögðum og rífur kjaft.

### Tróð stígvélunum í lítið holrúm

Starfsmenn tískuvöruverslana eru almennt sammála um það að „útsöluhegðun“ sé töluvert meira áberandi hjá konum. „Margar konur mæta einum til tveimur dögum fyrir útsöluna og fela þær flíkur sem þær girnast aftast á rekkunum svo þær geti gengið að þeim vísum þegar útsalan hefst,“ sagði starfsmaður einnar verslunar. „Sumar ganga jafnvel enn lengra. Þær taka flíkurnar af rekkunum og reyna að fela þær á hinum ýmsu stöðum í búðinni. Ein kona hafði troðið stígvélum inn í holrúm á sýningarvegg í von um að geta nálgast þau þegar útsalan byrjaði.“

„Mér finnst alveg ótrúlegt hvað fólk er tilbúið að leggja á sig,“ segir annar starfsmaður. „Fyrstu daga útsölunnar er ekki mikill afsláttur af vörunum en fólk lætur sig samt hafa það að standa í röð í hálftíma, þrjú korter, með eina flík til að spara 300-400 krónur.“

### Mikið rannsakað í sálfræðinni

Ragna Benedikta Garðarsdóttir er að leggja lokahönd á doktorsnám í félagssálfræði, með áherslu á efnahagshegðun fólks, frá Háskólanum í Sussex í Englandi. Hún segir að töluvert mikið sé vitað um það hvernig fólk taki ákvarðanir þegar það standi frammi fyrir afslætti. „Rannsóknir af þessu tagi eru að mestu byggðar á kenningu sem heitir Prospect Theory [Möguleikakenning] og er eftir Daniel Kahneman og Amos Tversky, en þeir fengu Nóbelsverðlaunin í hagfræði 2002 fyrir þessa kenningu. Kenningin sýnir að fólk er ekki skynsamt þegar það kemur að því að taka ákvarðanir um peninga. Tap eða ókostir hafa meiri áhrif á ákvarðanir en hagnaður og kostir. Þegar kemur að ákvörðunum er fólk líklegra til að reyna að forðast tap en að reyna að auka líkur á hagnaði,“ segir Ragna.

En hvernig virkar þetta á útsölum? „Jú, fólk sér afslátt sem „forðun“ á tapi. Fólk er því líklegt til að vera ánægðara með að hafa greitt 100.000 krónur fyrir vöru vitandi það að hún var á 50 prósenta afslætti (Júhú, ég sparaði 100 þúsund kall!), í staðinn fyrir að hugsa um að hafa sparað 100.000 krónur með því að kaupa ekkert. Með öðrum orðum: ef þú kaupir ekki núna munt þú tapa afslættinum! Það sem meira er, fólk á það til að kaupa meira en það vantar, vegna þess að hluturinn er á útsölu og þarafleiðandi finnst fólki það vera forðast að tapa peningum í framtíðinni.“

### Skipta á verðmiðum og heimta hærri prósentur

Reynslusögur starfsmanna eru hver annarri lygilegri. „Mjög margir reyna að prútta og fá meiri afslátt, jafnvel þótt varan sé með 70 prósenta afslætti. Fólk gerir líka margt til að reyna að fá nýju vörurnar á útsöluverði. Við stöndum fólk stundum að því að rífa verðmiðana af flíkinni, eða færa verðmiða á milli flíka, í von um að við rukkum það lægra en til stendur,“ segir ein afgreiðslukona.

Ragna segir að prósentur skipti fólk miklu máli. „Fólk er líklegra til að kaupa eitthvað ef vara er auglýst á háum hlutfallslegum afslætti, en þegar raunveruleg upphæð er auglýst.“ Hún tekur dæmi: „Ef kjóll kostaði 10.000 kr. og er auglýstur til sölu með 50% afslætti, er kjóllinn vinsælli vara en sambærilegur kjóll sem er auglýstur á 5.000 kr. þó svo að báðir kosti það sama! Þetta er vegna þess að fólk heldur að það hafi verið að spara og forðast tap ef það sér að 50 prósent hafa verið slegin af. Fólk er að öllu jöfnu ekki meðvitað um þessar ákvarðanatökur sínar. Það á vissulega til að velja vöru með tiltekin markmið í huga, en það er ekki meðvitað um þann feril sem heilinn notar til að vinna úr reikningsdæminu.“

> „Um daginn vorum við með kvenskó á útsölu. Tvær konur gripu hvor sinn skóinn af sama parinu og þetta var síðasta parið í þeirri stærð. Þær þráttuðu og körpuðu um hvor ætti rétt á að eignast parið og gátu alls ekki komið sér saman um það. Eftir mikil læti og hamagang brá önnur þeirra á það ráð að labba yfir í hinn enda búðarinnar og fela skóinn í kvenveski. Svo fór hún bara. Sú sem eftir stóð leitaði og leitaði að skónum en fann hann ekki og varð að lokum að gefast upp. Daginn eftir mætti konan sem hafði falið sinn skó og keypti parið,“ segir starfsmaður í fatabúð.

### Ganga um eins og villimenn

Starfsmenn verslana hafa einnig haft orð á því að fólk gangi almennt mun verr um búðina þegar útsala er í gangi. Fólk ber minni virðingu fyrir vörunni þegar hún er með afslætti og gengur um eins og stormsveipur. „Það er ótrúlegt hvernig fólk lætur stundum. Það rífur og tætir og er oft með svo mikið af fatnaði í fanginu að það tekur ekki eftir því ef það missir eitthvað eða einhver flík dregst eftir gólfinu. Við höfum ekki undan við að tína upp spjarirnar og stundum liggja þær eins og hráviði um öll gólf í lok dags.“

Þessa hegðun fólks má einnig skýra með sálfræðinni. „Í fyrsta lagi skýrum við þetta með því að fólk apar hvert eftir öðru til að taka ákvörðun um hvernig á að haga sér í tilteknum kringumstæðum, svokallað „social proof“ [félagsleg viðurkenning]. Sjái maður fötin liggja í hrúgum á gólfinu er maður ólíklegur til að fara að taka til eða ganga snyrtilega frá sjálfur, því að enginn annar er að því,“ segir hún. „Það sem er kannski áhugaverðara er hegðun fólks þegar það stendur frammi fyrir skorti og samkeppni. Á útsölum er verið að selja leifar eða afganga, það sem ekki seldist á „réttu“ verði og þess vegna getur verið lítið eftir af tiltekinni vöru eða stærð – sem þýðir skortur,“ segir Ragna.

### Kaupa hluti svo enginn annar fái þá

Það verða því margir um hituna og of fáar flíkur. „Sálfræðin hefur sýnt fram á það með tilraunum að þar sem er skortur vegna eftirspurnar verður samkeppni. Ef skorturinn verður hins vegar til vegna slyss (svo sem ef eitthvað brotnaði), þá verður hluturinn ekki jafn eftirsóknarverður og engin samkeppni myndast.“ Ragna á því við að ef við skynjum að öðrum þyki ákveðinn hlutur spennandi þyki okkur hann einnig vera það og samkeppni sé þess vegna smitandi þegar kemur að kauphegðun.

„Verslunareigendur vita þetta og notfæra sér það óspart, til dæmis með því að auglýsa: „Vegna vinsælda eru aðeins örfáir hlutir eftir!“.

Samkeppni er mjög sterkur hvati og „hjálpar“ oft fólki við að taka ákvarðanir, sem eins og ég sagði á undan eru ekki alltaf meðvitaðar eða skynsamar. Fólk á útsölum vill því oft byrja að raða á sig hlutum, hvort sem það vantar þá eða ekki, vegna þess að annars gæti hluturinn fallið í hendur „óvinarins“ eða samkeppnisaðilans. Þessi hegðun er líka ómeðvituð, en það er margbúið að sýna fram á að þetta gerist. Verslanir laða því fólk inn með nokkrum hlutum sem eru á miklum afslætti en þegar þeir seljast upp vill fólk flytja sig yfir á næstmesta afsláttinn. Svona gengur þetta koll af kolli þar til fólk er farið að berjast um síðustu bitana,“ segir hún og staðfestir þar með það sem afgreiðslufólk hefur alltaf vitað, að sumir ráða einfaldlega ekki við sig þegar gott tilboð er annars vegar.



**RAGNA BENEDIKTA GARÐARSDÓTTIR** er að leggja lokahönd á doktorsnám í félagssálfræði, með áherslu á efnahagshegðun fólks, frá Háskólanum í Sussex í Englandi.

# Á Íslendingaslóðum í Köben

Bók Guðlaugs Arasonar rithöfundar, **Gamla góða Kaupmannahöfn**, var að koma út hjá Bókaforlaginu Sölku. Bókin er uppfull af fróðleik um Kaupmannahöfn og þá Íslendinga sem þar hafa búið.



„ANDSKOTANS HJALLURINN“ Í þessu húsi við Skindergade nr. 42 varð Jónas Hallgrímsson innkulsa „með skitu í andskotans hjallinum“ veturinn 1841-1842 en rölti niður til veðmangarans „Frændans“ til að veðsetja úrið sitt, sem dugði honum til að skrimta í nokkrar vikur.

Kaupmannahöfn var lögformlegur höfuðstaður Íslands í 475 ár, frá 1443 til ársins 1918. Allt fram á miðja nítjándu öld var borgin á svæði sem var ekki stærra að flatarmáli en Viðey, umlukið borgarveggjum. Á þessum tíma sóttu Íslendingar mikið til Kaupmannahafnar því þaðan var landinu stjórnað og þangað fóru gjarnan þeir Íslendingar sem vildu sækja sér æðri menntun. Götur og eftirstandandi hús þessa litla svæðis eru því gegndrepa af íslenskri sögu, bæði stjórnmálasögu og frásögnum af hversdagslífi þeirra Íslendinga sem þar bjuggu.

Guðlaugur Arason hefur síðastliðin fimm ár boðið upp gönguferðir um Kaupmannahöfn þar sem þessi saga er rakin og nú birtist hún í ítarlegri mynd á bók.

## Griðastaðir Íslendinga

Ekki var óalgengt að fyrsti griðastaður Íslendinga í Kaupmannahöfn væri Hotel du Nord, eða Bordel du Nord eins og það var kallað eftir hóraríinu sem þar fór fram. Benedikt Gröndal, sem bjó þar fyrst um sinn eftir komu sína til Kaupmannahafnar árið 1846, segir um staðinn í sjálfsævisögu sinni: „það var fremur illa ræmt, sagt, að þar hefðu menn verið drepnir; og að það væri aftökustaður fyrir lauslæti og ýmsan ólifnað ... þar var illt að búa og matur og drykkur hinn dýrasti.“ Fjölnismaðurinn Brynjólfur Pétursson bjó þar um tíma og einnig Grímur Thomsen.

Stórverslunin Magasin du Nord stendur nú þar sem hótelið stóð áður en verslunin var stolt danskrar kaupsýslu þar til íslenskir fjárfestar keyptu meirihluta í henni á haustdögum 2004, Dönum til nokkurrar niðurlægingar að sögn Guðlaugs.

Nútíð og fortíð mætast því nokkuð skemmtilega í bók Guðlaugs og leyfir hann sér að flakka frjálslega á milli tímabila í sögunni og leita heimilda víða.

Við hliðina á Hotel du Nord var veitingastaður sem Íslendingar kölluðu Mjóna. Staðurinn var fyrsta eiginlega kaffihúsið að erlendri fyrirmynd sem opnað var í Kaupmannahöfn. Íslendingar voru tíðir gestir á Mjóna, meðal annars Fjölnismenn og Jón Sigurðsson. Á efri hæð hússins var ballskákstofa fyrir betri borgara og var sagt að ef útlendingar hættu sér þangað upp krosslegðu gestirnir hendur og störðu á viðkomandi þar til hann hrökklaðist niður aftur. Ekki hefur varðveist í heimildum að Íslendingur hafi nokkru sinni lent í þessari meðferð.

## Stigi Jónasar heim

Munnmæla- og kviksögur gegna nokkru hlutverki í bók Guðlaugs og gerir það hana líflegri. Á einum stað segir hann frá því að íslenskir stúdentar í Kaupmannahöfn hafi verið iðnir við það í gegnum tíðina að stofna félög sem börðust með eða á móti hinu og þessu.

Fyrir nokkrum árum tóku íslenskir stúdentar sig til og stofnuðu félag sem fékk nafnið Stiginn heim. Meðlimir þess spiluðu saman fótbolta einu sinni í viku og fóru svo á krá og börðust fyrir því yfir bjórglasi að stiginn sem Jónas Hallgrímsson datt í yrði fluttur heim í heilu lagi en Jónas hrasaði hinn 15. maí 1847 í stiganum í húsinu sem hann bjó í, braut á sér ökklann og lést svo eftir sjúkrahúslegu ellefu dögum síðar. Af Jónasi eru annars margar sögur í bókinni.



„FRÆNDINN“ Í þessu húsi að Nybrogade nr. 2 var veðmangarinn „Frændinn“ sem Íslendingar fóru stundum til með eigur sínar þegar illa áraði.

## Elsku „Frændinn“

Jónas bjó á Skindergade 42 veturinn 1841 til 1842. Í húsinu var Jónas innkulsa „með skitu í andskotans hjallinum“ þá um veturinn og var þröngt í búi hjá honum. Því rölti hann með úrið sitt í kuldanum niður á Nybrogade nr. 2 þar sem hann veðsetti úrið sitt hjá „Frænda“, eins og Íslendingar kölluðu veðmangarann sem þar var til húsa, og dugði það honum til að skrimta næstu vikurnar. Kápa Jónasar fór sömu leið nokkru síðar.

Fleiri Íslendingar nýttu sér þjónustu „Frændans“ þegar illa áraði. Jóhann Sigurjónsson, skáld og leikritahöfundur, hafði þann vanann á þegar hann hitti menn úti á götu að bjóða þeim upp á bjór eða spyrja viðkomandi hvort hann ætlaði að blæða bjór í þetta skiptið. Ef hvorugur átti pening hló Jóhann og fór heim til sín og náði í einhvern hlut, fór með hann til „Frændans“ og átti þá fyrir ölinu. Oftast mun Jóhann hafa veðsett fagra ábreiðu sem hann átti eða spegilinn sinn, en fleiri urðu til að veðsetja hann því Gunnar Gunnarsson rithöfundur veðsetti spegilinn þegar hungrið svarf að honum þegar hann dvaldi í híbýlum Jóhanns árið 1911 og sést af þessu að spegillinn gagnaðist fleirum en eiganda hans.

## Sumir átu stundum vel

En það áraði ekki jafn illa hjá öllum Íslendingum í Kaupmannhöfn og sumir gátu leyft sér meira en aðrir. Benedikt Gröndal segir frá neysluvenjum sínum og Konráðs Gíslasonar Fjölnismanns, sem oft er talað um í bókinni, þegar Benedikt vann hjá honum sem skrifari um miðja nítjándu öldina: „...Konráð tók mig út með sér á hverjum degi til að éta, og fór hann ekki sparlega í það; átið varaði venjulega ásamt kaffedrykkju og reykingum í fjóra klukkutíma og stundum meir, ætíð á dýrustu stöðunum; svo gerðum við ekkert það sem eftir var dagsins.“

Frá Benedikt höfum við einnig söguna af Georg sem var vangefinn fóstursonur Konráðs, sem íslenskaði nafn hans og kallaði hann Girgi og var Konráð óþreytandi að reyna að kenna Girgi að skrifa að sögn Benedikts, en án árangurs.

Girgir var skotinn í prestsdóttur sem bjó í sama húsi og Gröndal í Kaupmannahöfn. Fyrir framan húsið var grindverk og hlið á því. Girgir átti það til að ganga þar fyrir framan allan liðlangan daginn eins og hermaður á verði og hafði þar „ýmis skrípalæti“ til að ganga í augun á stúlkunni. Svo segir Gröndal: „Einu sinni fóru þær út, mæðgurnar, en Georg var fyrir utan að vanda og ætlaði að sýna þeim virðingarmerki, einhendir stafnum á götuna og rífur hliðið af hjörunum og fleygir því langt á burt, en þær skiptu sér ekkert af honum.“

## Íslands sem skiptimynt

Þó að bókin sé ekki eiginlegt fræðirit er hún er mikill fróðleiksbrunnur og er hér einungis tiplað á örfáum atriðum. Í bókinni er að finna nokkuð heildstæða mynd af sambandi Íslands og Danmerkur í gegnum aldirnar,



**MAGASIN DU NORD** Vöruhúsið við Kóngsins Nýjatorg, sem íslenskir fjárfestar keyptu meirihlutann í um haustið 2004, stendur á sama stað og Hotel du Nord stóð áður. Hótelið var oft fyrsti gististaður Íslendinga þegar þeir komu til Kaupmannahafnar fyrr á tímum og þóttu aðstæður þar heldur bagalegar.

sem og sögu Kaupmannahafnar á miðöldum og á síðari öldum. Þar er greint frá einu atriði sem fáir vita líklega sem ekki hafa lært sagnfræði, að tvívegis í sögunni hafi Danir boðið Ísland sem skiptimynt svo vitað sé.

Fyrra skiptið var í valdatíð Kristjáns konungs II, 1481-1559, en þá fór konungurinn til Hinriks VIII Englandskonungs og bauð honum Ísland í skiptum fyrir liðstyrk frá konungi. Hinrik mun hafa fúlsað við boðinu með þeim rökum að á Íslandi gæti enginn dregið fram lífið með góðu móti.

Seinna skiptið var árið 1864 þegar Danir höfðu tapað fyrir Þjóðverjum í stríðinu um landamærahéruðin Slesvík-Holstein og Danir buðu Ísland í skiptum fyrir héruðin tvö en ekkert varð af því.

*Heimildir: Gamla góða Kaupmannahöfn eftir Guðlaug Arason og Dægradvöl eftir Benedikt Gröndal.*

**ingi@frettabladid.is**




KEMUR ÚT ALLA FIMMTUDAGA!
Hér &nú

# Ótrúlegt úrval

## af sófasettum á vaxtalausu tilboði

**Eingöngu fáanlegt í Hagkaupum Smáralind og á markaði Hagkaupa Óseyri 1 Akureyri**







**Nýtt** í Hagkaupum

**Vaxtalaus tilboð** aðeins **6.499** kr á mán. í 23 mánuði
Verð 149.477,-

**Chesterfield sófasett** 3+1+1
Fæst í 3 litum

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 20 mánuði **13.999** kr — Verð 279.980,-



**Leðursófasett** 3+1+1 3004

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 20 mánuði **12.499** kr — Verð 249.980,-



**Leðursófasett** 3+1+1 3002

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 18 mánuði **9.999** kr — Verð 179.982,-



**Leðursófasett** 3+1+1 Nice

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 20 mánuði **7.499** kr — Verð 149.950,-



**Ítalskt leðursófasett** 3+1+1 Dolly

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 15 mánuði **9.999** kr — Verð 149.985,-

**Nýtt** í Hagkaupum



**Leðursófasett** 3+1+1 G2041

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 20 mánuði **7.999** kr — Verð 159.980,-



**Sófasett** 1+2+3 601

**Vaxtalaust tilboð** á mán. í 20 mánuði **8.499** kr — Verð 169.980,-



**Leðursófasett** 3+1+1 Silvy

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr — Verð nú 99.900,- Verð áður 149.900,-



**Hornsófi** tau áklæði Paris

**Vaxtalaus verðsprengja!** á mán. í 12 mánuði **8.325** kr — Verð nú 99.900,- Verð áður 149.900,-



**Hornsófi** leður áklæði

Gildir á meðan birgðir endast.

*Stimpil- , seðil- og lántökugjald ekki innifalið.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

# Nýr kafli í sögu Leðurblökumannsins

Myndasöguhöfundurinn Frank Miller hefur í tvígang hrist heldur betur upp í Batman og brugðið nýju ljósi á þessa fornfrægu hetju í myndasögunum *Batman: Year One* og *The Dark Knight Returns* auk framhalds þeirrar sögu, *The Dark Knight Strikes Again*. Hann gerir nú þriðju atlöguna að Leðurblökumanninum með sögunni *Batman & Robin the Boy Wonder* og eins og nafnið gefur til kynna er það hjálparhella Batmans, loftfimleikadrengurinn Robin, sem er í forgrunni.

Fyrsta blaðið í þessari nýju Batman-sögu Millers er nýkomið til landsins en þess hefur verið beðið með þó nokkurri eftirvæntingu enda Miller funheitur um þessar mundir eftir velgengni *Sin City*-bíómyndarinnar, auk þess sem áhrifa hans gætir víða í nýju Batman-myndinni *Batman Begins*.

Miller fer aldrei troðnar slóðir og berst jafnan gegn straumnum og það er einmitt þess vegna sem hann stefnir að því að gera Robin að aðalsögupersónu núna. Robin hefur ekki verið neitt sérstaklega hátt skrifaður hjá aðdáendum Batmans, sem hefur aftur á móti sjaldan átt jafn miklu fylgi að fagna og nú, þannig að það er í raun dæmigert fyrir Miller að ætla að notfæra sér vinsældir Batmans til þess að hefja Robin til vegs og virðingar.

### Ný byrjun hjá gömlum kempum

DC Comics, sem á Batman-vörumerkið, gefur nýju Miller-söguna út undir merkinu DC All Star en hugmyndin með því merki er að blása lífi í stærstu hetjur fyrirtækisins. Flokknum er ætlað að marka nýtt upphaf og byrja frá grunni. Allt sem hefur áður verið skrifað um Batman og Súperman á því að liggja milli hluta og þannig má vænta enn róttækari breytinga á Súperman en Batman þegar Grant Morrison kveður sér hljóðs í haust með nýrri Superman All Star sögu.

Marvel ákvað þó að vinna áfram með tilraunir Millers með Batman í Year One og The Dark Knight Returns og þessi nýja saga, *Batman & Robin*, er því framhald af *Year One* og forleikur að því sem gerist síðar, á efri árum Batmans, í *Dark Knight*-seríunni. Miller fær því frjálsar hendur til þess að þróa áfram þennan nýja Batman-heim sem hann hefur þegar heillað aðdáendur Leðurblökumannsins með.




**BATMAN & ROBIN** Svona lítur fyrsta hefti nýrrar Batman-sögu meistara Franks Miller út. Hér tekur hann upp þráðinn frá snilldarsögunni *Batman: Year One* og spinnur nýja sögu Robins, aðstoðarmanns Batmans, sem hefur þótt frekar hallærislegur á síðustu árum. Fáum blandast hins vegar hugur um að Miller geti gert Robin að almennilegri hetju.

### Harkan sex

Þótt aðeins eitt blað sé komið út í nýju seríunni hefur Miller þegar verið gagnrýndur fyrir að vera of harðsoðinn og kynferðislegur og stíla söguna inn á eldri lesendur. Aðdáendur höfundarins blása þó á þessar raddir og spyrja hvort hinir óánægðu hafi aldrei lesið fyrri Batman-verk Millers, að maður tali ekki um *Sin City*-bækurnar. Miller hafi alltaf verið ruddalegur, harðsoðinn og kynósa og því sé ekki hægt að ætlast til annars en hann haldi sínu striki í nýju sögunni.

Teiknistíllinn á nýju sögunni þykir einnig ólíkur því sem hingað til hefur sést í Miller-sögum en *Batman & Robin* er mjög áferðarfögur og víðs fjarri því sem fólk hefur vanist í hráum, svart/hvítum *Sin City*-bókunum og groddalegum *Dark Knight*-bókunum.

### Mýkri línur

Teiknarinn Jim Lee notar mýkri línur og þannig gæti skutlan Vicki Vale, í bleiku blúndunærfötunum sínum, stokkið beint inn í *Danger Girl*-sögur og blandast í föngulegan kvennahópinn þar. Lee hefur sjálfur látið þess getið að það hafi tekið hann dálítinn tíma að finna taktinn fyrir þessa sögu en þetta á víst bara eftir að batna.



**VICKI VALE** Svona lítur þessi magnaða blaðakona út í meðförum Jim Lee. Vale er sem fyrr með Bruce Wayne á heilanum og blandast því inn í ævintýri Batmans og Robins. Flestir muna sjálfsagt eftir Vale í túlkun Kim Basinger í fyrri *Batman*-mynd Tim Robbins en Miller sér hana fyrir sér sem enn meiri töffara og skutlu en Burton gerði á sínum tíma.

Þar fyrir utan leynir það sér ekkert á fyrsta blaðinu að hér er hreinræktaður Miller á ferðinni; sagan er drungaleg og sexí og skyldleikinn við *Sin City* og önnur fyrri verk Millers er augljós öllum sem sjá vilja.

### Herkvaðning á sorgarstundu

Sagan hefst á því að Robin horfir á foreldra sína myrta og er því kominn í sömu spor og Bruce Wayne þegar hann var drengur. Það vill líka svo til að Leðurblökumaðurinn, í gervi Waynes, verður vitni að morðunum. Hann stekkur þá umsvifalaust í Batman-búninginn, bjargar Robin úr klóm spilltra lögreglumanna og tilkynnir drengnum að hann honum beri að gegna herþjónustu í stríði sínu gegn glæpum. Robin fær því varla tíma til að þerra tárin og syrgja foreldra sína áður en nýr ævintýraheimur opnast honum.

Miller hefur enn ekki ákveðið hversu mikinn tíma hann ætlar sér til að segja þessa nýju sköpunarsögu Robins en gert er ráð fyrir að serían verði einhvers staðar á bilinu 12 til 24 blöð, sem munu koma út á sex vikna fresti á næstu mánuðum.

thorarinn@frettabladid.is

OPIÐ UM HELGINA



**Gestamóttaka á Nesjavölllum og Hellisheiði**

Orkuveitan starfrækir gestamóttöku á Nesjavöllum (Nesjavallavirkjun) og í Skíðaskálanum í Hveradölum (fyrirhuguð Hellisheiðarvirkjun).

Gestamóttaka er opin á báðum stöðum **mánudaga-laugardaga kl. 9-17 og sunnudaga kl. 13-18.**

Allar nánari upplýsingar í síma **516 6000** og á **www.or.is**

Aðgangur er ókeypis.

www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur



**RAGNHEIÐUR EIRÍKSDÓTTIR** Var meðal sigurvegara í barnalagasamkeppni Þórarins Eldjárns og kemur til með að eiga þrjú lög á væntanlegri plötu.

# Ellefu ný lög við ljóð Þórarins Eldjárns

„Við fengum send um 200 lög í keppnina svo það er greinilegt að Þórarinn Eldjárn veitir fólki innblástur," segir tónlistarmaðurinn Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson um barnalagasamkeppni Senu, Stundarinnar okkar og Reykjavik Music Productions sem haldin var í vor þegar óskað var eftir frumsömdum lögum við sérvalin ljóð Þórarins Eldjárns.

Dómnefnd hefur nú skorið úr um hverjir fóru með sigur úr býtum í keppninni en eftir standa ellefu lög eftir átta höfunda sem verða gefin út á geisladisk fyrir næstu jól. „Ég er mjög ánægður með valið á lögunum og á plötunni verður meðal annars að finna frábær lög eftir söngkonuna Heiðu," segir Þorvaldur en Heiða, Ragnheiður Eiríksdóttir, kemur til með að eiga þrjú lög á væntanlegri plötu.

Eiður Arnarsson, útgáfustjóri Senunnar, sér um að velja söngvara til verksins en þess má vænta að úrvalslið íslenskra ungpoppara verði fengið til að flytja nýju barnalögin. ■

| Lag/ljóð | Höfundur |
|---|---|
| Tölvuleikurinn | Ágúst Böðvarsson |
| Latasti hundur í heimi | Ragnheiður Eiríksdóttir |
| Krókódíllinn grætur | Ragnheiður Eiríksdóttir |
| Aukahlutir | Helgi R. Einarsson |
| Sí o gæ | Michael Jón Clarke |
| Ljóð um ljóð | Ragnheiður Eiríksdóttir |
| Fjölleikafúsi | Árni Blandon |
| Gilitrutt | Helgi R. Einarsson |
| Vissi Krissi | Árni Hjartarson |
| Hillur | Guðmundur Haukur Jónsson |
| Grannmeti og átvextir | Bryndís Sunna Valdimarsdóttir |


OFURTÖLVAN
er lent!
19"
FLATUR SKJÁR
BATTLEFIELD2 CERTIFIED
1GB MINNI
FYLGIR
*6.414
6.414*
Tölvukaupalán 48 mán.
18.999**
Vaxtalaust 12 mán.
227.988
Staðgreitt
DVD R/RW
POWERED BY DDR MEMORY
FireWire
WiFi
MEDION®
VORTEX GAMER PC
DUAL CORE
Ný bylting í heimilistölvum - Tveir örgjörvar á einum og sama kubbnum. Allt að tvöföld afköst í mörgum forritum. Nú geturðu gert meira á styttri tíma
64 BITA
64 bita örgjörvi
Með nýjustu Intel EM64T tækninni geturðu keyrt 64 bita forrit og leiki framtíðarinnar á mun meiri hraða. Vertu öruggur með tækni framtíðarinnar.
500GB RAID háhraðadiskur
Tölvan kemur með tveimur 250GB Serial ATA diskum. Hægt er að spegla diskana til að tryggja gagnaöryggi eða þá til að tvöfalda afköst tölvunnar í diskvinnslu.
Coolermaster
Ótrúlega öflug en jafnframt hljóðlátur kælibúnaður með stjórnborði að framan sem sýnir þér allt sem skiptir máli varðandi innviði tölvunnar.
ATI RADEON X800 256MB
PCI Express leikjakort
Tvöfalt hraðvirkara en Radeon® 9800 PRO, ótrúlega öflugt kort sem fer létt með nýjustu leikina. Þrýtt allra nýjstu tækni. DVI tengi og TV-Out
MediaBay tengistöð
Les allar gerðir minniskorta í dag. USB, Firewire hljóð og video tengi aðgengileg beint að framan.
Þráðlaust net
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.
High Definition 8 rása hljóð Besta hljóðið í leikina, styður öll stærri hljóðkerfi fyrir tölvur.
intel HD Audio
Sjónvarpskort og fjarstýring
Ekkert mál að taka upp úr sjónvarpinu og geyma á tölvunni eða henda á DVD diska.
Logitech MX510 leikjamús
Frábært Optical mús sem tryggir þér forskotið sem þú þarft í vinsælum skotleikjum s.s. BattleField 2
Media Center
Gerir tölvuna að fullkominni margmiðlunarstöð fyrir kvikmyndir, ljósmyndir, netsjónvarp o.fl.
MEDION® PLASMASJÓNVARP
Vönduð hönnun
Þunnur álrammi og silfrað útlit ásamt því að standa á glerfæti gerir þetta að einkar veglegu tæki.
Miklir tengimöguleikar
2 SCART tengi, S-Video tengi og DVI tölvutengi sem gerir þér kleyft að tengja sjónvarpið við tölvu og nota sem RISAstóran tölvuskjá ásamt fullt af öðrum tengimöguleikum.
Mynd í mynd
Ekki missa af neinu, þú getur horft á tvær sjónvarpsstöðvar í einu. Þú ræður hvort seinni sjónvarpsstöðin er hornmynd eða skjánum skipt í tvennt.
Meiri myndgæði
Mikl birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tækið tilbúið fyrir framtíðina..
• Mynd í Mynd (PIP)
• Tveir sjónvarpsmóttakarar
• 10.000:1 skerpa
• birta 1000cd/m2
• Textavarp með 2100 síðna minni
• HDTV stuðningur, 720p, 1080i
• HDCP stuðningur
• Innbyggðir víðóma hátalarar
• Vönduð ál yfirbygging
• Styður PAL/NTSC/SECAM
• DVI-I tengi sem styður VGA og DVI búnað
• 2 EURO SCART tengi
• Composite video tengi (RCA)
• S-Video tengi (MINI DIN)
• Þyngd án stands: 38kg
• Þyngd með standi: 42kg
Líftími 30.000 klst áður en dregur úr gæðum myndar. Miðað við 4 klst áhorf á dag þá er endingin 21 ár
42"
Plasmasjónvarp
WIDE SCREEN
HDTV READY
10.000:1 contrast
16.666**
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST
199.992
STAÐGREITT
239.988
FYLGIR
BT
**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.
*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444



## Heyrst hefur ...

... að Guðjón Þórðarson vilji ekki gefa frændum sínum á Akranesi neitt eftir en lið hans, Notts County, mætir Derby í æfingaleik á þriðjudaginn. ÍA vann Derby einmitt í vikunni í æfingaleik á Skipaskaga, 2–1.

# sport

sport@frettabladid.is



# 60 SEKÚNDUR MEÐ GUÐJÓNI ÞÓRÐARSYNI

**Bjarni, Jóhannes eða Þórður?** Góð fjölskylda.

**Alvöru karlmenn eru ...** karlmenn.

**Eftiminnilegasti leikmaður sem þú hefur þjálfað?** Margir eftirminnilegir, en það var gaman að vinna með Sigurði Jónssyni og Eyjólfi Sverrissyni.

**Landsbankadeildin er ...** skemmtileg.

**Myndiru vilja taka við íslenska landsliðinu?** Já, á réttum tímapunkti.

**Lykillinn að árangri?** Agi.

**Hvern myndirðu helst vilja fá til Notts County?** Zinedine Zidane.

**Kaffi eða te?** Kaffi.

**Bítlarnir eða Stones?** Bítlarnir.

**Uppáhaldsmatur?** Fiskur.

**Eiður Smári eða Ásgeir Sigurvins?** Eiður Smári.

**Ferguson eða Mourinho?** Ferguson.

**Fyrirmynd í starfi?** Margir sem ég hef lært af, enginn meira en annar.

## > Við hrósum ...



... íslenska körfuboltalandsliðinu skipuðu leikmönnum 18 ára og yngri sem spilar í dag til úrslita í B-deild Evrópumeistaramóts U-18 landsliða í körfubolta. Sama hvernig er er liðið búið að vinna sér sæti í A-deild að ári, sem er stórkostlegur árangur.

## > Við samgleðjumst ...

.... landsliði Íslands í knattspyrnu skipuðu leikmönnum 18 ára og yngri, sem að vísu tapaði naumlega fyrir Norðmönnum í gær. En frábærir sigrar á Svíum og Tyrkjum eru staðreynd og greinilegt að mikið býr í þessum drengjum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ

21 22 23 **24** 25 26 27

**Sunnudagur**

### LEIKIR

- ☐ 16.00 **ÍBV** tekur á móti **FH** í Landsbankadeild karla á Hásteinsvelli.
- ☐ 17.00 **Ísland** mætir **Danmörku** á Norðurlandamóti U-21 landsliða kvenna í Svíþjóð.
- ☐ 19.15 **KR** mætir **Keflavík** á KR-velli í Landsbankadeild karla.
- ☐ 20.00 **Haukar** taka á móti **HK** á Ásvöllum í 1. deild karla.
- ☐ 21.00 **Bandaríkin** og **Ísland** mætast í vináttulandsleik í Los Angeles.

### SJÓNVARP

- ☐ 11.00 **Íslandsmótið í golfi** á Sýn. Þriðji keppnisdagur. (e)
- ☐ 11.30 **Formúla 1** á RÚV. Bein útsending frá Þýskalandi.
- ☐ 14.00 **HM í sundi** á RÚV. Bein útsending frá undanrásunum en mótið fer fram í Montreal í Kanada.
- ☐ 15.00 **Íslandsmótið í golfi** á Sýn. Bein útsending frá lokadegi.
- ☐ 21.20 **Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum** á RÚV. Samantekt.
- ☐ 21.45 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- ☐ 22.50 **Chelsea – AC Milan** á Sýn. Bein útsending frá Bandaríkjunum.
- ☐ 23.30 **HM í sundi** á RÚV. Samantekt af keppni kvöldsins.

# Skorar Tryggvi í fjórtánda leiknum í röð?

**ÍBV tekur á móti FH í fyrsta leik tólftu umferðar Landsbankadeildar karla klukkan 16 í dag en síðar í kvöld mætast KR og Keflavík í Frostaskjóli. Tryggvi Guðmundsson, leikmaður FH og markahæsti maður deildarinnar, mætir á gamlar heimaslóðir þar sem honum hefur gengið afar vel að skora í gegnum tíðina.**

**FÓTBOLTI** Tryggvi Guðmundsson, markahæsti leikmaður Landsbankadeildarinnar í sumar, mætir á sínar heimaslóðir í dag þegar toppllið FH heimsækir Eyjamenn. Leikurinn fer fram á Hásteinsvelli en þar hefur enginn fundið sig jafn vel og Tryggvi í gegnum tíðina. Tryggvi hefur skorað í þrettán deildarleikjum í röð á vellinum, alls nítján mörk frá 1996 til 1997. Í síðustu þremur leikjum sínum á vellinum áður en hann fór í atvinnumennsku skoraði hann átta mörk, gegn Grindavík, Val og Keflavík. Þessir leikir áttu mikinn þátt í því að hann náði að jafna markametið sumarið 1997.

Síðastur til að halda hreinu gegn Tryggva við Hástein var Ólafur Gottskálksson, markvörður Keflavíkur í 1–1 jafntefli 20. ágúst 1996. Hann mætir nú sínum gamla félaga Birki Kristinssyni, sem hefur sjálfsagt fullan hug á því að halda Tryggva á mottunni í leiknum. „Mér líst afar vel á að mæta aftur á Hásteinsvöllinn enda hef ég ekki spilað þarna síðan 1997,“ sagði Tryggvi við Fréttablaðið í gær. „Þá var ég auðvitað í búningi ÍBV en mæti nú með nýju liði. Ég er nú ekki vanur að velta mér upp úr því hvað gerðist í gamla daga en ég hlakka mikið til að hitta þar vini og vandamenn og ef boðið verður upp á þessa veðurblíðu sem er í dag (í gær) verður frábært að spila þarna.“

Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem hann leikur á Hásteinsvelli í búningi gestaliðsins en hann lék eitt tímabil með KR, árið 1994. „Það var svolítið sérstakur leikur þar sem fyrsti leikurinn minn með KR var einmitt úti í Eyjum. Ég man nú ekki hvernig hann fór en ég lenti í því að vera negldur niður af Friðriki Sæbjörnssyni. Ég þurfti því að yfirgefa völlinn með ónýtan kálfa en hann var víst búinn að ákveða að dúndra mig niður og bjóða mig þannig velkominn aftur. Ég á nú ekki von á því að fá viðlíka viðtökur þar á morgun,“ sagði Tryggvi í léttum dúr.

Alls hefur hann leikið 34 leiki á Hásteinsvelli og skorað í þeim 34 mörk. Þar af gerði hann ellefu mörk í níu leikjum sumarið 1995 og fimmtán mörk í níu leikjum sumarið 1997. Hann hefur verið iðinn við kolann í sumar og skorað níu mörk í jafn mörgum leikjum fyrir FH og bendir því allt til þess að hann verði aftur á skotskónum í dag. En það hefur lítið að segja þegar á völlinn er komið.



**SKORAÐ GEGN FÉLÖGUNUM** Tryggvi Guðmundsson skoraði fyrsta markið í 3–0 sigri FH á ÍBV fyrr í sumar. Hér fagnar hann marki sínu ásamt Davíð Þór Viðarssyni (til vinstri) og Frey Bjarnasyni. FRÉTTABLAÐIÐ/PÁLL

„Á pappírunum erum við FH-ingar sterkari en Hásteinsvöllur hefur alltaf verið mjög góður heimavöllur. Og við gerum okkur grein fyrir því að þeir hafa unnið þarna góða sigra á móti KR, Val og Fram í sumar. Það verður að mæta með hárréttu hugarfari út í Eyjar – þeir þurfa að hafa fyrir öllum stigunum og ætla að taka sem flest á heimavelli. Að sama skapi höfum við unnið tíu leiki í röð og höfum mikinn hug á að halda þeirri sigurgöngu áfram.“

eirikurst@frettabladid.is
ooj@frettabladid.is


VILTU SKJÓL Á VERÖNDINA?



MARKISUR



www.markisur.com

Hrein Fjárfesting ehf

REX

Dalbraut 3, 105 Reykjavík · Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar




**KEYRÐI ÚT AF** Juan Pablo Montoya tókst ekki að klára tímatökuhringinn sinn en hann missti stjórn á bílnum og keyrði á vegg. NORDIC PHOTOS/GETTY

Misjafnt gengi McLaren-manna í Þýskalandi:

# Räikkönen fyrstur en Montoya klessti á

**FORMÚLA 1** Eftir að hafa verið með fljótasta tímann í æfingum föstudags og laugardagsmorguns kemur það ef til vill ekki á óvart að Finninn Kimi Räikkönen verður á ráspól í þýska kappakstrinum í dag. Hann var 0,4 sekúndum á undan Bretanum Jenson Button, sem þótti standa sig afbragðsvel í gær. Stigahæsti keppandi tímabilsins, Spánverjinn Fernando Alonso, varð þriðji á Renault-bíl sínum.

Juan Pablo Montoya, félagi Räikkönen hjá McLaren, tók síðastur þátt í tímatökunni og var ekki langt undan tíma Räikkönen er hann missti stjórn á bílnum sínum og klessti á vegg. Hann verður því í öftustu röð í dag, sem eru talsverð vonbrigði fyrir McLaren, sem stefndi að því að vinna tvöfaldan sigur á heimavelli sínum.

Michael Schumacher varð fimmti fljótasti í tímatökunum og ökumenn Williams, þeir Mark Webber og Nick Heidfeld komu í næstu sætum á eftir. Giancarlo Fisichella, Renault, verður við hlið félaga síns, Alonso, í dag en hann varð fjórði í tímatökunum.

- esá

HM í sundi hefst í dag:

# Fjórir hefja keppni í dag

**SUND** Heimsmeistaramótið í sundíþróttum hófst í Montreal um síðustu helgi en í dag hefst keppni í sjálfu sundinu. Fjórir íslenskir keppendur keppa í dag og hefur Ragnheiður Ragnarsdóttir, SH, keppni í 200 metra fjórsundi. Þá á Ísland tvo fulltrúa í 50 metra flugsundi en þar keppa Örn Arnarson, SH, og Hjörtur Már Reynisson, KR. Þá keppir Jakob Jóhann Sveinsson, Ægi, í 100 metra bringusundi. Keppni í undanrásunum hefst klukkan 13.30 að íslenskum tíma og má búast við að Íslendingar hefji keppni á þriðja tímanum.

- esá

Frakklandshjólreiðarnar:

# Armstrong nálgast metið

**HJÓLREIÐAR** Bandaríski hjólreiðakappinn Lance Armstrong sigraði í næstsíðasta áfanganum í Frakklandshjólreiðunum í gær og því er aðeins formsatriði fyrir hann að klára keppni morgundagsins og landa sjöunda sigri sínum í röð í keppninni, en það hefur engum manni í sögunni tekist hingað til. Armstrong hefur hátt í fimm mínútna forskot á næsta mann og ekkert nema slys getur því komið í veg fyrir hið ótrúlega afrek Bandaríkjamannsins.

- bb

## ÚR SPORTINU

Knattspyrnufélagið Inter Milan hefur aflýst fyrirhugaðri æfingaferð til Englands í öryggisskyni í kjölfar hryðjuverkanna þar að undanförnu. Ítalska liðið átti að spila æfingaleiki við Portsmouth, Leicester City, Norwich og Crystal Palace, en nú er ljóst að ekkert verður af því. „Knattspyrnan verður að víkja í ljósi alvarlegra atburða undanfarinna daga og því hefur Inter ákveðið að hætta við fyrirhugaða æfingaferð til Bretlands, en eins og nýleg tíðindi frá Egyptalandi sýna virðist engum óhætt í heiminum í dag,“ sagði í yfirlýsingu á heimasíðu félagsins.



Manchester United hóf keppnisferð sína í Asíu með 2-0 sigri á úrvalsliði Hong Kong í gær. Það voru unglíðarnir Giuseppe Rossi og Dong Fangzhuo sem skoruðu mörk United í síðari hálfleiknum, eftir að stjörnum liðsins mistókst að skora í fyrri hálfleiknum. Alex Ferguson, knattspyrnustjóri liðsins, var ánægður með leik sinna manna og hrósaði ungu leikmönnunum sérstaklega og sagði þá eiga framtíðina fyrir sér með liðinu. „Rossi skoraði mark á sama hátt og maður sá Gary Lineker gera á sínum tíma. Hann hefur alla möguleika á að verða frábær leikmaður,“ sagði Ferguson.



Kaup Real Madrid á ungstirninu Robinho hjá Santos í Brasilíu hafa siglt í strand og nú getur svo farið að ekkert verði af því að hann fari til Spánar. Brasilíska knattspyrnusambandið neitaði að samþykkja kaupin, því ekki hefur náðst samstaða um þá fjárhæð sem félagi hans í Brasilíu ber að fá fyrir hann. Real Madrid hefur neitað að greiða meira en 60% af upphaflegu kaupverðinu, sem er 30 milljónir punda, og vill að umboðsmaður hans afsali sér þeim 40% sem hann á að fá samkvæmt klásúlu í samningi leikmannsins.

Nú hefur dómnum yfir liðunum sjö sem drógu sig úr keppni í Indianapolis-kappakstirnum í formúlu eitt á dögunum formlega verið aflétt og vísað frá, eftir að sérstök nefnd hafði farið yfir málið. Forráðamönnum formúlunnar er létt í kjölfarið, því mikil ólga hefur verið milli liðanna og forráðamanna íþróttarinnar undanfarið og margir voru farnir að tala um að klofningur væri yfirvofandi í formúlu eitt.

Rússneski stangarstökkvarinn og heimsmetshafinn Jelena Isinbajeva náði þeim ótrúlega árangri í gær að verða fyrsta konan til að stökkva yfir fimm metra í stangarstökki á móti í London í fyrrakvöld. Isinbajeva fór yfir hæðina í fyrstu tilraun og virðist endalaust eiga inni, sem eru slæmar fréttir fyrir keppinauta hennar sem standa henni langt að baki.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

*1. deild karla:*

| KS–VÍKINGUR ÓLAFSVÍK | 1–1 |
|---|---|

0–1 Eyþór Páll Ásgeirsson (41.), 1–1 Bjarki Flosason (64.).

| BREIÐABLIK–VÖLSUNGUR | 3–2 |
|---|---|

1–0 Gunnar Örn Jónsson (11.). 2–0 Kári Ársælsson (24.), 3–0 Hjalti Kristjánsson (38.), 3–1 Hermann Aðalgeirsson (51.), 3–2 Andri V. Ívarsson (56.).

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **BREIÐABLIK** | **11** | **9** | **2** | **0** | **20–5** | **29** |
| VÍKINGUR R. | 11 | 6 | 4 | 1 | 25–6 | 22 |
| **KA** | **11** | **6** | **2** | **3** | **23–10** | **20** |
| VÍKINGUR Ó. | 11 | 4 | 3 | 4 | 10–20 | 15 |
| **HK** | **10** | **3** | **4** | **3** | **12–11** | **13** |
| FJÖLNIR | 11 | 4 | 0 | 7 | 16–23 | 12 |
| **HAUKAR** | **10** | **3** | **2** | **5** | **14–15** | **11** |
| ÞÓR | 11 | 3 | 2 | 6 | 14–26 | 11 |
| **KS** | **11** | **2** | **4** | **5** | **10–19** | **10** |
| VÖLSUNGUR | 11 | 1 | 3 | 7 | 9–18 | 6 |

B-deild Evrópumeistaramóts U-18 landsliða:

# Íslendingar í A-deild

**KÖRFUBOLTI** Íslenska landsliðið í körfuknattleik skipað drengjum undir átján ára aldri vann frækinn sigur á Finnum, 86-71, í undanúrslitaleik B-deildar landsliða á Evrópumótinu sem haldið er í Slóveníu og hefur með sigrinum tryggt sér sæti í A-deildinni framvegis. Pavel Ermolinskij var stigahæstur í íslenska liðinu með 25 stig ásamt Brynjari Björnssyni, en auk stiganna hirti Pavel ellefu fráköst og gaf sjö stoðsendingar. Liðið mætir Úkraínumönnum í úrslitaleik mótsins í dag, en íslensku strákarnir sigruðu Úkraínumenn einmitt 71-70 í miklum spennuleik í riðlakeppninni fyrir helgi.

Benedikt Guðmundsson, þjálfari Fjölnis í Grafarvogi, er ekki ókunnugur liðinu og fagnar árangri liðsins.

„Það að við séum að tala um að bæði u-16 og u-18 ára liðin okkar séu á leið í A-deild er auðvitað bara frábær árangur og mér finnst hann bera vott um það hvað er verið að vinna gott starf með þessa stráka. Fólk er gjarnt á það að bera árangur þessara liða í körfuboltanum saman við handboltann, en það er langt frá því að vera sanngjarnt. Þessi árangur strákanna er ekki ósvipaður því að A-landslið okkar í knattspyrnu kæmist á stórmót og því er ljóst að Ingi Þór og strákarnir eru að standa sig frábærlega þarna úti,“ sagði Benedikt.

Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum:

# Jón og Silja unnu þrefalt

**FRJÁLSAR** Íslandsmótið í frjálsum íþróttum hófst á Vilhjálmsvelli á Egilsstöðum í gær og þar voru það Jón Arnar Magnússon og Silja Úlfarsdóttir sem stálu senunni með því að vinna hvort um sig til þrennra gullverðlauna. Jón sigraði í 110 m grindahlaupi, langstökki og stangarstökki, en Silja sigraði í 110 metra grindahlaupi, 100 metra hlaupi og 400 metra hlaupi. Mótið heldur áfram í dag.

- bb



**HEIÐAR DAVÍÐ** Hefur þægilega forystu fyrir lokadaginn á Íslandsmótinu í golfi.

Íslandsmótið í höggleik:

# Heiðar enn í forystu

**GOLF** Heiðar Davíð Bragason úr GKj hefur forystu fyrir síðasta daginn á Íslandsmótinu í höggleik sem fram fer á Hólmsvelli í Leiru og lýkur í dag. Heiðar hefur þriggja högga forystu á næstu menn sem er Ólafur Már Sigurðsson úr GK og Sigurpáll Geir Sveinsson úr GR. Heiðar er á fjórum höggum undir pari eftir fyrstu 54 holurnar, en Íslandsmeistarinn Birgir Leifur Hafþórsson er í fjórða sætinu á einu höggi yfir pari. Í kvennaflokki er það Þórdís Geirsdóttir úr GKj í forystu á 80 höggum eða tólf höggum yfir pari, þremur höggum á undan Nínu Björk Geirsdóttur úr GKj.

Piltalandsliðsmót í Svíþjóð:

# Ísland í 2. sæti

**FÓTBOLTI** Ísland tapaði í gær í þriðja og síðasta leik sínum á fjögurra liða móti í Halland í Svíþjóð. Ísland tapaði fyrir Norðmönnum, 2–1, en Íslandi dugði jafntefli til að halda efsta sæti mótsins. Norðmenn lauk keppni með sjö stig en Ísland með sex. Íslenska liðið var þó með bestu markatöluna en strákarnir unnu sannfærandi sigra á Tyrkjum, 3–1, og Svíum, 4–1.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

*Íslandsmótið í golfi:*

**EFSTU KARLAR EFTIR 2 DAGA**

| | |
|---|---|
| Heiðar D. Bragason, GKj (67–74–71) | -4 |
| **Ólafur Már Sigurðsson, GR (71–72–72)** | **-1** |
| Sigurpáll G. Sveinsson, GKj (74–70–71) | -1 |
| **Birgir L. Hafþórsson, GKG (70–77–70)** | **+1** |
| Örn Æ. Hjartarson, GS (75–75–69) | +3 |
| **Björgvin Sigurbergs., GK (74–71–75)** | **+4** |
| Magnús Lárusson, GKj (77–71–73) | +5 |
| **Ingi Rúnar Gíslason, GKj (70–76–76)** | **+6** |
| Haraldur Heimisson, GR (76–72–75) | +7 |
| **Helgi Birkir Þórisson, GR (74–75–74)** | **+7** |

**EFSTU KONUR EFTIR 2 DAGA**

| | |
|---|---|
| Þórdís Geirsdóttir, GK (74–74–80) | +12 |
| **Nína B. Geirsdóttir, GKj (77–78–76)** | **+15** |
| Ragnh. Sigurðard., GR (78–77–77) | +16 |
| **Ólöf M. Jónsdóttir, GK (80–77–75)** | **+16** |
| Tinna Jóhannsdóttir, GK (76–78–81) | +19 |
| **Anna Lísa Jóhannsdó., GR (79–82–78)** | **+23** |






# STUÐ MILLI STRÍÐA ⋮ Uppbyggilegt iðjuleysi

**ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON** REYNIR AÐ DREPA EKKI TÍMANN.


MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég skil ekki hvað fólk á við þegar það talar um að drepa tímann. Tíminn er það dýrmætasta sem við eigum og maður á ekki að líta á hann sem óvin sem þarf að útrýma.

Það versta sem við höfum gert tímanum er að setja á hann verðmiða en þegar tíminn er orðinn að gjaldmiðli í hugum okkar hikum við ekki við að selja hann hæstbjóðanda og eigum stöðugt minna af honum til eigin nota. Þversögnin í þessari viðskiptahugmynd er svo vitaskuld sú að þegar markaðslögmálin taka yfir verður frítíminn dýrmætari en vinnutíminn og við freistumst því til að selja hann líka.

Sumarfrísdagarnir eru því ómetanlegir. Þá má ekki selja og því ber manni siðferðisleg skylda til þess að nota þá vel. Ég er búinn með sumarfríið mitt og ætlaði að fara að gráta það um daginn. Ég tók fríið snemma í ár og stólaði á að það yrði rigning og vont veður í júní. Tímann ætlaði ég að nota til að lesa, skrifa og glápa á myndbönd.

Samkvæmt skilningi einhverra ætlaði ég sem sagt að myrða tímann minn með fánýtri iðju en þetta er nú einfaldlega það sem gefur mér mest þannig að mínum tíma hefði verið vel varið með þessu móti. Veðrið brást mér hins vegar algerlega og í stað þess að hanga inni í rigningu og roki er ég búinn að þeytast út um allt land, sleikja sólina, ganga í náttúrunni, gera úttekt á sveitasundlaugum, baða mig í náttúrulegri laug, liggja í mosa og taka lit.

Þegar ég horfði til baka á fyrsta vinnudegi fannst mér ég hafa sóað tímanum mínum. Ég gerði ekki það sem ég ætlaði mér, heldur eitthvað allt annað. Þá gerði ég mér grein fyrir því að þetta hafði verið frábært frí og að ég er endurnærður á sál og líkama.

Það að gera ekki neitt er listgrein og þegar maður nær tökum á henni drepur maður tímann aldrei. Tímasóun verður úrelt hugtak og allt sem maður gerir, eða gerir ekki, verður til góðs. ■

## myndasögur

### PONDUS

Eftir Frode Överli




### PÚ OG PA

Eftir SÖB





**MICK JAGGER** Rokkararnir síungu í The Rolling Stones gefa út nýja plötu 5. september.

# Stærri skellur frá Stones

Nýjasta plata The Rolling Stones, sem kemur út 5. september, hefur fengið nafnið A Bigger Bang. Fyrsta smáskífulagið nefnist Streets of Love og kemur út 22. ágúst.

Tvö lög af plötunni eru þegar farin að hljóma í útvarpi en það eru Streets of Love og Rough Justice. The Rolling Stones ætlar í tónleikaferð um heiminn til að fylgja plötunni eftir. Hefst hún í Boston 21. ágúst en þegar hafa 35 tónleikar verið bókaðir í Bandaríkjunum og Kanada. Því næst heldur sveitin til Mexíkó, Suður-Ameríku, Austurlanda og loks Evrópu næsta sumar. ■

# Of mikið hrámeti



Listamaðurinn Gabriela Rivera hefur gengið fram af listunnendum í Santiago með því að sýna myndskeið af sjálfri sér þar sem líkami hennar er þakinn hráu kjöti. „Verkið mitt er myndlíking og fjallar um hversdagslegt samband fólks við sjálft sig er það lítur í spegil,“ segir listakonan.

Videóverkið er hluti af umdeildri sýningu í Sala Juan Egenau-galleríinu en þar ku vera að finna önnur hneykslanleg myndskeið svo sem verk þar sem konur kremja soðin egg með berum höndum og pissa úti á götu. ■

# Læknir gefur út Plokkfisk

Nýlega kom út platan Plokkfiskur: Sönglög handa íslenskri alþýðu með tónlistarmanninum og lækninum Guðjóni Baldurssyni. Guðjón, sem starfar sem læknir á slysadeild Landspítalans, segir að gamall draumur sé að rætast með útgáfu plötunnar.

„Ég hefði aldrei látið mér detta þetta í hug fyrir tíu árum síðan,“ segir Guðjón. „Þetta er svona „midlife crisis“ hjá mér. Menn taka upp á ýmsu á miðjum aldri og þetta er mitt hobbí, að setjast við píanóið og búa til einhverjar laglínur. Síðan sem ég dálítið af textum líka.“ Aðaltextasmiðurinn á plötunni er þó starfsfélagi hans á slysadeildinni, Hlynur Þorsteinsson, sem Guðjón segir að semji skrítna en góða texta. Guðjóni til halds og trausts á plötunni eru einnig kunnir tónlistarmenn á borð við Sigurð Flosason og Jóhann Ásmundsson.



**GUÐJÓN BALDURSSON** Í frístundum sínum sest Guðjón við píanóið og semur hinar ljúfustu laglínur.

Platan var samin á fjögurra til fimm ára tímabili. Að sögn Guðjóns er nafnið Plokkfiskur tilkomið af því að á plötunni sé góð blanda af ýmiss konar tónlist. „Þetta er sambland af ýmsum tónlistarstefnum, hálfgert bland í poka. Þarna er rokk, popp, djass, blús, ballöður og einn tangó og einn sálmur. Þetta eru bæði róleg og rokkuð lög sem hafa safnast saman hjá mér,“ segir Guðjón, sem hefur þegar haldið útgáfutónleika heima hjá sér sem heppnuðust mjög vel. ■

# Rithöfundur kærður fyrir sóun á vatni

Kristjón Kormákur Guðjónsson rithöfundur er nú staddur á Spáni, ekki svo langt frá Malaga, þar sem hann vinnur að sinni næstu bók. Nýlega barst honum hótun um sekt frá bæjarskrifstofunni í þorpinu fyrir að trufla umferð og sóun á vatni. „Ég bý sem sagt í lítilli og fáfarinni götu þar sem eru tvö hús og gatan sjálf er tíu eða tuttugu metrar. Ég er með lítinn pott með köldu vatni í til að kæla mig á heitustu dögunum og hann þarf ég að tæma þegar moskítóflugurnar eru byrjaðar að verpa í hann. Ég hef látið vatnið renna út á götuna og hefur það farið fyrir brjóstið á einhverjum,“ segir Kristjón, sem veit ekki hvaðan kvörtunin kemur.

„Það er búið að vera mjög heitt og víða er vatnsskortur en hins vegar er alltaf séð til þess að túristarnir fái nægilegt vatn og þannig bitnar þetta á heimamönnum, sem margir hverjir láta sér nægja að baða sig í tjörnum þar sem þeir synda með froskum og snákum.



**GATAN GÓÐA** Hér sést gatan sem Kristjón býr við úti á Spáni. Húsin tvö eru einu húsin við götuna og því lítil umferð þar en samt hefur Kristjón fengið hótun um sekt vegna truflunar á umferð.



**KRISTJÓN KORMÁKUR** Hann býr á Spáni í dag þar sem hann situr við skriftir á nýrri bók. Stefnir hann að því að bókin verði gefin út í október.

Þeir segja að ég sé að trufla umferð, sem er kannski skiljanlegt að því leyti að Spánverjar virðast vera dauðhræddir við vatn. Að minnsta kosti tekur það mig þrjá tíma að keyra til Malaga þegar rigning er í staðinn fyrir fjörutíu mínútur. Það fer allt í steik þegar það er rigning,“ segir Kristjón, sem hefur dvalið á Spáni í tæpt ár.

„Ég kann mjög vel við mig hér, sit aðallega við skriftir og stefni að því að gefa út bók í haust. Ég get voða lítið sagt um söguþráðinn því sagan er unnin á óhefðbundinn hátt og ef ég kjaftaði myndi svo margt koma í ljós sem ég vil frekar halda leyndu,“ segir Kristjón, sem gaf út bókina Óskaslóðin árið 1997. „Ég kem svo heim í þrjá mánuði til þess að standa í upplestrarbrjálæðinu og ef vel gengur getur vel verið að ég fari bara út aftur. Það er gott að búa á Spáni og verðlagið er hlægilegt. Ég held það sé nauðsynlegt fyrir alla að búa erlendis í einhvern tíma og sjá landið sitt í öðru ljósi,“ segir Kristjón og viðurkennir að það sem hann sakni helst sé hið íslenska skyr. „Ég fæ reyndar sent skyr og það fær enginn að snerta það nema ég. Guðni Ágústsson er reyndar búinn að lofa að senda mér kú svo ég geti alltaf fengið skyr. Móðir mín var stödd í búð að kaupa skyr fyrir mig og sagði í símann að hún myndi ekki flytja meira skyr til Spánar. Guðni Ágústs stóð fyrir aftan hana og taldi lífsnauðsynlegt fyrir mig að fá skyr og sagðist ætla að senda mér íslenska kú. Svo ég sit bara og bíð eftir að hann efni loforð sitt.“

hilda@frettabladid.is












# Þakkar mömmu og pabba

Sjokkrokkarinn Alice Cooper, sem heldur tónleika hér á landi 13. ágúst, þakkar foreldrum sínum fyrir að hafa náð svona langt í tónlistarbransanum.

Cooper ólst upp í mikilli fátækt en var þeim mun meira elskaður af foreldrum sínum. „Mamma var alltaf mjög ákveðin við mig og sagði mér að drífa mig út og ná því fram sem ég ætlaði mér. Ég fékk listauppeldið beint í æð frá pabba mínum. Hann var listmálari og spilaði á saxófón. Hann vissi mikið um tónlist, meðal annars hver spilaði á bassa á nýjustu plötunni með Animals,“ sagði Cooper. ■


**ALICE COOPER** Rokkarinn heldur tónleika hér á landi 13. ágúst.




BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu*
Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

**ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR**
**6.** sýning 22/7, **7.** sýning 24/7 og lokasýning 28/7

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8





**MARGRÉT OG RÓBERT** Platan MoR Duran kemur út um miðjan næsta mánuð.

# Mikið á bak við glansímyndina

Söngkonan Margrét Eir og bassaleikarinn Róbert Þórhallsson gefa um miðjan næsta mánuð út plötuna MoR Duran. Eins og nafnið gefur til kynna verða á plötunni þeirra útgáfur á lögum eftir Íslandsvinina í Duran Duran.

„Við höfum verið að spila ákveðið prógramm undanfarin tvö ár. Það hefur verið popptónlist úr öllum áttum, allt frá Coldplay til Bítlanna. Við strípum alltaf niður lögin sem við spilum og þegar við förum að skoða Duran-lögin sáum við að það er heilmikið á bak við glansímyndina. Þetta er bara góð popptónlist,“ segir Róbert, „þannig að okkur fannst rétt að gefa út uppáhaldslögin með þeim á disk, þar sem þeir komu hérna um daginn.“

Róbert fór að sjálfsögðu á tónleikana í Egilshöll og líkaði vel. „Ég var búinn að bíða eftir þeim í 25 ár. Ég er búinn að vera aðdáandi síðan þeir byrjuðu og þetta var alveg geðveik upplifun.“

Þverskurður frá ferli Duran Duran verður á MoR Duran, þar á meðal lag af nýjustu plötu sveitarinnar. Á meðal fleiri laga verða Rio og Save a Prayer. ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Hótelerfinginn **París Hilton** og unnusti hennar **Paris Latsis** hafa slitið trúlofun sinni. Þau hafa undanfarnar vikur dvalið hjá fjölskyldu Latsis í Grikklandi og er hástéttarfjölskyldan sú ekki par hrifin af París litlu. „Þau rifust og Hilton flaug aftur heim til Bandaríkjanna. Sonur minn er allt of ungur til að gifta sig og nú þarf hann að láta námið ganga fyrir,“ sagði **Gregory Kasidokostas**, faðir Latsis. Að sögn vina Latsis var hann miður sín en ekki þykir líklegt að parið haldi áfram að vera saman.



**Martha Stewart** gæti verið búin að koma sér aftur í klandur með blaðrinu einu saman. Hinni heimilislegu húsfrú var sleppt úr alríkisfangelsi í Bandaríkjunum 4. mars síðastliðinn en hefur þurft að sitja í stofufangelsi síðan. Í viðtali við *Vanity Fair* gerir Martha þó lítið úr því. „Ég kann að ná senditækinu af ökklanum. Ég get farið út að borða með vinum mínum en er bara komin heim til að hringja í skilorðsfulltrúann,“ sagði Martha. Yfirskilorðsfulltrúinn á Manhattan, **Chris Stanton**, segir þessar upplýsingar mjög alvarlegar og að rannsókn muni fara fram.



# Tom Cruise klikkaðastur

Athæfi Tom Cruise í sófanum hjá spjalldrottningunni Opruh Winfrey hefur nú toppað lista US Weekly yfir brjálæðislegustu uppákomur fræga fólksins. Cruise tekst þar með að slá út atvikið þegar Michael Jackson danglaði barni sínu fram af svölum í Berlín.

Meðal annarra atriða sem eru á listanum er þegar Farrah Fawcett missti sig hjá David Letterman og taugaáfall Mariuh Carey á MTV. Þá má ekki gleyma því þegar Whitney Houston sagði krakk vera „drasl“ hjá Diane Sawyer. ■


**JACKSON Í BERLÍN** Þegar Michael Jackson nánast flaggaði barninu sínu fram af svölum í Berlín brugðust margir ókvæða við og töldu hann hafa stofnað lífi barnsins í hættu. Þetta atvik hefur hingað til verið talið það skelfilegasta í sögu fræga fólksins.


**CRUISE HJÁ OPRUH** Þegar Tom Cruise missti sig yfir því að vera kominn með nýja kærustu héldu því margir fram að hann væri orðinn klikkaður. Þetta hefur nú verið valið brjálæðislegasta atvikið og klikkaðasta uppátæki þeirra ríku og frægu.





# Sienna harkar af sér

Sienna Miller hefur enn ekki tjáð sig um meint framhjáhald leikarans Jude Law. Leikkonan hefur að undanförnu slegið í gegn í hlutverki Ceciliu í Shakespeare-leikritinu As You Like It í West End-leikhúsinu Wyndham. Þrátt fyrir erfiðleika í einkalífinu hefur Sienna Miller aðeins misst úr eina sýningu eftir að upp komst um framhjáhaldið en verkið er sýnt öll kvöld vikunnar nema sunnudaga. Sýningin sem hún missti úr var strax í kjölfar opinberrar afsökunarbeiðni Law á framhjáhaldinu.

Hin 23 ára gamla Sienna Miller hefur tekið niður trúlofunarhringinn eftir að fregnir bárust af framhjáhaldinu en harkar af sér og mætir í leikhúsið á hverju kvöldi með sérstöku fylgdarliði sem ver hana fyrir ágangi fjölmiðla.

Barnfóstran Daisy Wright hefur látið það uppi að framhjáhald Jude hafi hafist í mars á þessu ári þegar hún gætti barna hans í ferð til Bandaríkjanna þar sem þau heimsóttu hann í tökum á kvikmyndinni All the King's Men. ■





**COURTNEY LOVE** Söngkonan Courtney Love þurfti að fara á sjúkrahús á dögunum.

# Love flutt á sjúkrahús

Söngkonan Courtney Love var flutt á sjúkrahús í Los Angeles á dögunum eftir að hafa veikst í teiti í Hollywood. Love var stödd í einkateiti á Hollywood Roosevelt-hótelinu þegar hún kvartaði yfir því að líða væri yfir sig.

Vinkona hennar hringdi þá á sjúkrabíl en skömmu eftir komu Love þangað var hún útskrifuð. Love hefur átt í erfiðleikum í einkalífinu undanfarið og kemur atvikið í Hollywood því kannski fáum á óvart. ■







Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning?

**„You're not gettin' paid to have fun. Good luck, gentlemen.“**

**Svar:**
Ty Frost í kvikmyndinni A Man Apart frá árinu 2003.

# dagskrá

## Í TÆKINU | TÓK SÉR HLÉ OG LENTI Í KLANDRI

WINONA LEIKUR Í CELEBRITY KL. 22.50 Á STÖÐ 2 Í KVÖLD.



Winona Laura Horowitz, eða Winona Ryder, fæddist 29. október árið 1971 í Winona í Minnesota í Bandaríkjunum.
Æskuár Winonu voru ekki „venjuleg“ ef svo má segja en Horowitz-fjölskyldan fluttist snemma til Norður-Kaliforníu þar sem ekkert rafmagn var. Winona átti því ekki sjónvarp en horfði á bíómyndir í bíóinu sem móðir hennar rak í hlöðunni.
Hún fékk áhuga á leiklist eftir að lesa bækur og horfa á klassískar myndir og hafði Holden Caulfield úr The Catcher in the Rye mikil áhrif á hana.
Þegar Winona var átta ára ákváðu foreldrar hennar að flytja aftur í borgarlífið í Petaluma í Kaliforníu. Winonu var strítt fyrstu vikuna í skólanum því hún leit út eins og strákur. Winona var þar eftir í skóla heima og lærði í leikhúsinu American Conservatory í San Francisco. Þar sáu hæfileikaútsendarar hana og fengu hana í prufu fyrir hlutverk í Desert Bloom sem hún fékk ekki en spólan komst til Triad Artist. Í framhaldi af því fékk hún hlutverk í myndinni Lucas árið 1986 og var Winona þar eftir kölluð Winona Ryder eftir plötu með Mitch Ryder sem faðir hennar átti.
Winona lék í fullt af litlum myndum en sló í gegn í Beetlejuice árið 1988. Árið eftir lék hún í Heathers, sem aðdáendur hennar telja hennar bestu mynd.
Síðan þá hefur hún fengið hvert hlutverkið á fætur öðru og þykir með betri leikkonum í bransanum.
Árið 2001 tók hún sér frí frá leiklistinni og komst í klandur. Hún var tekin fyrir búðarhnupl í versluninni Saks Fifth Avenue í Beverly Hills en Winona stal þaðan vörum og lyfjum. Hún var dæmd til að greiða háar fjárhæðir í sekt og þurfti að vinna 480 tíma í samfélagsvinnu.
En tveimur árum seinna kom Winona sterk inn í kvikmyndabransann aftur og er með ýmis verkefni í bígerð.

**Þrjár bestu myndir Winonu:** **Heathers** – 1989 **Edward Scissorhands** – 1990 **Girl, Interrupted** – 1999



▶ **20.30** *Danskt*

FORSVAR



▶ **21.20** *Drama*

REVELATIONS



▶ **21.00** *Raunveruleiki*

THE NEWLYWEDS



▶ **21.50** *Spenna*

DA VINCI'S INQUEST



▶ **22.50** *Íþróttir*

CHELSEA – AC MILAN

### SJÓNVARPIÐ

**8.00** Morgunstundin okkar **8.01** Engilbert **8.11** Hænsnakofinn **8.19** Ketill **8.33** Magga og furðudýrið **9.00** Disneystundin **9.01** Stjáni **9.25** Teiknimyndir **9.32** Líló og Stich **9.55** Matta fóstra **10.30** Kamtsjatkaskagi **11.30** Formúla 1. Bein útsending.

**14.00** HM í sundi. Bein útsending frá keppni í undanrásum í Montreal. **16.25** Hinir útskúfuðu **17.25** Út og suður (11:12) **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Stundin okkar **18.25** Krakkar á ferð og flugi (10:10)

**18.50** **Löggan, löggan (1:10)** (Polis, polis)
**19.00** **Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35** **Kastljósið**
**20.00** **Krónhjartarveiðar** Þáttur um ferð íslenskra veiðimanna á krónhjartarveiðar Krónhjartarveiðar á Alladale-setrinu sem er í skosku hálöndunum, skammt frá borginni Inverness. Umsjónarmaður er Sigmar B. Hauksson.
▶ **20.30** **Málsvörn (21:29)** (Forsvar)
**21.20** **Meistaramót Íslands í frjálsum íþróttum**
**21.45** **Fótboltakvöld**
**22.00** **Að leiðarlokum** (Au bout du rouleau) Frönsk sjónvarpsmynd frá 2002 byggð á sögu eftir Joseph Conrad um skipstjóra sem ætlar að setjast í helgan stein vegna sjóndepru. Leikstjóri er Thierry Binisti og meðal leikenda eru Richard Bohringer, Jacques Bonnaffé, Ronnie Lazaro og Spanky Manikan.

**23.30** HM í sundi **1.30** Kastljósið **1.50** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Pingu, Litlir hnettir, Kýrin Kolla, Véla Villi, Sullukollar, Töfravagninn, Svampur Sveins, Könnuðurinn Dóra, Smá skrítnir foreldrar, WinxClub, Ginger segir frá, Titeuf, Batman, Skrímslaspilið, Froskafjör, Shoebox Zoo)

**12.00** Neighbours **12.20** Neighbours **12.40** Neighbours **13.00** Neighbours **13.20** Neighbours **13.45** Idol. (8:37) (e) **14.55** Idol. **15.25** You Are What You Eat (8:8) (e) **15.50** Whoopi (10:22) (e) **16.15** Einu sinni var **16.55** Apprentice 3, The **17.45** Oprah Winfrey

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.15** **Home Improvement 2 (4:27)**
**19.40** **Whose Line Is it Anyway?**
**20.05** **Kóngur um stund (10:18)** Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir.
**20.35** **Monk (2:16)** (Mr. Monk And The Panic Room) Rannsóknarlöggan Adrian Monk er einn sá besti í faginu. Aðferðir hans eru oft stórfurðulegar en árangursríkar.
▶ **21.20** **Revelations (3:6)** (Hugljómun) Tilvist jarðarinnar er uppspretta óendanlegrar umræðu. Bönnuð börnum.
**22.05** **Medical Investigations (15:20)** (Læknagengið) Doktor Stephen Connor fer fyrir sérfræðingasveit sem er kölluð til þegar hætta er á ferðum.
**22.50** **Celebrity** (Fræga fólkið) Aðalhlutverk: Kenneth Branagh, Judy Davis, Winona Ryder, Leonardo DiCaprio. Leikstjóri: Woody Allen. 1998. Bönnuð börnum.

**0.40** The 4400 (4:6) (e) (Bönnuð börnum) **1.25** Sex Traffic (2:2) (Bönnuð börnum) **3.00** Fréttir Stöðvar 2 **3.45** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**14.00** The Joe Schmo Show (4:8) **14.45** Sjáðu **15.00** The Newlyweds (7:30) **15.30** The Newlyweds (8:30) **16.00** Joan Of Arcadia (3:23) **16.50** Supersport (2:50) **17.00** American Dad (4:13) **17.30** Friends (18:24) **18.00** Friends (19:24)

**18.30** **Fréttir Stöðvar 2**
**19.00** **Game TV**
**19.30** **Seinfeld 2 (11:13)**
**20.00** **Miami Uncovered** Miami er vinsæll áfangastaður enda gleðin þar við völd allan sólarhringinn.Bönnuð börnum.
▶ **21.00** **The Newlyweds (9:30)** (Jessica's Birthday) Í þessum þáttum er fylgst með poppsöngkonunni Jessicu Simpson og eiginmanni hennar Nick Lachey.
**21.30** **The Newlyweds (10:30)**
**22.00** **Road to Stardom With Missy Elliot (5:10)** Raunveruleikaþáttur með Hip-Hop-dívunni Missy Elliot þar sem 13 ungmenni berjast um að verða næsta Hip-Hop/R&B stjarna Bandaríkjanna.
**22.45** **Tru Calling (4:20)** Tru Davis er læknanemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannslífum.

**23.30** David Letterman **0.15** David Letterman

### SKJÁREINN

**12.00** Þak yfir höfuðið (e) **13.00** The Crouches (e) **13.30** Burn it (e) **14.00** Dateline (e) **15.00** The Biggest Loser (e) **16.00** My Big Fat Greek Life (e) **16.30** Coupling (e) **17.00** Brúðkaupsþátturinn Já (e) **18.00** Providence (e)

**18.45** **Ripley's Believe it or not! (e)**
**19.30** **Wildboyz – NÝTT! (e)**
**20.00** **Worst Case Scenario** Þættir um hvernig ósköp venjulegt fólk bregst við óvenjulegum aðstæðum;.
**20.50** **Þak yfir höfuðið**
**21.00** **Dateline** Í þætti kvöldsins verður fjallað um mæðgur sem lifa lífi sínu á flótta.
▶ **21.50** **Da Vinci's Inquest** Þættirnir byggja á lífi Larry Campell, metnaðarfulls og vandvirks dánardómstjóra í Vancouver sem í starfi sínu lagði einlæga áherslu á að gera borgina sína að betri stað til að búa á.
**22.40** **At the End of the Day** Sannsöguleg mynd um konu með banvænan sjúkdóm og baráttu hennar að koma málum þannig fyrir að hún megi enda líf sitt.Í aðalhlutverki er Wendy Crewson.

**0.10** Cheers (e) **0.40** Boston Public **1.25** Hack **2.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

besta sætið

**10.05** US Champions Tour 2005

**11.00** Íslandsmótið í golfi 2005 **15.00** Íslandsmótið í golfi 2005. Bein útsending frá fjórða og síðasta keppnisdegi á Íslandsmótinu í höggleik en leikið er á Hólmsvelli.

**19.10** **Bandaríska mótaröðin í golfi**
**20.05** **Kraftasport** (Suðurlandströllið 2005) Allir helstu kraftajötnar landsins mættu til leiks en boðið var upp áhrikaleg átök.
**20.35** **Beyond the Glory** (Oscar de la Hoya) Gulldrengurinn Oscar de la Hoya er einn af bestum boxurum sögunnar. Hann hefur unnið heimsmeistaratitla í nokkrum þyngdarflokkum og vekur aðdáun hvar sem hann kemur.
**21.20** **Hnefaleikar** (Oscar de la Hoya – Arturo Gatti) Útsending frá hnefaleikakeppni í Las Vegas. Á meðal þeirra sem mættust voruveltivigtarkapparnir Oscar de la Hoya og Arturo Gattti. Áður á dagskrá 24. mars 2001.
▶ **22.50** **Chelsea – AC Milan** Bein útsending frá leik Chelsea og AC Milan í Boston en félögin eru bæði ákeppnisferðalagi í Bandaríkjunum.

**0.50** NBA (Detroit – SA Spurs)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** One True Thing **8.05** Josie and the Pussycats **10.00** Town & Country **12.00** Big Fat Liar **14.00** Josie and the Pussycats **16.00** Town & Country **18.00** Big Fat Liar **20.00** One True Thing **22.05** Sleepers (Stranglega bönnuð börnum) **0.30** The Commissioner (Bönnuð börnum) **2.20** One Night at McCool's (Bönnuð börnum) **4.00** Sleepers (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

**7.00** Joyce Meyer **7.30** Benny Hinn **8.00** Ron Phillips **8.30** Ísrael í dag **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce Meyer **10.30** Miðnæturhróp **11.00** Blandað efni **11.30** Um trúna og tilveruna **12.00** Freddie Filmore **12.30** Dr. David Cho **13.00** Joyce Meyer **13.30** Robert Schuller **14.30** Mack Lyon **15.00** Vatnaskil **16.00** Joyce Meyer **16.30** Blandað efni **17.00** Sherwood Craig **17.30** Maríusystur **18.00** Um trúna og tilveruna **18.30** Joyce Meyer **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Ísrael í dag **21.00** Gunnar Þorsteinsson **21.30** Ron Phillips **22.00** Joyce Meyer **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**13.00** The E! True Hollywood Story **19.00** Style Star **20.00** E! Entertainment Specials **23.00** Scream Play **0.00** The Entertainer **1.00** E! Entertainment Specials

### AKSJÓN

**7.15** Korter **14.00** Samkoma í Fíladelfíu **18.15** Korter **20.30** Vatnaskil – Fíladelfía **21.00** Níubíó – Tomcats **22.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Krónhjartarveiðar

Sjónvarpið **kl. 20.00.**

***Hægt er að veiða fasana, lyngrjúpu, gæs og önd í skosku hálöndunum.***

### *Útrás fyrir veiðiþrána*

Síðastliðið haust voru rjúpnaveiðar ekki heimilaðar á Íslandi. Þess vegna var brugðu þeir Sigmar B. Hauksson, Jón Páll Pálsson og Jón Víðir Hauksson á það ráð að fara til útlanda til að fá útrás fyrir veiðiþrána. Þeir ákváðu að heimsækja frændur sína og nágranna Skota og fara á krónhjartarveiðar. Sex tegundir hjartardýra eru á Bretlandseyjum og eru þær allar innfluttar nema krónhjörturinn, sem er stærsta spendýr Bretlandseyja. Í þættinum í kvöld fá áhorfendur að fylgjast með Sigmari og félögum við veiðarnar.



Svipmynd úr þættinum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**9.00** Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason e. **10.03** Gullströndin – Skemmtiþáttur Reykjavíkurakademíunnar **11.00** Messufall – Umsjón: Anna Kristine Magnúsdóttir

**12.10** Barnatíminn : Elísabet Brekkan. **13.00** Sögur af fólki. **14.00** Uppeldisþátturinn – U: Berghildur Erla Bernharðsdóttir. **15.03** Bíóþátturinn **16.00** Tónlistarþáttur Dr. Gunna.

**18.00** Hitt og þetta úr Allt&sumt e. **19.00** Barnatíminn e. **20.00** Messufall e. **21.00** Gullströndin – Skemmtiþáttur e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**8.05** Morgunandakt **8.15** Tónlist á sunnudagsmorgni **9.03** Á sumargöngu **10.15** Sælueyjarnar **11.00** Guðsþjónusta í Grensáskirkju

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit: Næturgesturinn **14.10** Ég er ekki skúrkur **15.00** Söngvar borgarstrætanna **16.10** Sumartónleikar evrópskra útvarpsstöðva

**18.28** Sögur og sagnalist **19.00** Íslensk tónskáld **19.50** Óskastundin **20.35** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **21.15** Laufskálinn **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Úr kvæðum fyrri alda

**22.30** Teygjan **23.00** Trapp fjölskyldan og Tónaflóð

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.05** Morguntónar **9.03** Helgarútgáfan

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Helgarútgáfan **16.08** Rokkland

**18.00** Kvöldfréttir **18.28** Tónlist að hætti hússins **19.30** Fótboltarásin **20.00** Popp og ról

**0.10** Ljúfir næturtónar **2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Motorcycling: Grand Prix Great Britain **15.30** Cycling: Tour de France **16.00** Swimming: World Championship Montreal Canada **16.30** Football: Peace Cup Korea **18.00** Motorsports: Motorsports Weekend **18.30** Swimming: World Championship Montreal Canada **20.45** Volleyball: European League Kazan Russia **21.45** News: Eurosportnews Report **22.00** Swimming: World Championship Montreal Canada

**BBC PRIME**
**12.00** Classic EastEnders **13.00** EastEnders Omnibus **15.00** Meerkats: Part of the Team **16.00** One Foot in the Grave **16.30** 2 point 4 Children **17.00** Home From Home **17.30** The Life Laundry **18.00** Two Thousand Acres of Sky **19.00** Property People **20.00** Escape to the Country **21.00** SAS Survival Secrets **22.00** Body Hits **22.30** Human Race **23.00** A History of Britain **0.00** British Isles: A Natural History **1.00** Greek Language and People

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Built for the Kill: Flying Insects **13.00** Fall of Poland **13.30** Battle of Norway **14.00** The Heroes of Telemark **16.30** Death at the Airshow **17.00** Cliffhangers: Girl Power **18.00** Seconds from Disaster: Flood at Stava Dam **19.00** Paranormal?: Lake Monsters **20.00** Paranormal?: Exorcism *new Episodes This Month* **21.00** Paranormal?: X-men **22.00** Paranormal?: Lake Monsters **23.00** Paranormal?: Exorcism **0.00** Paranormal?: X-men

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Big Cat Diary **12.30** Chimpanzee Diary **13.00** The Life of Birds **14.00** Growing Up... **15.00** Crocodile Hunter **16.00** Austin Stevens – Most Dangerous **17.00** Sharks in a Desert Sea **18.00** The Natural World **19.00** The Life of Birds **20.00** K9 Boot Camp **21.00** Cell Dogs **22.00** Sharks in a Desert Sea **23.00** Big Cat Diary **23.30** Chimpanzee Diary **0.00** The Life of Birds **1.00** Growing Up...

**DISCOVERY**
**12.00** Birth of a Sports Car **13.00** Myth Busters **14.00** Surviving Extreme Weather **15.00** Ray Mears' Extreme Survival **16.00** Industrial Revelations **17.00** One Step Beyond **17.30** Massive Machines **18.00** American Chopper **19.00** Virtual History **21.30** Hitler's Doctors **22.30** Conspiracies on Trial **23.00** Angel of Death **0.00** American Casino

**MTV**
**12.30** Spongebob Weekend Music Mix **13.00** SpongeBob SquarePants **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** Trippin' **17.00** World Chart Express **18.00** Dance Floor Chart **19.00** Switched On **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Pimp My Ride **21.30** MTV Mash **22.00** MTV Live **23.00** Just See MTV

**VH1**
**12.00** Rise & Rise of **13.00** Flab to Fab J-lo **14.00** Fabulous Life Of... **14.30** Making the Video **15.00** VH1 Tv Moments **16.00** Jennifer Lopez Hits **17.00** Making the Video **17.30** MTV at the Movies **18.00** Rise & Rise of **19.00** VH1 Tv Moments **20.00** I Want a Famous Face **23.00** Plastic Surgeryland **23.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.40** City Hospital **13.35** Famous Homes & Hideaways **14.00** Fantasy Open House **14.25** Paradise Seekers **14.50** A Taste of Barbados **15.15** The Race **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** It's a Girl Thing **18.10** Men on Women **18.40** The Roseanne Show **19.30** Matchmaker **20.00** What Men Want **21.00** Sex and the Settee **21.30** My Messy Bedroom **22.00** Sextacy **23.00** Single Girls **0.00** In Your Dreams **0.25** Insights **0.55** The Race **1.50** Fantasy Open House

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.20** Digimon II **12.45** Super Robot Monkey Team Hyperforce Go! **13.10** Iznogoud **13.35** Life With Louie **14.00** Three Friends and Jerry II **14.15** Jacob two-two **14.40** Ubos **15.05** Goosebumps

**MGM**
**12.20** Sam Whiskey **13.55** Swamp Thing **15.30** Signs of Life **17.00** The Thomas Crown Affair **18.40** Inherit the Wind **20.30** Report to the Commissioner **22.20** Where's Poppa? **23.45** The Program **1.40** Somtimes They Come Back **3.20** Intimate Strangers

**TCM**
**19.00** Little Off Set – Stephen Bogart on Bogie **19.10** The Big Sleep **21.05** Shaft in Africa **22.50** The Stratton Story **0.35** Catlow **2.15** Our Mother's House

**HALLMARK**
**12.45** A Child's Cry For Help **14.15** The Long Way Home **16.00** Mr. Rock 'n' Roll: The Alan Freed Story **17.45** Lives of the Saints **19.15** Bait **21.00** Lonesome Dove: The Series **21.45** Black Fox: Good Men and Bad **23.30** Lonesome Dove: The Series **0.30** Bait **2.15** Lives of the Saints

**BBC FOOD**
**12.00** Rocco's Dolce Vita **12.30** The Italian Kitchen **13.00** Chalet Slaves **14.00** Food Source **14.30** Gondola On the Murray **15.00** The Naked Chef **15.30** Saturday Kitchen **16.00** Dinner in a Box **17.00** Ainsley's Barbecue Bible **17.30** Neil Perry Fresh and Fast **18.30** Ready Steady Cook **19.00** A Cook On the Wild Side **19.30** The Great Canadian Food Show **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Tyler's Ultimate **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.15** SommerSummarum **13.15** Scooby Doo **13.45** F¢rst elske – siden d¢ **16.00** Sigurd og Symfoniorkesteret **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Fint skal det være **17.30** TAXA **18.10** Landsbyhospitalet **19.00** TV Avisen **19.15** AftenTour 2005 **19.50** Two Shades of Blue **21.30** Antibody **23.00** De Udvalgte

**SV1**
**12.00** Simning: VM Montreal **13.15** United States of Afghanistan **14.15** Drömmarnas tid **15.00** Kunskapsriket **16.00** På fisketur med Lars & Bård **16.30** Anki och Pytte **17.00** Så här går det till på Saltkråkan **17.30** Rapport **17.50** Har du hört den förut? **18.00** Djurgalen **18.30** Sportspegeln **19.00** Pengarna gör mannen **20.00** Libanon – nu **20.30** Jorden med Anna Charlotta **21.00** Rapport **21.05** Svensson, Svensson **21.30** Arlanda **22.00** Simning: VM Montreal


# SAMA HVERNIG ÞAÐ ER REIKNAÐ...

**FM957** OG **X-IÐ 977** ERU MEÐ MESTU HLUSTUNINA HJÁ UNGU FÓLKI 12 - 29 ÁRA.
MUNURINN ER ALLT AÐ **124%.** TÖLURNAR TALA SÍNU MÁLI:




**78% MEIRI** HLUSTUN
**124% MEIRI** HLUSTUN
**114% MEIRI** HLUSTUN

HLUTFALL AF HEILDARHLUSTUN UM ALLT LAND.
GALLUP JÚLÍ 2005.

FM957 & X-IÐ 977 ERU HLUTI AF SIRKUS FJÖLSKYLDUNNI

SIRKUS



## HRÓSIÐ

*...fær Hrafn Gunnlaugsson fyrir að sitja aldrei á skoðunum sínum og koma með góðar hugmyndir varðandi skipulag í Reykjavík.*

## HIN HLIÐIN

**HIN HLIÐIN Á SOLVEIGU ÓSKARSDÓTTUR Í SÖNGLEIKNUM ANNIE**

# Atorkusamur söngfugl

**Hvernig ertu núna?** Bara glöð og ánægð.
**Augnlitur:** Svona grængrár.
**Starf:** Leik Annie í söngleiknum í Austurbæ og er nemandi í Kársnesskóla.
**Stjörnumerki:** Naut og því þrjósk.
**Hvaðan ertu?** Ég er alin upp í Reykjavík.
**Helsta afrek:** Að frumsýna Annie.
**Helsti veikleiki:** Verð svo fljótt reið.
**Helsti kostur:** Atorkusöm.
**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Little Britain
**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Enginn sérstakur.
**Uppáhaldsmatur:** Heimabökuð pizza að hætti mömmu.
**Uppáhaldsveitingastaður:** Fer ekki mikið á veitingastaði.
**Uppáhaldsborg:** Róm. Ég hef aldrei komið þangað en hún er samt í uppáhaldi. Ég sá einu sinni heimildarþátt um sögu Rómar og fannst borgin mjög falleg.
**Áhugamál:** Söngur og tónlist en ég er að læra á þverflautu.
**Viltu vinna milljón?** Já, já ég væri alveg til í það.
**Snjóbretti eða línuskautar?** Snjóbretti. Ég er nýbúin að eignast eitt og er mjög ánægð með það.
**Hvað ætlar þú að verða þegar þú yrðir stór?** Leikari.
**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Árni Beinteinn sem leikur búktalaradúkkuna í Annie.
**Trúir þú á drauga?** Já. Það gerist svo margt skrýtið sem er ekki hægt að útskýra.
**Áttu gæludýr?** Já, ég á kött sem heitir Branda.
**Besta kvikmynd í heimi?** Meet the Parents og Meet the Fockers.
**Besta bók í heimi?** Stúlkan með perlueyrnalokkinn.
**Næst á dagskrá?** Að fara til Feneyja um verslunarmannahelgina og leik svo Annie þegar ég kem heim.




## FRÉTTIR AF FÓLKI

Það var margt um manninn í sólinni á Austurvelli á fimmtudaginn en tveir menn skáru sig nokkuð úr fjöldanum. Það vor þeir **Reynir Traustason**, ritstjóri Mannlífs, og **Lýður Árnason**, læknir á Vestfjörðum. Báðir voru þeir ábúðarmiklir með hatta á höfði og drógu þó fyrst og fremst að sér athygli þar sem þeir voru vopnaðir kvikmyndatökuvél. Þeir félagar eru um þessar mundir að ljúka tökum á heimildarmynd sinni um undirheima Reykjavíkur og voru á Austurvelli að filma síðustu atriðin. Þeir tóku því að vonum hinum goðsagnakennda smákrimma **Lalla Johns** fagnandi þegar hann birtist á vellinum. Ekki spillti það fyrir gleðinni að Lalli skyldi draga upp nokkurra vikna úrklippu úr DV, forsíðufrétt þess efnis að vitsengill væri á leiðinni í fangelsi fyrir að ráðast á Reyni á ritstjórnarskrifstofu DV. Lalli vakti sérstaka athygli á mynd af Reyni sjálfum á forsíðunni þar sem hann lýsir því glaðbeittur og digurbarkalega yfir að hann „óttist ekki þessa menn". Það verður því spennandi að sjá hvaða tökum Reynir og Lýður taka glæpaheim Reykjavíkur í myndinni sinni en það má öllum vera ljóst að þeir beindu tökuvélinni óttalausir að undirheimahyskinu.




Viðurkennd virkni

Bogense sápan



Nuddsápan sem stinnir og grennir líkamann

Vinnur á appelsínuhúð

Fæst í apótekum




**HERKÚLES OG GULLI** Þegar Gulli stelst í leifarnar af matnum hans Herkúlesar á hann það til að sleikja á félaga sínum eyrað á meðan hann gæðir sér á matnum.

HERKÚLES OG GULLI: LEIKA SÉR SAMAN

# Kettir og hundar geta verið góðir vinir

Það er talað um að rífast eins og hundur og köttur. Í teiknimyndum sjást þessi tvö vinsælu húsdýr elta hvort annað. Við höfum því alltaf haft þá bjargföstu trú að engum sé verr við hvorn annan en einmitt hundinum og kettinum. Ef öllum kæmi hins vegar jafn vel saman og kettinum Jesper og hundinum Herkúles væri heimurinn eflaust betri. Þeir eru nefnilega perluvinir.

Það eru hjónin Soffía Jensdóttir og Freyr Magnússon sem eiga hundinn Herkúles og þau segja vináttuna vera ósvikna. Reyndar heitir kötturinn Gulli á þeirra heimili. „Þegar hann kom fyrst í heimsókn var hann ekki með neitt hálsmál og við kölluðum hann bara Gulla," segja hjónin og þau segja Herkúles hafa vanist því nafni mjög vel. Síðar komust þau að raun um að hann héti Jesper, en hafa haldið Gullanafninu.

Þegar blaðamann bar að garði voru þeir félagar að dunda sér við fætur Freys og ekki var annað að sjá en þeim kæmi vel saman. „Herkúles vælir þegar hann sér Gulla fyrir utan og hættir ekki fyrr en kötturinn hefur fengið að koma inn," segir Soffía og tekur skýrt fram að Gulli fái ekkert að borða þegar hann komi, hún sé ekki að venja komur hans inn á heimilið. „Hann er bara að heimsækja vin sinn," bætir Freyr við. Gulli er þó greinilega ekkert óvelkominn og komið er fram við hann eins og einn úr fjölskyldunni.

Þeir félagar leika sér saman, fara í eltingarleik og annað í þeim dúr. „Þegar við erum úti að ganga og Herkúles sér vin sinn hleypur hann til hans," segir Soffía.

Herkúles er ekki óvanur að eiga kött fyrir vin því þegar hann var hvolpur urðu hann og kettlingur að nafni Kústur vinir. „Þegar þeir tveir hittast setur kötturinn loppurnar utan um hálsinn á vini sínum og þeir veltast um," segir Soffía og minnist þess að einu sinni hafi þeir fengið að sleikja lasagna-skál. „Þeir urðu svo rauðir í framan að erfitt var að ná tómatsósunni framan úr þeim." Á því augnabliki er boðið upp á harðfisk í tilefni myndatökunnar, nokkuð sem gerist aðeins við hátíðleg tækifæri. Þeir félagar slást ekki um bitana heldur deila þeim bróðurlega á milli sín, enda ekki þekktir fyrir annað en að leika sér í mesta bróðerni.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Snoop Dogg** gladdi aðdáendur sína með vel heppnuðum tónleikum í Egilshöll fyrir viku síðan. Kappinn gerði ýmsar kröfur um aðbúnað á meðan á stuttri dvöl hans hér stóð og meðal þess sem hann bað um var að honum yrði tryggður greiður aðgangur að körfuboltavelli. Snoop finnst víst býsna gott að drippla bolta bæði til að slaka á og til þess að koma sér í gírinn fyrir tónleika en gaf sér þó ekki tíma til að skreppa á völlinn að þessu sinni enda dvöl hans á Íslandi talin í klukkustundum. Snoop greip þó samt í bolta og lék listir sínar í Egilshöll áður en hann steig á svið. Viðstaddir segja leikni hans með körfuboltann umtalsverða og hann hafi „troðið" eins og óður maður og sýnt sannkallaða atvinnumannatakta undir körfunni í Egilshöll.



Þeir eru margir sem bíða þess í ofvæni að leikarinn og leikstjórinn **Clint Eastwood** heiðri Ísland með nærveru sinni en þessi gamli harðjaxl er væntanlegur á klakann í byrjun ágúst til þess að skoða aðstæður í Krýsuvík, þar sem hann hyggst taka upp atriði fyrir næstu mynd sína, *Flags of Our Fathers*. Eastwood mun einnig hitta þá Íslendinga sem koma til greina í talhlutverk í myndinni. Spennan er væntanlega mest í röðum þeirra sem eiga eftir að fá tækifæri til að hitta Eastwood og taka í spaðann á honum. Það eru þó ekki aðeins leikarar í þessum hópi og þannig hefur heyrst af leigubílstjóra sem gerir ráð fyrir að fá að aka kappanum. Bílstjórinn tekur að sér verkefni og akstur fyrir True North, sem sér um mál Eastwoods á Íslandi, og mun vera að íhuga það að fægja haglabyssuna og taka á móti honum með forláta hatt. Bílstjóranum þykir mikill sómi að fyrirhugaðri heimsókn Eastwoods, sem hann telur alltaf hafa boðið af sér góðan þokka og ekki gert neitt sem bendi til annars en þar sé hinn mesti öðlingur á ferð.







BÍÓÞÁTTURINN
Í umsjón Odds Ástráðssonar.
Á Talstöðinni alla sunnudaga.

GOTT FÓLK McCANN


# Magni hættur eftir fjörutíu ár

Verslunarmaðurinn Magni R. Magnússon, sem rekið hefur verslunina Hjá Magna í fjöldamörg ár, hyggst láta af störfum í haust, nánar tiltekið 1. október. „Ég verð sjötíu ára í haust og held að ég verði að fá svolítinn tíma til að sinna sjálfum mér. Ég vil koma gangandi út úr búðinni en ekki í kistu, en það gerði hins vegar tengdafaðir minn, Guðlaugur Pálsson, sem stóð bak við búðarborðið þangað til hann varð 98 ára gamall," segir Magni. Hann hefur staðið í verslunarrekstri í yfir fjörutíu ár og búðina Hjá Magna hefur hann rekið á Laugaveginum síðan 1978.

„Í haust taka ung hjón við búðinni og þau halda áfram sömu stefnu og selja spil, púsl og taflmenn. Þau hyggjast einnig fara út í safngripi þegar einhver reynsla er komin á reksturinn."

Þó að Magni sé nú hættur búðarrekstrinum kemur hann ekki til með að sitja auðum höndum. „Ég ætla að vera með skrifstofu úti í bæ þar sem ég get sinnt söfnurum á þeim tíma sem mér hentar. Því verð ég ekki bundinn á föstum tímum en verð með símanúmer og get sinnt fyrirspurnum og aðstoðað fólk. Ég á einnig eftir að fara yfir óhemjumikið af safnmunum sem ég á sjálfur og verð að fara að grynnka á því þar sem ég er ekki ódauðlegur," segir Magni kíminn. ■



**MAGNI R. MAGNÚSSON** Segir búðarreksturinn vera orðinn ansi strembinn og þá sérstaklega desembermánuð, þegar verslunin þarf að vera opin í tólf tíma á dag.

Tilraunir, fríkað úti, baðferðir, allt fyrir aurinn, áskoranir, stjórnanir, vakningar og margt fleira með snillingunum Pétri, Audda og Sveppa. Fullt af áður ósýndu efni.

STRÁKARNIR Á DVD

Tryggðu þér eintak strax í næstu verslun

Síminn

sena



FRÉTTABLAÐIÐ
SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

Eldvarnarefni og reyklosun
ÍSLENZKA VERZLUNARFÉLAGIÐ
Askalind 5 • 201 Kópavogur • Sími 564 5500
Fax 564 5555 • isv@isv.is • www.isv.is



BAKÞANKAR

ÞORBJARGAR S. GUNNLAUGSDÓTTUR

# Reykjavík

Ég er alltaf að bíða eftir því að í umræðunni um skipulag í Reykjavík heyrist töfraorðið almenningsgarðar. Garðarnir sem við sjáum erlendis, þangað sem fólk kemur saman til að leika við börnin sín, hleypur og stundar útivist, situr með nesti í grænu grasinu eða situr einfaldlega á bekk og fylgist með mannlífinu.

**REYKJAVÍK** vantar þessa garða. Vöntunin er sérstaklega augljós yfir sumarmánuðina. Hvernig væri að skipuleggja borgina þannig að fólk geti verið meira úti með fjölskyldunni? Skipuleggja þannig að foreldar og börn geti verið saman á þægilegum útivistarsvæðum? Krakkar leikið sér og fullorðna fólkið setið í grasinu, lesið bók, keypt kaffi og fylgst með ungviðinu í rólegheitum. Staði þar sem hægt væri að leika sér eða slappa af, grilla eða kaupa sér ís. Fjölskyldugarðurinn er sennilega með vinsælli stöðum hjá barnafólki í höfuðborginni. Væri ekki ráð að fjölga fjölskyldugörðum, búa til færri og smærri garða víðar um borgina? Og hafa þá í íbúðarhverfunum þannig að þeir yrðu hluti af daglegri afþreyingu almennings?

**Í REYKJAVÍK** er aragrúi skemmtilegra kaffihúsa og veitingastaða. Minna er um veitingabása sem selja veitingar fyrir fólk sem vill sitja úti í náttúrunni. Kaffisala í Hljómskálagarðinum væri gráupplögð leið til að fylla garðinn lífi yfir sumarið. Með því að bæta aðstöðu barna þar og koma fyrir borðum og stólum yrði garðurinn um leið nytsamlegri. Á þjóðhátíðardaginn fyllist Hljómskálagarðurinn af fólki. Daginn eftir tæmist garðurinn aftur, enda ekki mikið við að vera. Á Austurvellli er árlega sett upp ljósmyndasýning. Einu sinni á ári verður Austurvöllur að miðpunkti. Væri ekki alveg eins hægt að hafa þar sýningar allt árið? Eða setja upp leiktæki yfir sumarmánuðina til að laða fjölskyldufólk að miðbænum?

**ERLENDIS** sér maður oft eldra fólk sitjandi úti á bekkjum að fylgjast með mannlífinu. Væri ekki tilvalið að byggja dvalarheimili aldraðra í námunda við grasagarða þannig að eldri borgarar eigi auðvelt með að komast út og sitja í fallegu umhverfi innan um annað fólk? Reyndar er umhugsunarvert hvort leikskólabörn eigi ekki að fá að njóta samvista við eldra fólk meira, hvort leikskólar mættu ekki vera nálægt bústöðum hinna eldri.

**SKIPULAGSUMRÆÐAN** má snúast um annað en umferðarmannvirki, samgöngur og stokka. Hún má líka fjalla um skemmtilegri og vinalegri borg.

Regnskógavinir með peningavit klippið hér
www.icelandexpress.is

METSÖLUBÓK?

Við hjá Iceland Express gætum skrifað heila bók um okkar lágu verð og ferðamöguleika en við viljum frekar setja upplýsingar okkar á Netið til að halda verðum í lágmarki. Ef þig langar út í heim skaltu kíkja á icelandexpress.is og þú sérð hvað við eigum við.




» Verð frá 7.995 kr.
aðra leið með sköttum.

Iceland Express
Fiton/SÍA
Ferðaþjónusta Iceland Express, Grímsbær, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

5 AF 7 BESTU VEGGSJÓNVÖRPUNUM FÁST HJÁ ORMSSON
Samkvæmt könnun Neytendasamtakanna og *ICRT.
*Óháð alþjóðleg heildarsamtök neytendasamtaka.
Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu



Pioneer
LOEWE.
SAMSUNG
SMÁRALIND Sími 530-2900
SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-280
ORMSSON
GERÐU KRÖFUR – VIÐ UPPFYLLUM ÞÆR